

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Þýðingafræði



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Úr einum í önnur

Tillaga að þýðingu í ljósi fémínískrar þýðingafræði

Ritgerð til M.A. prófs í þýðingafræði

Katrín Harðardóttir

Kt. 100979-4389

Leiðbeinendur: Marion Lerner og Kristín Guðrún Jónsdóttir

Október 2014

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| Inngangur..... | 3 |
| 1 Femínískar þýðingar..... | 6 |
| 1.1 <i>Afbyggingin og óþýðanleiki orða eða bara Babel.....</i> | 10 |
| 1.1.1 Meyjarhaft, skilafrestur og leikur í samhengi..... | 13 |
| 1.2 <i>Menningarlegu hvörfin.....</i> | 15 |
| 1.2.1 Hin ólíku sjónarmið innan kanadíska skólans | 19 |
| 1.2.2 Tvíeykið, kynferðislegur mismunur eða kvenskrif | 24 |
| 1.2.3 Askjan hennar Pandóru | 25 |
| 1.2.3.4 Þýðingar í stærra samhengi | 32 |
| 1.2.1.1 Flökkufræði | 36 |
| 1.2.1.2 Samtvinnun mismunabreyta..... | 39 |
| 2 Málvísindalegir kynjafordómar, merking eða form..... | 43 |
| 2.1 <i>Spænskar handbækur um kynjafordómalaust málfar</i> | 47 |
| 2.2 <i>Íslenska biblíuþýðingin.</i> | 51 |
| 2.3 <i>Eilítið um kynjakerfi vestrænnar málfræði</i> | 55 |
| 2.3.1 Tálmörk..... | 57 |
| 2.3.2 Formdeildin kyn í spænsku og íslensku. | 62 |
| 3 Lokaorð..... | 66 |
| Heimildaskrá | 68 |

Inngangur

Það er nokkuð öruggt að þýðingar eru jafn gamlar bókmenntunum, rétt eins og kvenkynið hlýtur að vera jafn gamalt karlkyninu, jafnvel þótt tungumálið virðist gefa annað í skyn. Mannkynssagan undirskipað bæði þýðingar og konur, þýðendur sem þjóna höfunda og konur sem þernur karla. Tungumálið sjálf ber merki þessa stigveldis, það má bæði lesa af orðaforða og málfræði, sem hefur óhjákvæmilega áhrif á sjálfsmynd þeirra sem nota tungumálið, heimsmynd þeirra og líf. Sú sem þetta skrifar hefur oft velt fyrir sér af hverju hún vísir í heiminn í karlkyni og af hverju hún tali um sjálfa sig sem mann. Ef ég er ekki eins og þeir, af hverju vísa ég alltaf í þá? Þessi ritgerð er því persónuleg að því leytinu til að um sjálfsprottar vangaveltur um tungumálið er að ræða.

Í femínískri þýðingafræði er gengið út frá því að sjálfsmyndir kvenna byggja á kynferðislegum mismun sem hvorki sést né heyrir í tungumálinu, heldur leynist þvert á móti á bak við ómarkaða kynið, sem er karlkynið. Jafnframt er innt eftir orsökum þess að þýðingar hafa verið kvengerðar og leitast eftir því að afbyggja hugtök sem gjaldfella konur og þýðingar til þess að kollvarpa þeirri valdabyggingu sem viðheldur ofangreindum tengingum. Þróun tungumáls sem gerir kynjunum jafn hátt undir höfði er forsenda þess að konum sé skapaður sýnilegur staður í veruleikanum og þá skiptir miklu máli sú áskorun sem felst í þeirri staðreynd að hugtakið „kona” er ekki lengur staðlað og einhlítt. Að sama skapi er hugtakið um „tryggð” endurhugsað í femínískum þýðingafræðum sem beina því hvorki að höfundi né lesanda heldur að þýðingaverkefningu sjálfu og samhengi þess. Áherslan er því ekki á fyrirframgefnar hugmyndir um algildi og þýðanleika heldur þá hugmyndafræði og menningarlegu þætti sem þýðandi stendur frammi fyrir.

Hér er ætlunin að skoða seinni tíma skilgreiningar á þýðingum annarsvegar og kynjakerfum málfræðinnar hinsvegar og fara kaflaheitin eftir samhengi umfjöllunarefnisins. Ritgerðinni er skipt í tvo hluta, í þeim fyrri verður greint frá kenningum úr femínískri þýðingafræði og í síðari hlutanum verður sjónum beint að þeim aðgerðum sem beitt hefur verið til þess að auka sýnileika konunnar í tungumálinu. Fyrri hluti ritgerðarinnar skiptist í tvo undirkafla. Í þeim fyrri, kafla 1.1, er afbyggingunni og hugmyndum Derrida um þýðingar gerð skil. Hann gerði sér grein fyrir því vandamáli sem þýðendur standa frammi fyrir, sem og kvenþýðendur, eins og kemur fram í ritgerð hans „Um turna Babel” (Jacques Derrida 2004:89). Með afbyggingunni gerði Derrida að engu þann mismun sem strúktúralistarnir sögðu vera á milli tákmyndar og tákniðs en í ritgerðinni gagnrýnir hann Roman Jacobson, einn helsta kenningasmið

strúktúralistanna, auk þess að gefa hugmynd Walters Benjamin um Babel og framhaldslíf texta byr undir báða vængi. Í 1.1.1 verður athygli beint að meyarhafti Derrida. Einnig verða hugtökunum ‚skilafresti‘ (fr. *différance*) og ‚tvíböndum‘ (e. *double bind*) gerð skil, sem og hlutverki mismunarins í þýðingum. Í kafla 1.2 verður sjónum beint að menningarlegum hvörfum innan hugvísindanna en fyrir tilstuðlan afbyggingarinnar er nú litið til þess samhengis er orðræða kemur úr en ekki einungis til málvísindalegra hliða tungumála. Kaflinn skiptist í fjóra undirkafla. Í þeim fyrsta verður greint frá kanadíska skólanum svokallaða og hugmyndum bæði kanadískra og bandarískra femínista um tungumálið. Femínisminn smaug inn í málvísindin í Bandaríkjunum undir lok sjöunda áratugarins með auknum rannsóknum innan stofnana, stjórnsýslu og háskóla. Fljótlega kvísluðust rannsóknir í femínísk málvísindi, sem kanna kynjafordóma og gildishlaðnar yfirlýsingar feðraveldisins, og félagsmálvísindi, sem skoða mismunandi talsmáta kynjanna. Fyrri greinin verður hér til umfjöllunar. Það voru konur er tilheyrðu kanadíska skólanum sem þýddu fyrstu verk frönskumælandi tvíeykisins Luce Irigaray og Juliu Kristeva en hugmyndir þeirra um sjálfsveruna verða reifaðar í kafla 1.2.2. Þrátt fyrir að Derrida hafi lagt sitt af mörkum til mismunarfemínismans sem er hér til umfjöllunar er hann alls ekki undanþeginn gagnrýni. Í kafla 1.2.3 verður goðsögunni af Pandóru teflt gegn Babel og hún sett í samband við þýðingarferlið. Í kafla 1.2.4 verða þýðingar skoðaðar í siðferðilegu samhengi. Því verður sótt til menningar- og eftirlendufræðanna og hugmyndir Lawrence Venuti um hneyksli þýðinga, Homis K. Bhabha um „þriðja rýmið“ og Gayatriar C. Spivak um stjórnsmál þýðinga tengdar við hugmyndir Spivak og Judithar Butler um kynferðislegan mismun og strategíska eðlishyggju. Flökkufræði er íslenskun á „Nomadic theory“ en hana sækir Rosi Braidotti til Gillesar Deleuze til þess að lýsa kortlagningu nútímans. Í kaflanum 1.2.4.1 verða hugmyndum Braidotti um hina verðandi konu og „staðsetningarpólitík“ gerð skil. Þær kallast á við það sem á íslensku hefur verið nefnt samtíðinn mismunabreyta (e. *intersectionality*), hugtak úr ranni afróamerískra femínista sem nýtist til þess að lýsa því hvernig ólíkar upplifanir skarast á milli minnihlutahópa.

Með þetta bakland er ætlunin að greina deilur sem áttu sér stað á Spáni vegna handbóka um kynjafordómalaust málfar innan stofnana, en um hana er hægt að lesa í kafla 2.1. Í kafla 2.2 verður skoðuð deila sem spratt upp á Íslandi í kjölfar útgáfu nýrrar biblíuþýðingar þar sem tekið var tillit til kvenlesenda hennar með viðmiðum Kvennakirkjunnar eða „Máli beggja kynja“. Deilurnar verða bornar saman en við fyrstu

sýn virðist það eina sem tengir þær vera þau rök sem fylgjendur hefðbundinnar málfræði nota, þ.e. að kerfið byggi á hefð, sé gamalt og rótgróið og að þess vegna megi ekki aðlaga það nútímanum. Litlu máli virðist skipta að ýmislegt bendi til þess að sama kerfi stuðli að ójöfnuði kynjanna og hindri jafnan aðgang þeirra að menningarlegu samhengi, samhengi sem konum hefur verið meinaður aðgangur að öldum saman. Til þess að varpa ljósi á ofangreinda ágreininga reynist nauðsynlegt að gefa svolitla sýn yfir kynjakerfi tungumálanna, sem bjóða upp á mismunandi túlkanir þegar kemur að skilningi málnotenda. Í kafla 2.3 verður litið yfir rætur evrópskra kynjakerfa. Hér verður þó ekki kafað djúpt undir yfirborð málvísindanna heldur aðeins greint frá þeim atriðum kerfisins sem helst koma við sögu við í þýðingum málfræðilegra kynja og sýnileika kvenna, þ. e. ómarkaða kyninu og áhrifum þess á persónufornöfn og starfsheiti. Í kafla 2.3.1 verður fjallað um tálmrök en það er þýðing mín á hugtakinu „pseudo-genérico“ sem spænska fræðikonan María Márquez notar til þess að lýsa misnotkun ómarkaða kynsins. Í kafla 2.3.2 verður gerð grein fyrir sameiginlegum þáttum er einkenna spænsks og íslensks kynjakerfis sem og mismuni þeirra. Í lokaorðum kemur fram tillaga að þýðingum málfræðilegra kynja frá spænsku yfir á íslensku.

Það er forvitnilegt að Roman Jacobson lýkur ritgerð sinni „Um málvísindalegar hliðar þýðinga“ á því að taka dæmi um málfræðileg kyn í slavneskum tungum, en kynjaflokkunin er undanþegin reglu hans um þýðanleika, því hún heyrir undir leik, drauma og töfra, eða það sem hann kallar „hversdagslegar goðsagnir tungunnar“ (Roman Jacobson 2010:118). Hann segir merkingarlegt vægi málfræðilegra flokka vega þungt og að við þær aðstæður verði þýðingar að öllu leyti flóknari og umdeildari, en það eru einmitt þessar aðstæður sem eru hér til umfjöllunar, nánar tiltekið málfræðilega formdeildin (e. category) kyn. Því er nauðsynlegt að skoða hugtakið kyn og útiloka allan vafa um greinarmuninn á kynferði og kyngervi og málfræðilegu kyni og líffræðilegu kyni. Kyn er mögulega dularfyllsta málfræðilega formdeildin enda gegnir það afar fjölbreyttu hlutverki eftir því hvaða tungumál er um að ræða. Tungumál hafa yfirleitt tvö eða fleiri kyn sem oft endurpegla raunverulegan mismun kynja, en þó ekki alltaf. Enska orðið ‚gender‘ kemur úr latnesku ‚genus‘, og þýddi upprunalega ‚tegund‘ eða ‚gerð‘, og ‚kyn‘ á íslensku. Orðið er ekki aðeins notað fyrir flokk nafnorða heldur einnig fyrir alla formdeildina og af þeim sökum er sagt að tiltekið tungumál hafi þrjú kyn, karlkyn, kvenkyn og hvorugkyn, en jafnframt að tungumál hafi formdeildina kyn (Corbett 1991:1). Tungumál eru oftast flokkuð eftir því hvort þau hafi málfræðilegt kyn eða ekki

og fer flokkunin eftir samkomulagi, eða því hvort orð beygjast saman. Málfræðingar eru ekki á eitt sáttir um mikilvægi samkomulagsins (Uwe Kjer Nissen 2002, Marlis Hellinger; Hadumod Bußmann 2002) en nánar verður vikið að því í seinni hluta ritgerðar. Málfræðilegt kyn „er það kyn sem ákveðin orð hafa í málvitund fólks”, og líffræðilegt kyn, sem stundum er kallað raunkyn, er kyn sem vísað er í (Guðrún Kvaran 2002). Enda má benda á að „[k]ynhugtakið er ekki lengur bundið við líffræðilegt kyn, heldur er það líka skoðað út frá menningarlegu og félagslegu sjónarhorni”, þ. e. hvernig kyn og kyngervi „tengjast valdabaráttu kynjanna og virðingarstöðum í þjóðfélaginu” (Þorgerður Einarsdóttir 2004:204). Raunkyn vísar því til kynferðis viðkomandi, en kyngervi er „notað um þá menningarbundnu merkingu sem samfélagið leggur í hið líffræðilega kyn, það er væntingar um karlmennsku og kvenleika“ (Þorgerður Þorvaldsdóttir 2000).

Tilgangur þessa fræðilega ferðalags er að athuga hvernig rannsóknir á málvísindalegum kynjafordómum geta hjálpað til við þýðingar. Að auki eru einkenni ofangreindra deilna skoðuð í samhengi við hugmyndir femínista um kynferðislegan mismun. Þar eð umræddur sýnileiki einskorðast ekki við ákveðna gerð af textum er engin sérstök áhersla lögð á eina gerð þýðinga umfram aðrar, heldur er hér um almenna nálgun að ræða. Hún felst í því að lítið er á tungumálið fyrst og fremst sem tæki til samskipta, og því er tilvísun persónufornafna veitt sérstök athygli en með þeim mætti hugsanlega stíga fyrstu skref í átt til þess að auka sýnileika kvenna í tungumálinu.

1 Femínískar þýðingar

Rétt eins og biblíutúlkendur þá ógna þýðendur hefðbundnu skipulagi, enda sýnir sagan að þýðing og vald hafa oft brugðið *sverðum*. Þýðing sem femínísk aðferð gerir svo samkvæmt skilgreiningu.¹

Susanne de Lotbinière-Harwood

Eins og tilvitnunin hér að ofan gefur til kynna verður leitað til Quebec með kanadíska skólann svokallaða fremstan í flokki en þar átti sér stað gróskumikið þýðingarstarf á áttunda áratug síðustu aldar. Hreyfingin sem hefur verið kennd við kvenskrif sækir til fræðikvenna sem höfðu gagnvirk áhrif á Derrida, þeirra Juliu Kristeva sem áður var

¹ Like the interpreters of the Bible, translators can pose a threat to the established order so, historically translation has often crossed *swords* with power. Translation as a feminist practice does so by definition (Susanne Lotbinière-Harwood 1991:98).

minnst á, og Luce Irigaray. Þær höfðu bein áhrif á hugmyndir í femínískum þýðingafræðum þar sem sjónum er beint að kynferðislegum mismun (e. sexual difference) og birtingarmyndum feðraveldisins, sér í lagi hvernig hugmyndir um uppruna og eftirlíkingu eru tengdar hugmyndum um það karllæga og það kvenlæga (Sherry Simon 1996:88). Af þessum sökum verða myndlíkingar teknar til skoðunar þar sem meðvituð kynjanotkun í þýðingafræði innir eftir tengingum á milli staðlaðra ímynda og málvísindalegra forma, sem og tungumálapólitíkur og menningarlegs mismunar. Rýnt verður í það hvernig umræddar staðalímyndir styrkja og viðhalda hefðbundnum viðhorfum til kynjanna, sem og gagnrýni femínista á hugmyndir Derrida um uppruna tungumálsins.

Derrida greinir stöðu konunnar í kapítalísku samfélagi í ljósi æxlunar en sú staða undirskipar konuna karlinum eins og Garðar Baldvinson, þýðandi *Spora, stílar Nietzsche*, kemst að orði (Garðar Baldvinsson 2003:11). Hér er ekki um að ræða greiningu út frá hagkerfi eða hagrænni framleiðslu, heldur út frá vestrænni frumspeki sem var, og er reyndar enn, gegnsýrð rökum tvíhyggjunnar sem flokka veruleikann eftir andstaðum, líkt og efni og andi, maður og kona, við og hinir, mál og skrift, uppruni og eftirlíking og síðast en ekki síst, tákmynd og táknið. Þessi tvígreining veldur stigveldishugsun sem skipar öðru hugtakinu í parinu ofar hinu (Vigilio Moya 2004: 170). Í greininni „Formgerð, tákni og leikur í orðræðu mannvísindanna“ gerði Derrida tilraun til þess að grafa undan þessum pörum og má út mörkin á milli þeirra svo ekki mætti lengur greina hvort væri hvað, og koma þannig upp um rökmiðjuhyggju vestrænnar hugmyndafræði. Hann gagnrýndi forræðishyggju heimspekinnar gagnvart skáldskapnum og beitti í greiningu sinni einskonar nærlestri á texta og merkingu hans. Derrida hafnaði skilningi rökmiðjuhyggjunnar þar sem merkingin fólst í „milliliðalaus sambandi tungumáls/hugsunar við „veruleikann“ í anda skynsemishyggju“, og sagði að merking væri það sem gerðist eða væri „á milli“, byggði á mismun og hinu „óröðna“, eða því sem gæti komið og átt sér stað“ (Irma Erlingsdóttir 2010:55).

Gagnrýni Derrida og póststrúktúralistanna fólst í því að hafna Sannleikanum og sýna fram á að allur texti væri háður leik. Að Sannleikurinn, Uppruninn og Merkingin færðust stöðugt undan í leik tungumálsins svo táknið skryppi undan tákmynd sinni og kæmi þannig í veg fyrir að Táknið fullkomnist í endanlegri merkingu (Irma Erlingsdóttir 2010:59). Formin sem reist höfðu verið með tvíhyggjuna að vopni voru afbyggð með spurningum eins og þeim sem Edwin Gentzler nefnir undir lok síðustu aldar:

Hvað ef við stingum upp á að án þýðinga væri upprunatextinn ekki til, að það sé undir gæðum þýðingar textans komið að hann lifi af, en ekki þeim gæðum sem upprunalegi textinn bjó yfir? (...). Hvað var á *undan* uppruninum? Hugmynd? Form? Hlutur? Ekkert? Er hægt að hugsa á frum-uppruna-, frum-verufræðilegum forsendum?²

Í þessum fyrri hluta ritgerðarinnar verða afbyggingu Derrida gerð skil ásamt hugtökum úr smiðju hans, en hafa skal í huga að það sem felst í því að taka hluti í sundur, að afbyggja, er „hvorki afturhvarf í einfalt frumefni, né heldur órjúfanlegan uppruna“ (Jacques Derrida 1988:3). Dæmi um það er að þegar Derrida grefur undan tvíhyggju vestrænnar frumspeki þá rengir hann einnig eðli karls og konu, eða eins og Garðar Baldvinsson kemst að orði, þá veldur þessi efi því „að hugtakið „kyn“ kemst á flot og verður „öðruvísi“. Jafnframt segir hann að afbygging hugtakanna karls og konu leiði til algerrar endurtúlkunar „á þeim og merkingu þeirra svo að við þykjumst hugsa á allt annan hátt en áður um mann og konu, um kynhneigð og þrá, þykjumst jafnvel fá allt aðrar hugmyndir um allt sem lýtur að kynhneigð, kynferði og þrá“ (Garðar Baldvinsson 2003:12).

Femínískir þýðingafræðingar hafa margir hverjir tekið aðferðum hans opnum örmum þó vissulega sé það ekki algilt. Með kenningum femínískrar þýðingafræði og femínískra málvísinda er leitast við að skoða og gagnrýna hvernig bæði konur og þýðingar eru undirskipaðar. Í femínískum málvísindum gegnir sú hugmynd aðalhlutverki að fólk mótist á mismunandi hátt í gegnum tungumálið og um leið réttlætir þessi hugmynd þá skoðun að vert sé að breyta tungumálinu fyrir samfélagslegar úrbætur. Ef kyn er félags- og menningarlega mótað fyrirbæri sem lærist með tungumáli, gefur augaleið að ef við endurhugsum hugtakið aukast möguleikarnir á fleiri og jafnvel betri samskiptaleiðum, þar sem allri flóru mannkyns verða gerð skil. Femínísk þýðingafræði beinir augum að þessu sambandi tungumála við kynin og sér í lagi hvernig þýðingafræðin sjálf hefur verið kynjuð, með tilliti til orðræðu vestrænnar frumspeki og undirskipunar þýðinga og kvenna. Leitast hefur verið eftir því að breyta þessu viðhorfi og færa klisjukennt líkingamál orðræðunnar úr lagi. Innt er eftir annarskonar sjónarhorni en út frá hinni hlutlægu frásögn (e. representational), með það fyrir augum að lýsa og skilja þá gjörninga sem eiga sér stað í þýðingarferlinu. Þannig endurskoðar femínísk

² What if one suggested that, without translation, the original text ceased to exist, that the very survival of the original depends not on any particular quality it contains, but upon those qualities that its translation contains? (...). What exists *before* the original? An idea? A form? A thing? Nothing? Can we think in terms of pre-original, pre-ontological conditions? (Edwin Gentzler 1993:145).

þýðingafræði hina ævafornu hugmynd um tryggð í þýðingum, því tryggðin er ekki lengur gagnvart höfundu eða lesanda, heldur verkefninu sjálfu, verkefni sem bæði höfundur og lesandi taka þátt í (Simon 1996:2).

Femínísk fræði undirstrika mikilvægi menningarlegs samhengis þeirrar orðræðu sem þýðingar spretta úr (Luise von Flotow 1997:14), en með menningarlegu hvörfunum á tíunda áratug síðustu aldar kom fram ein helsta gagnrýnin á formlegt og áhrifajafngildi³. Innan þýðingafræðanna eru hvörfin yfirleitt tileinkuð Susan Bassnett, André Lefevere og Lawrence Venuti. Lefevere iðkaði það sem kallað hefur verið „tilfærslu- eða hagræðingarskólinn“, sem er grein innan lýsandi þýðingafræði (e. descriptive translation studies). Forsprakki hennar var James Holmes, höfundur greinarinnar og stefnuyfirlýsingarinnar „The Name and Nature of Translation Studies“, enda hefur nafngift fræðanna verið eignuð honum (Gauti Kristmannsson 2013:7). Um það leyti sem Holmes vann að grein sinni voru ísraelsku fræðimennirnir Gideon Toury og Itamar Even-Zohar að vinna að fjölkerfiskeningunni (e. polysystem theory) og lýsandi aðferðum þar sem áhersla er lögð á marktöxtann og virkni þýðingarinnar í markmenningu. Með því að bæta menningunni við vill Toury meina að taka þurfi tillit til félagslega samhengisins og þar með talið þær venjur, hefðir, hugmyndafræði og gildi sem til staðar eru í markmáli. Með Bassnett og Lefevere tekur hugtakið „menningarleg hvörf“ á sig mynd enda hverfa þau með öllu frá málvísindalegri nálgun og jafngildinu og fara frá „textanum“ að „menningunni“ (Mary Snell-Hornby 2006:50).

Þótt hér sé um tvær ólíkar greinar innan hugvísindanna að ræða kljást bæði eftirlendu- og þýðingafræðin við sömu vandamál. Innan eftirlendufræða er sambandið á milli uppruna og eftirlíkingar einnig afbyggt og að sama skapi sú þýðing sem á sér stað á milli menningarheima. Rétt eins og í þýðingafræði er hugtakið tryggð endurhugsað því um er að ræða blöndun (e. hybridization) sjálfsmýnda og menninga. Homi K. Bhabha og Gayatri C. Spivak eru höfundar lykiltæxta eftirlendufræðanna og verður leitað til þeirra til þess að varpa ljósi á hlutverk þýðinga í samtímanum í ljósi þess sem er „á-milli“. Spivak leggur til „strategíska eðlishyggju“ í miðlun á milli kynferðislega mismunandi sjálfsmýnda. Sjálfsmýndin er einnig hugleikin Judith Butler sem svo að segja losaði konur úr „stöðluðum lífstykkjum sjálfsmýndarinnar“ þegar hún lagði til að sjálfsmýnd

³ Eugene A. Nida kom þýðingafræðinni á legg þegar hann fékk að láni hugtök frá boðskiptafræði og setti fram kenningar um formlegt jafngildi og áhrifajafngildi. Fyrirnefnda kenningin leggur áherslu á trúnað við orðaforða og málfræði frumtæxta á meðan sú síðarnefnda byggir á eðlilegri framsetningu svo marktæxti sé vel læsilegur (Ástráður Eysteinnsson 1996:90).

væri byggð af ráðandi orðræðu og þar af leiðandi breytileg og opin fyrir ýmsum áhrifum, þar á meðal menningarlegum (Alvira Nuria Brufau 2009:475). Rosi Braidotti kallar eftir pólitískri lýsingu á sjálfsmyndinni til þess að komast yfir takmarkanir tvíhyggjunnar. Hugmyndir hennar um kortlagningu „valdastaðsetninga” vísa í krossgötur Crenshaw sem minnst var á í inngangi. Spænski þýðingafræðingurinn Alvira Nuria Brufau leggur til í doktorsritgerð sinni að „samtvinnun mismunabreyta” sé bætt inn í jöfnu strategískrar eðlishyggju til þess að auka skilning á sjálfsmyndinni. Til þess að ákvarða staðsetningu þýðanda sækir hún til hugmynda Maríu Tymoczko um rýmið sem er „á-milli”. Samkvæmt Tymoczko fer sú hugmynd ekki saman við þá sýn að tungumál séu hefðbundin kerfi sem hægt er að draga merkingu af, heldur dragi frekar dóm af platónskum hugmyndum 19. aldar þegar tilvera merkinga var talin ofar tungumálinu. Þessi skilningur á sambandi tungumáls og menningar tákngerist í hugmyndinni um Babelsturninn sem Derrida lagði til við að afbyggja.

1.1 Afbyggingin og óþýðanleiki orða eða bara Babel

(og spurningin um afbygginguna er að öllu jöfnu spurningin um þýðingu, og um hugtakamál, um gervalla hugtakanotkun svokallaðrar „vestrænnar“ frumspeki)⁴.

Gagnrýni femínískra þýðingafræðinga á Derrida snýst meðal annars um hugmyndir hans um tvíbönd (e. double bind) og skilafrest (fr. differance) sem hér verða útskýrðar. Fyrst verður afbyggingunni gerð skil, ásamt því hvað búi að baki verkefni þýðandans. Derrida gerir að engu mismun tákmyndar og tákniðs því með afbyggingunni fellur aðgreiningin þar á milli um sjálfa sig.

Derrida skrifaði vini sínum bréf í byrjun 9. áratugar 20. aldar, hinum japanska prófessor Izutsu, þar sem hann svarar spurningu hans um hvað sé afbygging, en Izutsu glímdi við að þýða orðið á japönsku. Derrida svaraði með þeim fyrirvara að jafnvel á hans eigin máli væri merking orðsins hvorki skýr né ótvíræð. Hann stakk upp á því að nota útilokunaraðferðina við mögulega útskýringu orðsins, þar sem þeir vinirnir vildu forðast neikvæðar merkingar og tengingar. Orðabókarskýringar gáfu aðeins í skyn

⁴ (and the question of deconstruction is also through and through the question of translation, and of the language of concepts, of the conceptual corpus of the so-called „western” metaphysics) (Jacques Derrida 1988:1).

tengingu við það sem hann „vill meina“ (fr. *voulais-direz*), þær snertu aðeins mólél eða svæði merkinga og ekki heild þess sem sóst var eftir með afbyggingu.

Það sem afbyggingin gerir takmarkast hvorki við málvísinda- eða málfræðileg mólél, né heldur merkingarleg mólél, hvað þá mekanísk mólél. Derrida sagði að þessi mólél ættu

„sjálf að gangast undir yfirheyrslu afbyggingarinnar (e. *deconstructive questioning*) því þau væru oft sjálf ástæða þessa misskilnings sem orðið ylli þegar það væri smættað (e. *reduce*) í umrædd mólél“.⁵

Derrida segir í bréfinu að afbygging eigi sér stað. „Afbygging væntir ekki íhugunar, meðvitundar eða flokkunar viðfangs eða nútímans, heldur af-byggir hún/það sig“. „Það“ er hér ekki ópersónulegur hlutur sem er í andstæðu við líffræðilegt viðfang. Afturbeygða fornafrnið „sig“ á ekki við ákveðna sjálfsmýnd (e. *ego*) eða meðvitund, heldur felur í sér alla ráðgátuna. Derrida vitnar í Walter Benjamin og segist hér auka á erfiðleika þá sem felist í verkefni þýðandans en það, segir hann, er einnig það sem felst í því að „afbyggja“ (Sama:4). Benjamin hafði afgerandi áhrif á Derrida sem skrifaði greinina „Um turna Babel“, en þar fjallar hann um ritgerðir þess fyrrnefnda um tungumál og þýðingar. Í grein sinni gefur hann hugmynd Benjamins um framhaldslíf texta sitt eigið framhaldslíf með því að undirstrika „hugsanlega skuld þýðandans við verkefni sitt og frjómagm það sem í þýðingunni felst“ (Gauti Kristmannsson 2004:167). Frjómagmið er það sem gefur textanum framhaldslíf, textinn er þannig afkomandi þýðandans og án „samræðis“ deyr textinn. Í þýðingu Gauta Kristmannsonar er þýðandinn ekki skuldbundinn viðtakandi heldur eru „tengslin eða skuldbindingin [...] ekki milli gefanda og þiggjanda heldur á milli tveggja texta (tveggja „afurða“ eða tveggja „sköpunarverka“)“. Hann bendir á að með þessum hætti öðlist tungumál og verk sjálfstætt líf, allt að því guðlegt og bætir við að málið sé „ákaflega óljóst“, allt að því „mystískt“ (Gauti Kristmannsson 2004:167) Mystíkin á rætur að rekja til Babel og vangaveltna Derrida um uppruna og tilurð þessa orðs, sem hann tekur fyrir í umræðu um margræðni og óþýðanleika tungumálsins. Derrida segir: Í fyrsta lagi: á hvaða tungu var Babelsturninn byggður og afbyggður? Á tungu þar sem sérheitið Babel mátti, fyrir rugling, einnig þýða með

⁵These models themselves ought to be submitted to a deconstructive questioning. It is true then that these ‚models‘ have been behind a number of misunderstandings about the concept and word of ‚deconstruction‘ because of the temptation to reduce it to these models (Jacques Derrida 1988:2).

„ruglingur“. Heitið Babel ætti, sem sérnafn, að vera óþýðanlegt en fyrir einskonar rugling hugrenningatengsla sem aðeins var mögulegur í einu tungumáli var hægt að halda að maður þýddi það, á þessu sama máli, með nafnorði sem merkir það sem við þýðum sem ruglingur (Jacques Derrida 2004: 182).

Hann vitnar í Voltaire sem veltir fyrir sér í *Dictionnaire philosophique* af hverju því sé haldið fram í Sköpunarsögunni að Babel merki ruglingur því í raun þýði orðið Borg Guðs, borgin helga. Samkvæmt Derrida er orðið þá ekki einungis óþýðanlegt sérheiti, „vísun hreinnar táknmyndar til einstakrar verundar, heldur einnig almennt nafnorð sem lýtur hinni almennu reglu um merkingu“. Með því að gefa borginni nafn sitt, sleppir hann lausum glundroðanum sem upphefst með falli turnsins og með afbyggingu hans verður Guð „þannig upphaf málsins og það vald væri með réttu Guðs föðurins. (Og nafn Guðs föðurins væri nafnið á þessu upphafi tungnanna.) (...) Þetta er einnig upphaf tungumálanna, margbreytni þjóðtungnanna, með öðrum orðum þess sem almennt kallast móðurmál“ (Jacques Derrida 2004:183). Hugmyndir Derrida snúast því um uppruna tungumálsins, skuldina sem mannkynið stendur uppi með eftir að hafa étið hinn forboðna ávöxt og öðlast skilning, skilning sem er grundvöllur erfðasyndarinnar og um leið sjálf undirstaða Babelsturnsins (Gauti Kristmannsson 2004:166). Þýðingin og óþýðanleiki orðsins Babel verður jafnframt að lögmáli sem Derrida kallar „hina babelsku virkni“ sem tengist hvorki ótryggð né undirskipun segir hann þýðinguna stjórnast af tvíböndum (e. double bind)⁶ sem felast í táknmyndinni „Babel“. (Arka Chattopadhyay 2010:2)

Derrida þýðir þýðingu á öðrum texta sem fjallar um þýðingu, það er þýðingu Maurice de Gandillac á ritgerð Benjamins. Afraksturinn er í formi gagnrýni á Jacobson og strúktúralismann⁷. Derrida setur fram sína eigin greiningu sem kallast á við þrígreiningu Jacobsons:

1. Verkefni þýðandans sprettur ekki af viðtöku.

⁶Hugtakið fær Derrida að láni frá Uppeldis- og sálarfræði þar sem það stendur fyrir óákveðni einstaklings sem hlýtur andstæð hlutverk og getur hvorki ráðið fram úr mótsögninni né umflúið vandann.

⁷Rússneski strúktúralistinn Romans Jacobson sagði aðalvanda tungumála vera að „þrátt fyrir mismun [þeirra] væru þau alls ekki andstæður, heldur fyllilega sambærileg málkerfi sem fyrir tilviljun eru mismunandi“ (Gauti Kristmannsson 2004:164). Samkvæmt honum gegna málkerfin sama hlutverki og búa yfir sambærilegri getu í miðlun upplýsinga, sem gerir það að verkum að þrátt fyrir mismun þeirra eru þýðingar mögulegar (Sama:164). Í greininni „Um málvisindalegar hliðar þýðinga“ leitaðist Jacobson eftir því að víkka út þýðingarhugtakið með því að bæta við þýðingu innan tungumála og á milli táknkerfa. Hann vildi sýna fram á að tungumál búi ekki aðeins yfir endalausum málfræðilegum leiðum til þess að þýða á milli þeirra, heldur krefjist þau þýðingar.

2. Megintilgangur þýðinga er ekki að miðla.
3. Þýðing er hvorki mynd né afrit. (Gauti Kristmannson 2004:167)

Í stað þess að flytja ákveðið innihald og miðla merkingu á milli mála, tekst þýðandi á við „að *endur-marka* venslin á milli tungumálanna, að sýna sinn eigin möguleika“ (Jacques Derrida 2004:96). Samkvæmt þessu leitast þýðandinn hvorki við að endurgera né „skapa eftirmynd af frumtextanum“ heldur vex hann með þýðingunni, „fullgerist í henni og stækkar *úr því*“ (Sama:97). Að sama skapi felst frelsun þýðandans í verkefni hans, hann þýðir til þess að losna undan skuld sinni. Derrida leiðir líkum að því að frelsunin gangi út á að fara yfir mörk tungumálsins og umbreyta því, teygja það og stækka, „láta málið vaxa“ (Sama:98). Þannig felst „verkefni þýðandans“ í umbreytingum þeim er eiga sér stað á móðurmáli hans og er það sem Derrida kallar þýðingasamning, öðru nafni heitbindingu eða hjúskaparsamning.

1.1.1 Meyjarhaft, skilafrestur og leikur í samhengi

Lögmálið um þýðingasamninginn ber með sér hugmyndina um þýðandann sem lifandi móður og þýðinguna sem fóstrið, eða hugarfóstur. Þýðingafærið er þá áður nefnt samræði karls og konu, getnaðurinn þar sem skrifin eiga sér stað, handan meyarhaftsins. Garðar Baldvinsson bendir á að Derrida geri meyarhaftið að samheiti fyrir samninga og lög og segir ennfremur að með því tengi hann það við grundvallarhugtök fallógosentrískrar siðmenningar, þar á meðal hjónabandið. Meyjarhaftið er ennfremur tákn um að konan sé óspjölluð og með rofi þess verður samningsbrot sem er jafnframt rof og staðfesting samfélagssáttmálans. Haftið og rofið bindur saman menningu og náttúru á sama tíma og hugsun og menning verða óhugsandi án líkama og náttúru, „heldur sprett[ur] hið fyrra upp af því síðarnefnda“ (Garðar Baldvinsson 2003:22).

Með því að leiða hugtök feðraveldisins saman í eina sæng vill Derrida grafa undan tvenndarparskerfinu þar sem tengsl á milli andstæðna eru talin óhugsandi. Fyrir honum er meyarhaftið einmitt sá staður þar sem mörk tungumálsins takast á (Villanueva 2010:90), og finna má nýyrðið skilafrest (fr. *différance*). Björn Þorsteinsson segir hugtakið eitt það mikilvægasta sem Derrida mótaði og að það vísi „í senn til flæðis tíma, framleiðslu mismunar og uppsprettu ólíkra túlkana.“ Hann segir að í skilafresti felist að „viðleitnin til þess að festa hendur á veruleikanum í skynjun, tungumáli eða táknkerfum sé aldrei að fullu lokið“ (Björn Þorsteinsson 2011).

Það var á grundvelli skilafrests sem Derrida mótaði afbygginguna sem eins og fyrrnefnda einkennist af og nærast á ákveðinni tvíræðni. Franska orðið er samsett úr sögninni ‚différer‘ sem kemur úr latínu og merkir að fresta e-u um tíma og að vera ólíkt í rými, en einnig að greina á um eitthvað. Derrida breytir einum staf, ‚différence‘ verður að ‚différance‘, breyting sem ekki heyrir á mæltu máli en hvetur lesanda til þess að hugsa um getu tungumálsins og út fyrir mörk þess (Edwin Gentzler 1993:158). Merking orðsins er því margræð og býður upp á að leikið sé með tungumálið um leið og það brýtur upp tvígreiningu Saussure. Derrida sagði Saussure vera þann hugsuð sem fyrst og fremst staðsetti tilfallandi (e. arbitrary) merkingu og mismun (e. differential) táknsins sem grundvöll almennrar táknafræði, og þá sérstaklega málvísindanna (Jacques Derrida 1982:10). Í viðtali við Juliu Kristeva sem birtist fyrst árið 1968 gagnrýnir hann þessar hugmyndir Saussures, aftengingu orðs og hljóðs, og segir samlíkingu á andstæðunum táknafræði og táknafræði við andstæðurnar hugur og líkami óviðeigandi, sem og aðgreininguna þar á milli, því hún gefi færi á hugmynd sem er í engu sambandi við tungumálið, hugtak sem tákni aðeins sjálft sig (e. a concept signified in and of itself) (Jacques Derrida 1981:19). Á þennan hátt fellur Saussure í gryfju klassísku kröfunnar sem Derrida kallar „yfirskilvitlega táknafræði“, og vísar ekki í sjálfu sér í neina táknafræði, heldur missir marks, geigar táknafræðjuna svo að segja, og gegnir þar af leiðandi ekki lengur hlutverki sínu (Jacques Derrida 1981:19). Öllu heldur segir hann að um leið og möguleikanum á því að táknafræði geti einnig staðið fyrir táknafræði sé haldið opnum, verður aðgreiningin að grunnvandamáli. Til þess að takast á við þetta vandamál og til þess að komast hjá yfirskilvitlega táknafræðinu, því utanaðkomandi og uppáþrengjandi hugtaki, þarf að afbyggja frumspekisöguna og setja hana í samhengi við tungumál, menningu og hugsanakerfi okkar. Aukinheldur vill hann ekki að hugtökunum sé einfaldlega ruglað saman eftir því hvernig blæs, því mismunur þeirra sé hvorki róttækur né altækur, heldur mögulegur í mjög víðum skilningi. Derrida nefnir þýðingar sem gott dæmi um mismuninn, því þær væru ekki framkvæmanlegar án hans. Hann segir „þýðingar iðkaðar á mörkum þess mögulega, eða þess sem sýnist möguleg mörk, mismunar táknafræðis og táknafræðar“.⁸ Þar af leiðir að vegna óþýðanleikans er flutningur táknafræða á milli mála aldrei óspjallaður og hreinn. Óþýðanleikinn eða hin babelska virkni sem er hér að störfum, þessi endalaus viðleitni, vensl tungumála og leikurinn

⁸ „In the limits to which it is possible, or at least appears to be possible, translation practices the difference between signified and signifier.” (Derrida 1981:20)

sem felst í þýðingasamningnum hefur enga upphaflega, hreina merkingu. Miklu heldur gefur þýðingin færi á að „kynnast fjölbreytileika tungumála og merkinga, mörk á milli mála koma í ljós og spor eldri merkinga verða sýnileg, lifa áfram” (Edwin Gentzler 1993:166).

Segja má að þýðingasamningur Derrida hafi rutt leið fyrir annarskonar sýn á tungumálið, því nú er ekki einungis litið á málvísindalegar hliðar málsins né heldur einstaka texta, heldur sjónum beint að því samhengi sem tiltekin orðræða sprettur úr, þ.e. menningunni.

1.2 Menningarlegu hvörfin

Rithöfundur skrifar ekki bara í tómarúmi: hann eða hún er afurð tiltekinnar menningar, tiltekins andartaks, og skrifin endurspeglar ákveðna þætti svo sem kynþátt, kyngervi, aldur, stétt og fæðingarstað, auk stílrænna og einstaklingsbundinna sérkenna einstaklingsins. (Susan Bassnett 1998:136)

Þetta skrifar Susan Bassnett í bók sinni *Constructing cultures*, þar sem hún færir rök fyrir þeim menningarlegu þáttum sem hafa áhrif á þýðingarferlið. Hún leitar í brunn eftirlendufræða enda hefur nýlendunni verið líkt við eftirlíkingu upprunalega heimalandsins. Með því að ögra hugmyndinni um uppruna og eftirlíkingu, ásamt þeim ályktunum sem eru dregnar af þeirri ögrun, er um leið Evrópuhverfðri heimssýn storkað (Susan Bassnett 1998:129).

Þegar þýðingafræðin beindi augum að menningunni var ekki lengur spurt hvort þýðing væri „góð“ eða „vond“ eða „hvað væri rétt þýðing?“ (Gauti Kristmannsson 2013:15). Hvörfin juku skilning á því hvernig þýðingar tengjast öðrum samskiptum og hve stórt hlutverk þær leika í milligöngu hugmynda, það er hvernig þýðingafræðin er samofin hugmyndafræðinni. Lefevere hafði bent á að „,[t]rúnaður“ [væri] aðeins ein þýðingaraðferð sem getur orðið til þegar ákveðin hugmyndafræði mætir tiltekinni skáldskaparfræði“ og að upphafning hugmyndafræði sem hinnar einu mögulegu og jafnvel einu leyfilegu aðferð væri jafn óraunhæf og hún væri fánýt (André Lefevere 2013:79). Sjónum var beint að þeirri menningu er orðræða sprettur úr, en með orðræðu er átt við „samspil texta og tals, opinberrar reynslu og einkareynslu, þagna og bannhelgi, orða og gjörða“ (Þorgerður Einarsdóttir 2004:216).

Femínísk fræði fönguðu þessa nýju sýn með árangursríkum afrakstri. Fyrstu rannsóknirnar á málvísindalegum kynjafordómum má rekja til ársins 1975 þegar

útgefendurnir Casey Miller og Kate Swift tóku að sér að lesa yfir handrit að bók um kynlífsfræðslu fyrir unglinga. Þær komust fljótt að því að fræðslunni var miklu frekar beint að strákum en stelpum og skilaboðin, sem mátti lesa úr notkun fornafnanna, virtust vera að stelpur væru ekki jafn mikilvægar, ábyrgðarfullar eða sjálfstæðar eins og strákar. Þær lögðu til að þeim yrði breytt þannig að fornöfnum í karlkyni eintölu yrði skipt út fyrir hvorugkyn fleirtölu og að orðaröð yrði jafnframt breytt á stöku stað, svo stelpurnar væru stundum á undan. Aðeins nokkrar af tillögum þeirra Miller og Swift voru samþykktar en hugmyndin um ójafna framsetningu kynferðislegs mismunar var komin fram (Brufau 2012:4). Í upphafi beindist því gagnrýni á kynjafordóma tungumálsins að leiðréttingum á orðaforða og beinum aðgerðum eins og sjá má af höfundarverki Mary Daly, sem kynnt verður til leiks í þessum kafla. Þegar fram liðu stundir var athyglinni vikið að breiðari rannsóknnum á táknrænni merkingu þess kvenlæga í tungumálinu (Simon 1996:8). Póststrúktúralískar hugmyndir, og þá helst hugmyndir þeirra Juliu Kristeva og Luce Irigaray, gáfu femínistum í þýðingafræði færi á að skerast í leikinn sem minnst er á hér að ofan. Þessar konur voru ekki yfirlýstir femínistar og nálgudust málið hvor með sínu nefi en engu að síður nýttust kenningar þeirra um tungumálið femínistunum vel. Derrida hafði boðið upp á öðruvísi lestur texta sem var ekki bundinn af stigveldi frumtexta og þýðingar, að nýta táknmyndina til þess að breyta táknmiðinu, draga það í efa og um leið fjölga túlkunarmöguleikum (Brufau 2010:54). Hér á eftir verður nánar farið út í hvernig þær nýttu sér afbygginguna, hvað hvor þeirra hafði til málanna að leggja og afleiðingar þeirrar grósku innan þýðingafræðanna sem spratt af hugmyndunum.

Áttundi áratugurinn sá ekki mikið af enskum þýðingum á verkum þessara kvenna og það er forvitnilegt að hópur annarra kvenna í frönskumælandi Quebec hafi átt hvað mestan þátt í að fylgja póststrúktúralískum kenningunum úr heimahlaði og yfir hafið í hinn enskumælandi heim.⁹ Bæði í Kanada og Bandaríkjunum var fyrir líflegur, pragmatískur femínismi með sterka hefð fyrir pólitískum aktívisma. Franski

⁹ Hér ber að minnast á Nicole Brossard sem árið 1977 skrifaði *L'Amèr, ou le chapitre*. Tilraunakennd skrif hennar einkennast af orðleikjum og málfræðilegri afbyggingu eins og titillinn gefur til kynna en *L'Amèr* er nýyrði sem þýðir mére (móðir), mer (haf) og amer (bitur). Í nýyrðinu felast áhyggjur höfundar yfir móðurhlutverkinu sem biturri reynslu og endurspeglar um leið hina kvenlegu ímynd sem tengir konur við flæðandi hringrás vatnsins (Flotow 1997:15). Barbara Godard þýðir titilinn sem *L'Amèr or the exploding chapter* en útskýrir orðaleiki sem ekki var hægt að þýða, eins og hljóðlausu e-ið í 'laboratoire', sem Brossard sleppir til þess að leggja áherslu á fjarveru kvenna í vísindum. E-inu er einnig sleppt í *L'Amèr* til þess að undirstrika þöggun kvenna og nálgast hlutlausari málfræði/hvorugkynjun. Til þess að ná fram sömu áhrifum má segja að Godard hafi notað sömu aðferðafræði, eins og dæmin um herstory og hisstory gefa til kynna (Flotow 1997:39).

femínisminn bar með sér huglægari víddir sem gáfu fyrirheit um dýpri rannsókn á táknrænum og sögulegum rótum feðraveldisins. Með þýðingum á verkum „franska tvíeykisins“ öfluðu enskumælandi femínistar sér fræðilegrar næringar og þeirra greiningarverkfæra sem upp á vantaði. Enskir lesendur kynntust meginlandsheimspekinni í gegnum tvíeykið sem ögraði hefðbundinni framsetningu á þekkingu og orðræðubyggingu kynferðislegs mimunar. Sherry Simon nefnir að þegar franskir femínismenn skaut rótum á norður-amerískri grund hafi verið litið á kynni þessarar tveggja hefða sem harkaleg mót „okkar/hinna“. Þótt engan veginn væri einungis hægt að greina áhrif hugmyndafræði franskra kenningasmiða á norður-ameríska femínista á grundvelli hugtaksins „afbygging“ hafi vissulega forvitni og ákveðin þörf fyrir heimspekilega dýpt og nálgun verið drifkraftur vinsælda Kristeva og Irigaray (Simon 1996:87). Áhrif þeirra og mismunandi móttökur handan við ála Atlanshafsisins hafa verið uppspretta ótal margra ritgerða sem ekki gefst færi á að fara út í hér, en þó eru nokkur atriði aðferðafræðinnar sem óhjákvæmilegt er að tæpa á. Ber þá helst að nefna viljann til þess að gera þýðanda sýnilegan með notkun formála og neðanmálgreina þar sem þýðingin er útskýrð nánar (Flotow 1997:35).

Femínískir þýðendur ganga út frá því að þeir sem konur hafi rétt til tungumáls, og sem þýðendur hafi þær rétt á því að hafa afskipti af þeim texta sem þær vinna með. Þöggun kvenna af hálfu feðraveldisins er storkað ásamt karllægu sjónarhorni og karllægu skipulagi heimsins (Simon 1996:90). Hér skal tekið fram að Irigaray og Kristeva nálgast tungumálið með sálgreiningu Lacans og táknafræði að vopni til þess að opna fyrir nýjar nálgunarleiðir innan fræðanna.¹⁰ Irigaray beitir femínískri sýn á kynferðislegan mismun (e. sexual difference) þegar hún fjallar um hið kvenlega en Kristeva setur spurningamerki við hugtakið „kona“, þó báðar vinni þær að sköpun femínísku, táknafræns heims með og í gegnum tungumálið (Brufau 2012:25). Hugtakið „kona“ er líka bitbein bandarísku fræðikonunnar Judithar Butler sem gróf undan hefðbundnum skilgreiningum á konum og sjálfsmýnd þeirra. Mun ég leita í smiðju hennar til þess að útskýra meinta eðlishyggju femínista og hvernig hallar á framsetningu konunnar í tungumálinu. Butler teflir fram mótunarhyggjuni til höfuðs eðlishyggjuni.

¹⁰ Lacan byggði á hugmyndum Freud um að dulvitundin byggist í gegnum tungumálið (sjá nánar Hauk Inga Jónasson 2009) á þeim ómeðvituðu hvötum sem byggju í dulvitundinni, en samkvæmt þeim orsakar skortur kvenna á getnaðarlimnum kvenlegan mismun sem byggist á fjarveru (Brufau 2012:27). Lacan skipti sálarlífínu í þrjú svið, hið raunverulega (the real) sem er frumstætt, mállaust og ónálganlegt, hið ímyndaða svið (the imaginary) og hið táknafræna svið (the symbolic order), þar sem nafn föðurins ríkir (Dagný Kristjándóttir 2008:16).

Þannig er sjálfsveran afurð orðræðunnar og ekki er hægt að skilgreina staðsetningu sjálfsverunnar á nokkurn hátt óháð stað hennar í orðræðunni (Sigríður Þorgeirsdóttir 2001:107).

Staðsetning sjálfsins er einnig hugleikin Rosi Braidotti sem kallar eftir kortlagningu samtímans sem hún lýsir sem rísómatískum¹¹ og formgerð hugsunar okkar sem nómadískri¹². Ennfremur er vert að taka fram að eins og Braidotti bendir á að líkaminn, eða holdgerving sjálfsins, er lykilhugtak í baráttu femínista í endurskilgreiningu sjálfsmyndarinnar. Hafa skal í huga að hvorki er átt við líffræðilegar flokkanir né félagslegar, heldur miklu frekar skörun líkamlegra, efnislegra og táknrænna félagslegra þátta (Braidotti 2003:44). Með því að staðsetja sjálfsmyndina í líkamanum á Braidotti ekki við að með því hallist hún að eðlishyggju, heldur þvert á móti, þá þrýsti flækjur upplifana og ólíkra átta innan margradda orðræðu og líkamlegra staðsetninga á einstaka sjálfsmynd (Sama:4). Hér er því femínískri orðræðu beitt á þýðingar sem fengið hafa táknrænar líkingar. Þessi nálgun hefur nýst kvenrithöfundum til þess að brjóta þagnarmúra feðraveldisins og gefa eigin sýn og upplifunum orðið.

Svo unnt sé að gera grein fyrir uppsprettu þess ójafnréttis sem gætir í tungumálinu þarf að kortleggja og staðsetja það. Þar hefur kenning Kimberly Crenshaw um samtvinnun mismunabreyta (e. intersectionality) komið að góðu gagni en samkvæmt henni er sjálfsmynd (e. identity) ekki ein samstillt, ósveigjanleg heild. Miklu heldur er um margslungnar sjálfsmyndir að ræða sem hægt er að staðsetja á mismunandi ásum, og ákvarðast mikilvægi hverrar sjálfsmyndar af því samhengi sem hún kemur úr. Brufau bendir á að samtvinnun mismunabreyta geti vel nýst í þýðingafræði, því enn erum við innan víddar orðræðunnar og enn er fólki tíðrætt um það sem felst í því að vera á-milli. Brufau staðsetur því þýðendur á þessum krossgötum, en sú staðsetning er afrakstur hugmyndafræði sjálfsmyndarinnar (Alvira Nuria Brufau 2009:541).

¹¹ Á íslensku kallast rísómið jarðstöngull eða rótarflækja. Það er „myndhverfing fyrir margbreytileika og óendanlega samtengimöguleika allrar hugsunar, menningar og tungumáls“ (Geir Svansson 2002:9). „Rísóm á sér hvorki upphaf né endi, það er alltaf í miðjunni og á milli hlutanna“ (Deleuze&Guattari 2002:57).

¹² Á íslensku hefur „nomadology“ þeirra Deleuzar og Guattaris verið nefnd flökkufræði og verður það heiti notað hér eftir (Davíð Kristinsson og Hjörleifur Finnsson 2002:BLS). Flökkufræði er kortlagning og lestraraðferð á heimspeki verðandinnar sem „afneitar hinu algera og stefnir ekki að endanlegu takmarki fullkomins kerfis heldur er sífellt *verðandi*“. „Heimspeki sem grefur undan sjálfri sér sem heildarkerfi, heimspeki mismunarins sem hafnar díalektík og tvíhyggju því hún er ekki bundin afmörkuðum reit, heldur skreppur sífellt undan og leitar í allar áttir, eins og rísómið“ (Geir Svansson 2002:7).

1.2.1 Hin ólíku sjónarmið innan kanadíska skólans

Femínistar hafa ólíka sýn á hinn kynferðislega mismun og nálgast hann á margbreytilegan hátt. Brufau nefnir fjögur sjónarmið mismunandi tímabila í femínískum málvísindum og markar Robin Lakoff það fyrsta sem kallast vöntunarsjónarmið (e. deficit framework). Árið 1975 gaf Lakoff út bókina *Language and Woman's Place* þar sem hún sagði aðalvandamál kvenna vera að þær létu heyra ekki nógu vel í sér, að þær þyrftu að nota tungumálið sjálft til þess og að þess vegna væru orðalag og túlkun kvenna mikilvæg. Lakoff rannsakaði hvernig tungumálið notar manneskjuna og hvernig manneskjan notar það, og hvernig þetta gagnvirka samband tengist ójafnrétti karla og kvenna. Hún spurði hvort breytingar á tungumálinu gætu unnið á þessu ójafnrétti en fyrst og fremst rannsakaði hún ólíkan talsmáta kynjanna og hvað fælist í þessum mun. Ein af þekktustu niðurstöðum hennar var að konur hika frekar og spyrja oftar, spyrja frekar óbeint og þær leiðréttu sig oftar en karlar. Með því að eigna konunni þessa eiginleika og halda því fram að í því felist veikleikamerki og undirskipun, setur hún talsmáta karlsins fram sem norm og þá er konan orðin að fráviki, vandamál miðað við staðlað karlkynið (Brufau 2010:6-7). Á sama hátt segir Lakoff að þó rannsóknir á tungumálinu auki skilning á ójafnrétti, þá séu það félagslegar breytingar sem leiði til breytinga innan þess en ekki öfugt. Engu að síður hefur hún viðurkennt að breytingar á tungumáli geti, óbeint og til langs tíma, orðið til þess að háttalag fólks breytist, en aðeins þegar samfélag er tilbúið til þess (Robin Lakoff 2004:74). Þannig má samkvæmt vöntunarsjónarmiðinu ganga út frá því að tungumálið ráði raunveruleikanum, að karlar tali og ráði yfir hlutlausu tungumáli, á meðan konur þurfi að aðlaga sig þessu sama máli með hikum og kurteisisspurningum til þess að finna sinn stað í heiminum. Þær Mary Daly, Suzette Haden Elgin, Adrienne Rich, Janice Moulton og Julia Penelope vörðu hins vegar annarskonar sjónarmið sem ekki gerðu lítið úr konum. Daly og Elgin unnu að því að skapa tungumál sem kallaðist á við þarfir kvenna með mismunarsjónarmiðinu (e. difference framework).

Daly má staðsetja mitt á milli róttæks og menningarlegs femínisma því hún gagnrýnir karllægan karakter feðraveldisins og merkingarlega byrði þess sem fylgir okkur. Hún segir konur þurfi að hrista þetta farg af sér og þá ekki einungis það sem felst í fornöfnum og formi (Mary Daly 1978:xiv). Yfirlýsing Daly er aðeins byrjunin á margslunnum tengslum tungumálsins og hugmyndafræði femínismans. Í sama ranni má einnig finna andóf akademískra og róttækra femínista, málspekina og málvísindi níunda áratugarins og þá skoðun að kúgandi og alltumlykjandi feðraveldið sé einnig að finna í

tungumálinu (Alvira Nuria Brufau 2010:8-9). Til þess að leysa þetta vandamál mælir Daly með kvenmiðaðri skrift (e. gynocentric writing) til þess „að lýsa framsetningu sem tekur áhættu.“ Í bókinni *Gyn/Ecology, The Metaethics of Radical Feminism* kafar hún undir yfirborð tungumálsins og snýr á og út úr niðrandi og lítilsvirðandi orðum með orðsifjafiræði að vopni:

Takið eftir að *Oxford enska orðabókin* skilgreinir kvensjúkdómafræði sem „þá deild læknávisindanna sem snúast um virkni og sjúkdóma kvenna; einnig *lauslega*, vísindi kvenna“. Ég nota einnig hutakið *Gyn/Ecology* mjög lauslega, það er að segja frjálstlega, til þess að lýsa vísindum, það er þekkingarferlinu af „lausum“ konum sem kjósa að vera sjálfsverur en ekki aðeins viðfang í athugun.¹³

Hún hafnar notkun orða sem eru gagnert búin til fyrir konur vegna þess að í fyrsta lagi séu þau fölsun eða rangfærsla sem geri ekkert annað en að sópa vandamálinu undir teppið, og í öðru lagi vegna innsæis. Því til stuðnings tekur hún dæmi af orðinu ‚her-story‘ sem sé einungis kvenkyns útgáfa af orðinu ‚history‘. Ef takmarkið er að standa jafnfætis körlum kýs Daly að notað sé orðið ‚pre-history‘. Hún segir ‚herstory‘ vera orðsifjafiræðilega rangt og þess utan lítillækki orðið hvorki né smáni feðraveldið. Daly greinir á milli yfirborðsmerkingar orða, sem hún nefnir forgrunn (e. foreground) og djúpstæðrar merkingar þeirra eða Bakgrunn (e. Background) en hún notar stóra og litla stafi til þess að leggja áherslu á mikilvægi röksemda sinna. Hvað varðar notkun 1. og 2. persónu í kvenmiðuðum skrifum segir hún það hvíla á því hvernig tengingin sé við þær konur sem textanum sé beint að. Í bókinni rýnir hún í Bakgrunn tungumálsins og goðsagna þess til þess að varpa hulunni af forgrunni feðraveldisins. Til dæmis má nefna enska orðið ‚hag‘ um það hvernig hún kemst að kjarna málsins¹⁴ sem hún umbreytir svo að úr verði jákvæð lýsing á konum sem hafa gert aðför að feðraveldinu, í ferð sinni að „róttækri veru-nd/vera-ndi kona“ (e. radical be-ing/being woman). Ferðina nefnir hún „Hag-ology“, í andstæðu við ‚hagiology‘, því nútímakonur hafa ekkert að gera með

¹³ Note that the Oxford English Dictionary defines gynecology as „that department of medical science which treats of the functions and diseases peculiar to women; also *loosely*, the science of womankind.“ I am using the term Gyn/Ecology very loosely, that is, freely, to describe the science, that is the process of know-ing, of „loose“ women who choose to be subjects and not mere objects of enquiry (Daly 1978:10).

¹⁴ „Hag kemur úr forn-ensku og merkir harþýja, sviptinorn. Í *Webster's* er fyrsta skilgreiningin á orðinu fornfáleg og úrelt merking: kvenkyns þúki: loðinn, grimmur. Það merkti einnig áður fyrir: vondur og skelfilegur illur andi (svo þetta hljómi ekki alltof neikvætt, ættum við kannski að spyrja viðeigandi spurningum: Samkvæmt hvaða skilgreiningu vondur? Skelfilegur hverjum?“ (Mary Daly 1978:15). Í ensk-íslenskri orðabók JPV er ‚hag‘ þýtt sem ‚vargur‘ sem er ofsafengin, frek(ur) kona eða karl, og mun það verða notað hér eftir.

kvalalostafulla píslavætti fyrri alda heldur miklu frekar það að fletta ofan af feðraveldinu. Pílagrímarnir munu breytast í ‚haggard‘ í djúpstæðri merkingu orðsins, þ.e. ótaminn fálka eða varg á sama hátt og:

Vargsskrif eru fyrir kvenvarga, þær sem eru óstýrilátar, þrjóskar, gáskafullar og taumlausar, og sérstaklega þær sem færast undan því að gefa eftir bónorðið.¹⁵

Þessi leið uppgötvana mun samkvæmt Daly leiða okkur að ‚Crone-ology‘, í stað hefðbundinnar cronologíu, við breytumst í ‚cronos‘ en auðvitað í jákvæðri Bakgrunnsmerkingu orðsins. Croneo-logían sviptir hulunni af blekkingum feðraveldisins, þagnarmúrinn rofnar og í ljósi lærðrar reynslu má skapa ný verk, því skriftirnar og umbreytingin eru hluti af ofangreindri ferð (Alvira Nuria Brufau 2010:9). Að lokum er vert að nefna að Daly og Jane Caputi tóku saman croneo-logíska orðabók, Webster’s First New Intergalactic Wickedary of the English Language, sem geymir samantekt orða og kenninga Hagologíunnar og Croneologíunnar.

Af þessu má sjá að hér er skorin upp herör gegn feðraveldinu með vopnabraki orða og merkingu þeirra og eins og Brufau bendir réttilega á er ekki notast við aðferðir póststrúktúralistanna, enda voru þær enn að slíta barnsskónum um miðjan áttunda áratuginn. Daly hefur verið gagnrýnd fyrir að staðhæfa að merkingu orða sé að finna í þeim sjálfum en gera ekki ráð fyrir því umhverfi sem þau spretta úr. Að þessu leyti er hún á öndverðum meiði við Dale Spender en hugmyndir hennar flokkast undir valdasjónarmið (e. dominance framework). Spender er á þeirri skoðun að þegar við lærum tungumál feðraveldisins séum við um leið að læra að fara eftir regluverki þessa veldis, þó svo hún haldi því fram að hægt sé að afstilla þetta gangverk. Eins og Daly vill hún leita á ný merkingarmið, finna ný orð og skapa textatengsl sem bergmála aðrar skáldkonur. Hún segir tungumálið ekki vera hlutlaust heldur hafi það að geyma hugmyndir og móti hugsun okkar og ennfremur að tungumálið tilheyri körlum og þeir stjórnari því. Í bókinni *Man Made Language* færir hún rök fyrir þessu og segir meðal annars:

Þótt það sé auðvelt að sýna fram á að bæði kynin noti tungumálið er það ekki næg sönnun þess að þau standi jafnfætis gagnvart tungumálinu. Þvert á móti er hægt að sýna fram á (þótt það sé af mörgum ástæðum ekki nærri jafn augljóst) að tungumálið sé fyrst

¹⁵ Haggard writing is by and for haggard women, those who are intractable, wilful, wanton, unchaste and, especially, those who are reluctant to yield to wooing (Mary Daly 1978:15).

og fremst afurð karla og sögulega – eins og nú - hafi karlar notið meiri ‚réttar‘ til tungumáls¹⁶.

Ennfremur er Spender þeirrar skoðunar að merkingu þeirra niðrandi orða sem eru til staðar þurfi að breyta og með þeirri breytingu breytist samfélagið um leið. Vegna þess að tungumálið er menningarlegt fyrirbæri, fundið upp af manneskjum og vegna þess að karlar hafa aðallega verið ábyrgir fyrir menningarlegum fyrirbærum, kæmi það einfaldlega á óvart ef tungumálið væri undantekning (Dale Spender 1985:31).

Enn aðra sýn femínista á tungumálið hefur Adrienne Rich þótt skoðanir hennar heyri einnig til mismunarsjónarmiðsins, en í ljóðinu „The Burning of Papers Instead of Children“ má finna þessar línur: „knowledge of the oppressor/this is the oppressor's language/yet I need it to talk to you“ (Swarthmore 1999). Eins og Mary Daly gagnrýnir Rich meint hlutleysi málvísindanna en gengur þó ekki svo langt að skapa ný orð heldur fer hagnýtari leið í viðnáminu gegn feðraveldinu með því að nota tungumál þess á annan hátt. Eða með öðrum orðum tungumálið hefur að geyma gamlar, staðlaðar merkingar, þótt einnig hægt sé að draga af því nýja merkingu (Alvira Nuria Brufau 2012:13).

Þannig má segja að vöntunarsjónarmiðið hafi komið fram á sjónarsviðið þegar ljóst var orðið að konur og karlar töluðu ekki á sama hátt, að annarskonar talsmáta kvenna bæri að skilja sem óöryggi og heteronomíu og þess vegna skyldu þær reyna að tala eins og karlar. Þá lítur dagsins ljós valdssjónarmiðið sem kemur sér undan feðraveldinu með málvísindalegum klækjum og kænskubrögðum til þess að sýna fram á að vandamálið sé ekki hjá konum, heldur liggi það í tungumálinu. Talskonur þess viðmiðs leggja út frá því að tungumál og vald fari saman og nota þess vegna þetta tungumál valdsins, en þær sem fylgja mismunarsjónarmiðinu sneiða hjá því með nýju tungumáli, mótuðu af konum, fyrir konur (Alvira Nuria Brufau 2010:15).

Síðast en ekki síst ber að nefna orðræðusjónarmiðið (e. discursive framework) sem kom fram undir lok áttunda áratugarins og við upphaf þess níunda, þegar póst-móðernískra áhrifa var farið að gæta í norður-amerísku fræðasamfélagi. Viðmiðið skarast við menningarleg hvörf í hugvísindum sem gætti einnig innan raða femínista. Róttæki femínisminn, með Mary Daly og fleirum, undirbjó jarðveginn fyrir þýðingar á

¹⁶ So although it is readily demonstrable that both sexes use the language, this cannot be taken as sufficient evidence that both sexes stand in the same relationship to that language. On the contrary, it is also demonstrable (though for many reasons not quite as evident) that language is primarily the product of male effort and that historically – and currently – men have held greater ‘rights’ to language (Spender 1985:12).

tvíeykinu sem fjallað verður um í næsta kafla og póststrúktúralískar hugmyndir. Afraksturinn var menningarlegu hvörfin sem gáfu femínistum í málvísindum færi á að beita kenningum sínum í stærra samhengi. Þær rannsökuðu með kynjagleraugum hvernig mismunur kynjanna birtist á öllum sviðum, allt frá heimspeki og listum til tæknigreina og annarra vísinda. Nú var karlinn ekki lengur höfuðóvinurinn vegna kynjabundinna hagsmuna heldur var litið svo á að karlkynið væri einfaldlega líffræðilega ákvarðað, að kyn karla gerði þá að óvini frekar en það vald sem feðravaldið veitti þeim (Alice Echols 1983:36-37). Þessi punktur greindi á milli róttæks femínisma og þess menningarlega samkvæmt Brufau: „Á meðan sá róttæki berst fyrir því að gera út af við feðravaldið í hvaða formi sem það tekur á sig, þá tekst sá menningarlegi við það karllæga í heild sinni og eflir og lofar það kvenlæga með því takmarki að skapa [sér] kvennamenningu“ (Alvira Nuria Brufau 2009:250). Hún útskýrir hvernig kanadíska fræðikonurnar hafi breytt stefnu aðferðafræðinnar innan málvísindanna; nú voru það ekki lengur femínistar sem leituðu málvísindalegra fanga heldur hafði tekist að beina athygli sjálfra málvísindanna að femínismanum (Alvira Nuria Brufau 2010:1).

Brufau bendir enn fremur á þá þversögn að grunn menningarlegs femínisma sé að finna í líffræðilegum eiginleikum kynjanna. Þó þess háttar hugmyndir virðist falla í sama eðlishyggjulega pytt og aðrar tvíhyggjukenningar segir Brufau að menningarlegu hvörfin hafi þó flýtt fyrir viðurkenningu á kvenlegum háttum, þ.e. hvernig konur gera hlutina, hugsa þá og síðast en ekki síst hvað þeim finnst um þá (Alvira Nuria Brufau 2010:17). Að auki má að hluta til rekja ástæðuna fyrir því að femínísk þýðingafræði voru misskilin (og þau stimpluð sem eðlishyggja) til þess að ekki var tekið tillit til samhengisins. Ekki aðeins var ekki ráðist í að þýða heildarverk áhrifavaldanna, heldur urðu þau verk sem þýdd voru fyrir mikilli einföldun á leið sinni frá frönsku yfir í enskt samhengi (Alvira Nuria Brufau 2010:70). Þessar fáu þýðingar á verkum Kristeva og Irigaray leiddu til þess að þær voru gagnrýndar fyrir að vera öfgafullir menningarlegir femínistar í ensk-amerískum hringjum á meðan handan hafsins voru þær stimplaðar með tómarúmi (meints afstæðis) póststrúktúralistanna. Brufau segir berum orðum að það hafi verið þýðingafræðilega ferðalagið sem hafi flekkað stóran hluta af meginrökum kvennanna því litið var á sérstæð skrif þeirra sem kvenlega leið til skrifta, í amerískum, menningarlegum skilningi. Algilding þess kvenlæga, sem með þessum höfundum einskorðaðist við sjálfsmeðvitund í vexti, í mótvægi við rökmiðjuhyggjuna og lausn undan ótvíræðni eða fyrirfram ákvarðaðri merkingu, var þýtt sem eitthvað dæmigert fyrir konur (Alvira Nuria Brufau 2010:77).

1.2.2 Tvíeykið, kynferðislegur mismunur eða kvenskrif

Fyrir Luce Irigaray er kyn karla eina kynið sem er viðurkennt í tungumáli og menningu. Bygging tungumálsins og orðræðuhefðin útmá allan kynferðislegan mismun, sem gerir það að verkum að svo virðist sem kynið sé aðeins eitt, karlkyn (Cameron 1998:84). Hún segir nauðsynlegt að ganga í (e. enter) tungumál, og um leið menningu, til þess að verða að virkri sjálfsveru¹⁷ (e. subject), og svo konur öðlist vald sem er menningarlega viðurkennt sé nauðsynlegt að breyta tungumálinu. Hún er þeirrar skoðunar að tungumálið komi í veg fyrir að konur verði virkar sjálfsverur. Svo þær verði virkar nægir ekki að telja konur með körlum, heldur mælir hún með því að við bætum við tungumálið og gefum kost á fleiri stöðum sjálfsverunnar því hugmyndafræði feðraveldisins bæli niður kynferðislegan mismun til þess að réttlæta algildið (Donovan 2014). Þess vegna þyrfti grundvöllur allrar femínískrar umræðu að byggja á þessum kynferðislega mismun. Ef staðlað, viðurkennt tungumál snýst að hætti Freud um typpið, þá snýst tungumál kvenna um tvær varir þíkunnar. Þess vegna felst lausnin ekki í hlutleysi eða hvorugkynjun tungumálsins, heldur í því að auðkenna hinn kynferðislega mismun, og svo það auðnist leggur Irigaray til að „parler femme“ (Alvira Nuria Brufau 2012: 27) Í því felst ekki einfaldlega krafa um öðruvísi tungumál, heldur bendir hún á að aðferðir málvísindanna séu félagslega ákvarðaðar, og að sama skapi kynferðislegur mismunur hverskyns skilaboða. Staðsetning sjálfsverunnar andspænis „hinu“ gefur færi á umbreytingu og gefur þar að auki möguleika á annarskonar menningarlegri sjálfsmynd kvenna (Whitford 1991:5).

Kristeva leggur áherslu á að „ef sjálfsveran verði til í tungumálinu endurspeglar það í átökum tvenns konar sviða, annað er hið röklega svið tungumálsins eða hið táknræna svið; hitt kallar hún táknlega eða semíótíska sviðið og þar kemur líkami hinnar talandi sjálfsveru til skjalanna“ (Dagný Kristjándóttir 2008:16). Í formála að bókinni *Svört sól* eftir Kristeva lýsir Dagný Kristjándóttir því sem svo að

á hinu semíótíska sviði hafi hvatirnar markað sín spor og séu þau elstu til vitnis um hinn upprunalega semíótíska líkama sem hafi verið samslungin móðurinni og líkama hennar (Sama).

Ennfremur lýsir hún því að hvatræn, semíótísk ferli búi sjálfsveruna undir það að færast yfir á hið táknræna svið sem myndi algera andstöðu við semíótíska sviðið. Hið táknræna er svið tungumálsins, svið samfélagsins, þess sem nefnir hlutina. Þar má finna rök, lög

¹⁷ Hér er hið enska ‚subject‘ þýtt sem sjálfsvera eftir ábendingu Irmu Erlingsdóttur.

og reglur um það „sem má og á að segja“ og forsenda þess er að hið fyrra svið sé bælt niður (Sama).

Tækni þessara kenningasmiða einkennist af gáskafullu rofi í ráðandi orðræðu og í því felst mikil áskorun fyrir þýðanda. Þegar þýðing er sett í samband við tungumál, kyn og hugmyndafræði er jafnframt verið að inna eftir tengingunni á milli þeirrar orðræðu sem notuð er í þessum textum og þýðingakenningunum sem hafa leitt af sér marktöxtann (Godard 1989:43). Femínistarnir í frönskumælandi Quebec fylgdu ekki einróma ráðandi samtímakenningum í þýðingafræði heldur fór hver eftir sínu höfði. Merkingin var í forgrunni, sem var eins og áður segir, að konur öðlist sjálfsmeðvitund í gegnum tungumálið. Því má jafnvel leiða líkum að því að um leið hafi áhersla verið lögð á þá umbreytingu sem fólst í skrifunum, enda lýsir Godard femínískum þýðingafræðingum sem endurskrifurum, í anda Lefevere, sem hafa unun af því að hagræða og leika sér með tungumálið (Mary Snell-Hornby 2006:102).

Stór hluti femínískra verka um mismun voru skrifuð á 8. áratugnum en það var ekki fyrr en á þeim 9. að þau vöktu verðskuldaða athygli, sem þakka má auknum áhuga á póststrúktúralískum verkum og þýðingum á þeim. Eins og áður sagði voru það þýðingarnar sem kveiktu neistann handan Atlantshafsins en um leið urðu þessar sömu þýðingar til þess að hugmyndir tvíeykisins voru einfaldaðar um of, með þeim afleiðingum að þær voru stimplaðar eðlishyggjusinnar. Engu að síður vöktu þær fólk til umhugsunar um vald, merkingu og þýðingu tungumálsins, um sjálfsmynd kvenna og hlutverk þýðinga í útbreiðslu hugmynda og hugsanarýmis (Alvira Nuria Brufau 2012:34). Tvíeykinu má þakka fyrir að hafa bjargað femínísmanum frá blindgötu algildisins en með hjálp heimspekinnar varð ljóst að tungumálið gegnir ekki einungis tilvísunarhlutverki né er það fangi þekkingarfræðilegra takmarkanna. Heimspekin bauð upp á lausn sem fólst í nýrri hugsun, í gegnum talað og ritað mál, sem gefur til kynna „hinn táknræni heimur mannkyns sem skapaði okkur, er endurskapaður í gegnum tungumálið“ (Alvira Nuria Brufau 2012:22).

1.2.3 Askjan hennar Pandóru

Samkvæmt Luise von Flotow eru þýðingar sem birtast í menningarlegu samhengi undir áhrifum femínisma mikilvægar vegna metatextanna sem leiða athyglina að áhrifum þýðanda og þeim sporum sem þýðandi, í þessu tilviki einstaklingur með kyn, skilur eftir

sig (Luise von Flotow 1997:35). Þessi sýnileiki¹⁸ gengur þvert á þýðingahafðina sem leggur að jöfnu þýðingar og konur, eins og margtuggin klisja frá 17.öld um ótryggar fegurðardísir, eða *les belles infidèles*, ber merki um. Klisjan hefur verið eignuð Gilles Ménage sem hafði þessi orð um frjálslugar þýðingar Nicolasar Perrots d' Ablancort (1606-1664) á klassík Rómarveldis en í henni felst að ef þýðingar héldu tryggð við uppruna sinn hlytu þær að vera ljótar, og ef þær væru fallegar þá væri víst að þær væru ótrúar (Luise von Flotow 1997:41). Orðatiltækið tjáir afar vel hve bæði tryggð og eignaréttur voru ofarlega í huga endurreisnarmanna, tryggð konu við mann og tryggð þýðanda við upprunalegan texta. Eins og við hjúskaparheitið er við þýðingu lofað tryggð sem ein og sér tryggir lögmæti afurðarinnar, það er barnsins eða verksins. Það vekur forvitni að aðferðir D' Ablancorts líkjast aðferðum þýðingafræðinga á síðari hluta 20. aldar en hann áleit að nýr tími kallaði á ný rök og orð, en þá skoðun lét hann í ljós og varði í formálum og bréfum (Pilar Godayol 2013:99-100)¹⁹.

Þessi birtingarmynd á sambandi upprunalegs texta og þýðingar hans minnir um margt á meyarhaft Derrida. Enda hafa femínískir þýðingafræðingar verið ötulir við að benda á skyldleika hugmynda hans við strúktúralismann sem hann þó gagnrýndi. Ein þeirra, Lori Chamberlain, athugaði tenginguna á milli kyns og þýðinga með því að skoða goðsagnir og myndlíkingar fyrri alda. Hún telur að „þýðingalíkingarnar séu (sjúkdóms)einkenni á stærri (vanda)málum vestrænnar menningar vegna kynjaðra valdatengsla“. Hún mótmælir þessari

viðvarandi áráttu að leggja tungumál að jöfnu við siðferði, þessari leit að uppruna eða heild sem leiðir af sér óþol fyrir tvíræðni, fyrir því sem ekki verður afráðið.²⁰

Samkvæmt henni kollvarpaði Derrida mismuninum (fr. difference) sem leiðir af sér andstæðuhugsunina á milli upprunatexta og eftirmyndar hans, með þeim afleiðingum að það varð ógjörningur að ákveða hver mismunurinn væri. En þegar hann tekur hugtök úr orðaforða kynferðislegs mismunar, eins og til dæmis missáning og meyarhaft, verður

¹⁸ „Ósýnileiki kvenna í hinum hefðbundnu vísindum var meðal þess fyrsta sem gagnrýni fræðikvenna beindist að innan fræðaheimsins“. Með auknum sýnileika er lífi kvenna og framlagi þeirra til sögunnar gert hærra undir höfði. (Þorgerður Einarsdóttir 2004:212).

¹⁹ Enda var kanadíski skólinn gagnrýndur fyrir ófrumleika hvað þetta varðar, sjá „Feminist „orgasmic“ theories of translation and their contradictions“ eftir Rosemary Arrojo.

²⁰ ...a persistent desire to equate language or language use with morality; of a quest for originality or unity; and a consequent intolerance of duplicity, of what can not be decided (Lori Chamberlain 1988:465).

kyngervi (e. gender) hluti af hugtakarunu sem hefur að geyma skilgreiningar á borð við mímesis og tryggð, grunnskilgreiningar hefðbundinnar sýnar á þýðingar (Lori Chamberlain 1988:469). Þegar hann svo leggur til að „þýðingar [séu] iðkaðar á mörkum hins mögulega“ brýtur hann gegn hefðbundnum viðhorfum til þýðinga, áhrifa og höfundarréttar. Hér er komin hin babelska virkni sem vikið var að fyrr í ritgerðinni, eða tvíböndin sem mætti skilja sem svo að stjórn þýðingaferlinu. Þýðingaferlið á sér stað í meyarhaftinu, á stað sem það deilir með meydómnum og uppfyllingu giftingarheitsins. Það er meðal annars þess vegna sem femínistar ásamt tvíeykinu frönskumælandi hafa gagnrýnt hugmyndir hans. Garðar Baldvinsson bendir á að Irigaray gagnrýndi Derrida fyrir að leggja konuna undir heimspekina líkt og hverja aðra nýlendu með slíkri táklegri innfellingu í kvenlíkamann. Jafnframt nefnir hann „kenningar Kristevu um byltingu í skáldskaparmálinu og samband hennar við líkamann og hið kvenlega sem hún setur fram í *La Révolution du langage poétique*“ (1974) og að síðustu tiltekur hann Judith Butler og kenningar hennar í *Kynusla* (1990) um karllega gagnkynhneigðarkvöð og gjörningsgildi kynhneigðar. Garðar segir að „fyrir þessum konum hlyti athæfi Derrida að vera nátengt kúgun kvenna – ef dæmt yrði á sömu forsendum og þær beita í afbyggingu sinni á feðraveldinu“ (Garðar Baldvinsson 2003:30).

En vert er að benda á að þegar Derrida umsnýr andstæðuparinu leggur hann til að þýðing sé bæði undirskipuð og yfirskipuð (e. both original and secondary), bæði óspjölluð (e. uncontaminated) og „transgressíf“, og þá eru þýðing og upprunalegur texti háð hvort öðru, þau þarfnast hvort annars líkt og tvíböndin sem eru í óhjákvæmilegri skuld við hvort annað. Líkt og Chamberlain bendir á viðurkennir Derrida að yfirleitt sé þýðandinn kona (Lori Chamberlain 1988:469):

Kvenkyns þýðandi er ekki einungis undirskipuð, ekki einungis ritari höfundarins. Hún er einnig sú sem er elskuð af höfundinum og aðeins á hennar grundvelli eru skriftirnar mögulegar. Þýðingar eru skrif, það er, þýðingar eru ekki einungis afritun. Þýðingar eru skapandi skrif sem eru framkallaðar af upprunalega textanum.²¹

Sjálf viðurkennir Chamberlain að Derrida hafi lagt grunninn að nauðsynlegri athugun á mótsagnakenndu sambandi þýðinga og kynja með því að fjalla um tvíeggja sverð þýðinga án þess að hefja þær á stall eða gera lítið úr þeim. Hún harmar að Derrida hafi

²¹ The woman translator in this case is not simply subordinated, she is not the author's secretary. She is also the one who is loved by the author and on whose basis alone writing is possible. Translation is writing; that is, it is not translation only in the sense of transcription. It is a productive writing called forth by the original text (Jacques Derrida 1985:153).

ekki gefið nægan gaum að sögulegum og menningarlegum aðstæðum þeim er einstakir textar spruttu upp úr, nokkru sem ekki er hægt að líta fram hjá við rannsóknir á vandamálum þýðinga. Hún tiltekur dæmi um að á ákveðnum tímabilum sögunnar hafi konur fengið leyfi til þess að þýða einmitt vegna þess að litið var á þýðingar sem annars flokks athöfn (Lori Chamberlain 1988:470).

Pilar Godayol er sama sinnis og segir að þó Derrida nýti sér hefðbundið líkingamál kynjanna í orðræðunni um möguleika þýðinga, þá brjóti hann á bak aftur valdatengslin sem felist í þessu sama líkingamáli, svo sem vald föðurins/höfundarins, tryggð eiginkonu/þýðanda gagnvart eiginmanni/höfundarleyfi eða hreinleika móðurmálsins. Hún bætir við að jafnvel þótt hann losni ekki undan höftum kynferðislegs tungumáls ráðandi orðræðu, afbyggi hann guðfræðilega sýn og rök á upprunalegt eðli og taki sér stöðu við hlið konunnar, sem hann líti á eins og þýðingar, sem tvístrað rými sem er á milli og sem erfitt er að komast að (Pilar Godayol 2013:105). Þessar hugmyndir Derrida um þýðingar nefnir Godayol ‚derridísku tvíböndin‘ en hún skipar þýðingalíkingunum niður á þrjú tímabil. Derridísku tvíböndin eru annað tímabilið en það fyrsta ber yfirheitið ‚les belles infidélés‘ og hefst, eins og nafnið ber með sér, á þeim tíma er Chamberlain telur að þýðingarorðræðan hafi fyrst verið kyngerð, eða á 17. aldar Frakklandi. Þetta tímabil nær allt fram á 20. öldina, nánar tiltekið til ársins 1975 þegar út kom *After Babel* eftir George Steiner. Hann útskýrði þýðingafærið með þessum orðum: „Þessi sýn á þýðingar sem túlkunarfræði trausts (skerandi og nístandi verkur [fr. élancement.]), sem innsetningu, sem líkamleika, og sem endurreisn, mun gefa færi á að komast yfir þá ófrjóu þrenningu sem hefur drottnað yfir sögu og í kenningum sjálfsmýndarinnar“ (George Steiner 1992:319). Eins og Chamberlain spyr Godayol að því af hverju í ósköpunum kynjaðar þýðingalíkingar hafi átt svo miklu langlífi að fagna, afhverju kyni og þýðingum sé líkt saman í ráðandi orðræðu? Hennar svar felst í valdinu, að stjórna því sem er okkar:

Undirstaða félags- og siðferðislegra gilda fjölskyldu, kynlífs og jafnvel ríkis er skilningurinn á eignarhaldi. Það sama á við um höfundarleyfi. (...) Svo tryggja meggi skipan samfélagsins þarf að vera fylgispekt, í þessu tilviki fylgispekt við rétt höfundar til texta og afurða hans. (...) Bæði upprunalegi textinn og þýðing hans eru afleiðing félagslegra skipta sem eru oftast en ekki í formi ágreinings frekar en samkomulags. Útkoma þessara skipta í stigveldiskerfi okkar eru fagurfræði- og menningarleg gildi samfélagsins.²²

²² Fundamental to the moral and social values associated with sex, family and even the state is a sense of ownership. The same is applicable to authorship. (...) There must be a conformity that guarantees a

Og það eru þessi gildi sem skapa stigveldislíkingar og mannhverfðar forsendur til þess að vernda yfirráð upprunalega textans. Godayol segir þetta ekki vera dóm yfir gildiskerfi tiltekins tímabils heldur vilji hún draga gildin í efa til þess að varpa ljósi á það hvernig „neysla og endur/framleiðsla texta tengjast félags- og menningarlegum valdavenjum, og til þess að minna okkur á það að við erum hluti af kerfi sem matar okkur á huglægni í þýðingum og í sköpun líkinga“ (Pilar Godayol 2013:102).

Þriðja tímabilið er samtími okkar því nú hafa hugmyndirnar sem greint er frá hér að ofan borið ávöxt. Godayol gerir greinarmun á tvennskonar líkingum. Sú fyrri tengist ímynduðum millirýmum, með augljósri tilvísun í millirými Derrida, þar sem jaðarupplifanir eru bornar saman við þýðingar. En það er seinni gerðin sem ég vil vekja athygli á hér, sem hefur að geyma líkingar sem tengjast kvenpersónum goðsagna eða staðalímyndum og endurheimtingu skáldaðra eða raunverulegra karaktera úr gleymsku með því að tengja þær við þýðingarferlið.²³ Ein af þeim er Pandóra, fyrsta konan í grísku goðsögnunum og kona Prómeþeifs, en um hana skrifaði Karin Littau í bók sem kom út árið 2000. Littau vísar í Steiner sem greinir frá tveimur goðsögulegum tilgátum sem eiga að útskýra ástæðu fyrir tungumálafjölda heimsins. Sú fyrri er auðvitað sagan af Babel, en sú seinni hefur að geyma söguna af því þegar „tungumálaglundroðinn losnaði úr öskju Pandóru, fyrir einhver hræðileg mistök“ (Steiner 1975:57). Í hefðbundinni orðræðu stendur Pandóra því fyrir ógnina sem stafar af glundroðanum, torræðni og merkingarrugling. Littau býður upp á annarskonar lestur goðsögunnar og „endurritar hana í jákvæðu ljósi femínisma til þess að snúa við neikvæðum og karlhverfðum tengslum Pandóru við fall mannsins“ (Karin Littau 2000:21).

Pandóra sameinar sögurnar af Babel og Ödipusi því báðar merkja þær missi; Babel vísar í missi fyrsta tungumálsins og Ödipus stendur fyrir geldingaróttann. Askjan hennar Pandóru tengist þessu tvennu, hættunni við tungumálaglundroðann eða skilningsleysið, og ógninni við kynferði kvenna, eða typpaleysi þeirra. „Goðsagan af Pandóru er ímynd fallósentríks kvíða Konunnar (e. Woman), bæði hvað lýtur að tungumálinu eða móðurmálinu, og hvað varðar kynfæri eða kynferði hennar“ (Karin

supposed social order, in which the author has all the rights to the text and its reproduction. (...)Both the original text and the translation are the result of a social interchange which is often the scene of confrontation rather than consensus. Their aesthetic and cultural values are the outcome of the system of hierarchies generated by this interchange (Pilar Godayol 2013:101-102).

²³ Áður en lengra er haldið er vert að minnast endurritunar Susanne Lotbinière-Harwood á orðatiltækinu *les belles infidèles* en hún nefndi aðferðafræði sína við þýðingar *rebelles et infidèles* (Lotbinière-Harwood 1991:98)

Littau 200:21). Í stað þess að grafa upp rótfasta tvíhyggjuslagsíðu feðraveldisins á fyrri tíma túlkunum á Pandórusögunni, er tilgangur Littau með nýrri túlkun sá að leggja fram spurningar um móðurmálið og kynferði konunnar. Því á meðan Babelsturninn varpar ljósi á tengingu þýðingar og orðs Föðurins, þá flettir sagan af Pandóru ofan af mótum þýðinga og móðurmálsins, með öðrum orðum, sagan opnar fyrir nýja möguleika í þýðingu og á kyngervi.

Í upphafi þessa kafla var tæpt á Babelssögunni en til upprifjunar má segja að út frá ruglingnum sem orðið Babel færir okkur leggi Derrida fram kenninguna um óþýðanleika orða eða „hina babelsku virkni“ (Derrida 2004:189). Á móti því teflir Littau fram sögunni af formóðurinni Pandóru (þ. das Urweib) en nafn hennar, líkt og nafnið Babel, hefur að geyma margræðar túlkanir. Til marks um það er skilningur Hesíods á orðinu sem hann gefur þrjár merkingar; hún er gefandi allra gjafa, hún tekur við öllum gjöfum og hún er sjálf gjöf allra guðanna. Littau bendir á að það kemur ekki fram hvað felst í gjöfinni sjálfri, þ. e. hvert sé innihald öskjunnar, hvort Pandóra hafi opnað hana eða hvort askjan hafi nokkurn tímann verið til eða hvort hún hafi verið nægtahorn, óhreyfanlegt geymsluker (gr. pithos) eða lítið færanlegt ker (gr. pyxis). Littau spyr hvort Erasmus frá Rotterdam geti verið sekur um að þýða ‚pithos‘ sem ‚pyxis‘ og hvort rekja megi óvissuna í þýðingu Erasmusar til málfræðilegrar tvíræðni, óvissunnar um það hvort Pandóra hafi nokkuð opnað öskjuna, eða hvort það hafi verið mágur hennar, Epimeteus. Til eru margar útgáfur af sögunni af Pandóru og eru þær allar dæmi um það hvernig þýðingar ákvarða innihald goðsögunnar, þ. e. hvernig askjan er og hvert kyn þess er sem opnar hana (Karin Littau 2000:22-23).

Samkvæmt einni sögunni er Pandóra Gaia, Móðir Jörð, fyrsta konan og eiginkona Próméþeifs, sem skapaði hana úr vatni og jörð og blés í hana lífi með eldi. Í þeirri goðsögu er askjan nægtahorn sem geymir birgðir til að næra allt mannkynið, og þar á meðal frjósemi. Þessi útgáfa er vel að merkja ekki frá Hesíodi komin, en hann segir frá Pandóru sem Seifur skapaði til þess að hefna guðanna og refsa Prómóteusi fyrir að stela eldinum frá þeim. Þegar Pandóra opnar öskjuna fyrir forvitni sakir, sleppir hún lausri allri illsku heimsins, og þegar hún lokar henni er aðeins vonin eftir. Hér er Pandóra „femme fatale“, hvernar fegurð, töfrar og seiður verða karlinum að falli og askjan er líkami hennar sem ógnar með tælandi kynferði. Samkvæmt freudískum lestri er askjan ímynd þess dulda og dularfulla og veldur líkingu við kynfæri kvenna, sem ólíkt reðrinum, eru hulin og ósýnileg og geyma leyndarmál sem eru hættuleg karlinum.

Þannig geymir askjan ekki endilega gjafir til mannkyns heldur er hún gjöf til hans, borin von og óaðgengileg mannkyninu. (Karin Littau 2000:23).

„Pandóra talar (að minnsta kosti) tveimur tungum, hún færir von og/eða illsku til mannkyns eftir því hvernig goðsögufræðingar hafa kosið að lesa í söguna“ (Karin Littau 2000:23). Samkvæmt Littau er með Pandóru verið að tala um þýðingar, ekki aðeins á milli mála heldur einnig innan þeirra, (eins og grískunnar), eða eins og Derrida lýsir í hnotskurn í *The ear of the other*, á mörgum tungum í einu (fr. plus d'une langue) ekki lengur aðeins einni. Fjölbreytileiki tungumála innan þess sem ekki er lengur eitt, gefur til kynna að þýðing sé alltaf að verkum í einu og sama málinu, og þess vegna „eru allar tungur óhreinar“ og því „ætti þessi staðreynd að ógna á einhvern hátt heilindum tiltekins málkerfis“ grafa undan þeirri ætlun að „til sé eitt tungumál og ein þýðing í bókstaflegum skilningi“. „Plus d'une langue“ undirstrikar þar af leiðandi ósmættanlega margröddun innan „eins“ tungumáls og allra tungumála, „veitir viðnám gegn ótvíræðri þýðingu og þýðanleika“ og síðast en ekki síst, tengir þýðingar og afbyggingu traustum böndum (Karin Littau 2000:24).

Littau kys að ganga lengra en Derrida og nýtir sér sjónarhól femínista í stað afbyggingar með því að líta missinn og óráðanleikann með augum fyrstu konunnar Pandóru, í stað karlguðsins Babels. Því spyr hún hvort ekki sé allt eins mögulegt að ekki sé aðeins um tvær goðsögur af Pandóru að ræða, heldur gefi óráðanleikinn á milli þeirra kost á þriðju sögunni. Ómöguleiki þess að ákvarða á milli sagna Pandóru er í sjálfu sér enn önnur sagan, nokkuð sem gefur ástæðu til þess að tala frekar um ofgnótt en missi. „Óráðanleikinn er þá ekki hugsaður með tilliti til missis, heldur sem mögulegur, óstöðvandi ávinningur. Óráðanleikinn mun aðeins glatast ef við göngum út frá því, eins og Derrida gerir, að ekki sé hægt að flytja upprunalega textann heilan (í öllum sínum fjölbreyti- og óráðanleika) yfir á nýtt mál“ (Karin Littau 2000:26). Hins vegar, segir Littau, ef við léttum á áhyggjunum af tengslum uppruna og eftirlíkingar og þýðingaferlið yrði ekki takmarkað við slík tvíþáttatengsl, heldur sem ferli þar sem upprunalegi textinn muni halda áfram að geta af sér fleiri en einn texta, þá mun ekkert glatast í endalausri röð mögulegra útgáfna.

Þessir eiginleikar þýðingaferlisins (upprunatexti *og* útgáfa *og* önnur útgáfa *og* enn önnur útgáfa) frekar en tvíþáttatengsl (upprunatexti *og* þýðing hans) eru upphafspunktur sögu sem Littau segir ekki vera sorgarsögu heldur „gleðilega staðfestingu á því að innihald goðsögunnar um Pandóru sé unnt að flytja aftur og aftur“ (Karin Littau 200:26), því hún segir að mismunur sé óhugsandi án endurtekningar vegna þess að endurtekning

án mismunar myndi ekki vera endurtekning.²⁴ Ólíkt Babelsögunni, „derríðsku tvíböndunum“ og lögmáli afbyggingarinnar um óráðanleikann segir Pandóra sögu af lögmáli margföldunnar. Ekkert vantar og ekkert týnist, heldur er alltaf einhverju við að bæta með hverri þýðingu. „Einmitt vegna þess að hægt er að þýða alla texta (og endurskrifa allar goðsögur), er keðjuverkun ástand sem hvorki hefur upphaf né endi“ (Karin Littau 2000:31-32).

1.2.3.4 Þýðingar í stærra samhengi

Þegar Lawrence Venuti skrifaði um hneyksli þýðinga undir lok síðustu aldar var það í menningarlegu, efnahagslegu og pólitísku sambandi. Hann beindi orðum sínum að öðru fræðafólki innan málvísinda jafnt sem annarra hugvísinda, því hann sagði þýðingar þjást af stofnanavæddri einangrun, undanskildar menningarlegri þróun samtímans sem þó gæddi þær merkingu (Lawrence Venuti 1998:2). Í takt við Lefevere benti Venuti á að endurritun erlendra texta bæri ávallt með sér að þeir væru heimfærðir í markmenningu, hvernig sem sú umgjörð sé. Hneykslið fælist í því að hægt væri að skapa mismunandi gildi og venjur með þýðingunni. Því sé það undir þýðanda komið að beina þjóðhverfðum tilfærslum þýðingarinnar í aðra átt til þess að afmiðja þau hugtök markmenningar sem ekki verði komist hjá því að nota. Með öðrum orðum, „síðfræði þýðinga er ekki hægt að takmarka við tryggð“ (Lawrence Venuti 1998:81). Þýðingar eru ekki aðeins túlkun á erlendum texta af mismunandi menningarlegum og sögulegum toga, heldur eru kanónur felldar inn í og aðlagðar markmenningu og eru þar af leiðandi þjóðhverfðar, hversu tryggar og málfræðilega réttar sem þær eru (Sama:82). Á sama hátt hafði Venuti meira en tíu árum fyrr mælt með útlenskun markmenningar svo þýddur texti félli ekki í gryfju tvíhyggjunnar og dulbyggist sem upprunalegur texti um leið og þýðandinn sjálfur væri gerður ósýnilegur. Venuti lagði til að farin yrði sú leið sem Schleiermacher hafði mælt með rúmlega 200 árum fyrr, að vinnan á bakvið þýðinguna og sú menning sem textinn sem átt er við sprytti úr væru gerð sýnileg:

Útlenskun í þýðingu er afar æskileg í dag, svo lengi sem leitast er eftir því að takmarka þjóðhverft ofbeldi þýðinga. Ég legg til að strategískri menningarlegri íhlutun núverandi heimsmála verði stillt upp gegn ráðandi enskumælandi þjóðum og þeim ójöfnu menningarlegu samskiptum sem þær skuldbinda aðrar þjóðir til þess

²⁴ Hér vitnar Littau í Gilles Deleuze og rit hans *Mismunur og endurtekning* frá árinu 1968, þar sem hann fjallaði um heimspeki „mismunarins“ sem teflir „hugtakinu fram gegn hugtökum hefðbundinnar samsemdarfrumspeki og gagnrýni[r] jafnframt alla heimspeki og menningu sem byggir á samsemd, heild og upprunaleika“ (Davíð Kristinsson og Hjörleifur Finnsson 2002:91).

að taka þátt í. Útlenskun enskra þýðinga getur verið mótspyrna við þjóðhverfu og rasisma, menningarlegri sjálfhverfu og heimsvaldastefnu, í þágu geópólítískra samskipta.²⁵

Hér er vert að benda á hliðstæðu útlenskunar og aðferðafræði kanadísku femínistanna, og sameiginlegan vilja þeirra til þess að gera þýðandann sýnilegan. Viljinn stendur einnig til aukinnar blöndunar (e. hybridization) og breiðari skilnings á sjálfsmyndum, og þá einnig að í þýðingum sé tekist á við þesskonar blandanir, án aðlagana og samruna. Þessar hugmyndir skarast við hugmyndir Homi K. Bhabha, eins helsta kenningasmiðs síðlendufræðanna. Bhabha starfar á mörkum tvenndarhugsunar, í bilinu á milli sjálfsins og framandleikans með því að rannsaka það sem hann kallar „Þriðja rýmið“ (e. Third space) þar sem finna má ofangreinda blöndun eða þar sem „gagnvirkni mótunar verða sýnileg“ eins og Ólafur Rastrick segir í formála að greininni „Tvístrun þjóðarinnar“. Ólafur útskýrir að Bhabha hafni þeirri skoðun að menningu sé að finna „í „upprunum“ og í birtingarmyndum þess sem litið er á sem hreint og ómengað“ og að „framsetning allrar menningar eigi sér stað í „þriðja rýminu“ (Ólafur Rastrick 2005:178-179). Enskur titill greinar Bhabha, „DissemiNation“ vísar í *La dissémination* eða missáningu Derrida og skilafrestinn í tungumálinu sem hann fjallar um í sama riti. Bhabha yfirfærir afbyggingu tungumálsins á orðræðu menningarinnar svo hún færir frá kjarnanum yfir á jaðarinn, og verði því aðeins skilin sem „samstuð sjálfsins og framandleikans“ (Ólafur Rastrick 2005:178-179). Bhabha segir í greininni að

blandaðir merkingarstaðir opna glufu í tungumáli menningarinnar í eirðarlausri þörf fyrir menningarlega þýðingu, sem þýðir að líking *symbolísins*, sem setur mark sitt á alla merkingarstaði, felur ekki þá staðreynd að endurtekning *táknsins* er bæði ólík og aðgreinandi í hverri félagslegri athöfn. (Homi Bhabha 2005:211)

Í greininni „How newness enters the world“ segir Bhabha að í þýðingu felist gjörningur menningarlegra samskipta (Homi Bhabha 1994:313) eða eins og Susan Bassnett bendir á í lokakafla bókarinnar *Constructing Cultures* að þýðing sé merki klofnunar, menningarlegs óstöðuleika og samningaviðræðna (e. negotiation) sem hún segir vera kröftuga ímynd þýðinga undir lok 20. aldarinnar. Kenningasystir Bhabha og Bassnett,

²⁵ I want to suggest that insofar as foreignizing translation seeks to restrain the ethnocentric violence of translation, it is highly desirable today, a strategic cultural intervention in the current state of world affairs, pitched against the hegemonic English-language nations and the unequal cultural exchanges in which they engage their global others. Foreignizing translation in English can be a form of resistance against ethnocentrism and racism, cultural narcissism and imperialism, in the interest of democratic geopolitical relations (Venuti 1985:20).

Gayatri Chakravorty Spivak, er á sömu slóðum í tímamótageinininni „Can the Subaltern Speak?“ þegar hún „leitar svara við spurningunni um hvernig fræðafólk geti látið rödd lítilmagnans sem hefur verið margþögguð af ráðandi orðræðu koma fram í skrifum sínum án þess að innlima hann/hana í eigin orðræðu“ (Ólafur Rastrick 2005:178). Í greininni „Politics of Translation“ útskýrir hún að verkefni femínískis þýðanda sé að hugsa um tungumálið sem ábendingu um það hvernig kynjaður atbeini (e. gendered agency) gangi fyrir sig. Þannig sé nauðsynlegt að hafa auga með því hvaða orð fyrirfinnist í tilteknu tungumáli og hvaða orð ekki, sem aftur á móti gefi vísbendingu um þær takmarkanir sem það samfélag setji þegnum sínum, og um birtingarmyndir bæði menningarlegs og kynferðislegs mismunar. Spivak telur sig skilja Derrida þegar hann segist þurfa að tala tungumál sem sé ekki hans vegna þess að það sé réttlátara, og gerir tilkall til sömu kröfu með tilliti til texta arabískra og víetnamskra kvenna því „[þ]að er réttlátara að veita aðgengi að sem flestum femínistum“ (Gayatri Spivak 2004:371). Til þessa þarf þýðandi að gefa sig alla að textanum, hún þarf að tæla textann til þess að koma upp um takmörk hans, enda er Spivak á því að það að gefa sig að þýðingu sé frekar erótísk(t) en siðfræðileg(t) [athöfn] vegna þess að við þurfum að breyta „öðrum“ í eitthvað sem er eins og við til þess að vera siðfræðileg(a) [réttlát].“ (Sama:372)

Á öðrum stað bendir Spivak á að ekki sé hægt að ávinna sér menningu, heldur sé aðeins hægt að læra tungumál. Þess vegna þurfi að setja menningarlegar þýðingar (e. cultural translation) í pólitískt samhengi. „Tungumál veita okkur ákveðið tungumálaminni sem svo veitir okkur aðgang að menningarlegri framleiðslu, þar sem þetta óbreytanlega gagndæmi sem menningin stjórnast af verður á okkar ábyrgð“ (Gayatri Spivak 2008). Það er hér sem kyn kemur inn í myndina. Hún segir erfitt að neita því að „ef menning er samansafn óviðurkenndra forsendna sem er lauslega haldið fram af lauslega mörkuðum hópi fólks, þá kortleggur menningin samningaviðræður (e. negotiations) á milli þess heilaga og þess veraldlega í gegnum samband kynjanna.“ Þess vegna þurfum við að komast að þessum kynferðislega mismun með tilliti til þess hvernig menning heldur uppi þessum viðræðum, en ekki aðeins með viðbótinni sem felst í þjóð- og menningarlegum lýsingarorðum (Gayatri Spivak 2008).

Judith Butler mætti einnig kalla kenningasystur Spivak, en þær eru á meðal áhrifamestu kenningasmiða samtímans á sviði menningarfræða og gagnrýni. Hún nánast losaði menningarfræðin og femínismann við byrði eðlishyggjunnar, og um leið femíníska þýðingarfræðinga. Í bókinni *Kynusli* (1989) segir hún:

Ef viðkomandi „er“ kona, er það örugglega ekki allt sem viðkomandi er því hugtakið er ekki tæmandi. Ekki vegna þess að fyrirfram kynjaður „einstaklingur“ fari yfir mörk ákveðins útbúnaðar síns kyngervis, heldur vegna þess að kyngervi mótast ekki í samhengi eða samræmi við ólíkar sögulegar aðstæður og vegna þess að kyngervi skarast við aðra þætti svo sem kynþátt, stétt, þjóðerni, kynferði og svæðisbundna hætti, sem aftur mynda þá orðræðu sem sjálfið byggir á. Afleiðingin er sú að ómögulegt verður að skilja ‚kyngervi‘ frá þeim pólitísku og menningarlegu krossgötum sem framleiða og viðhalda því.²⁶

Butler beitir þessari röksemdarfærslu til þess að sýna fram á að sama vandamál sé til staðar í menningarlegri þýðingu þar sem tiltekin menning geti ekki gert kröfu um algildi því ekki sé neitt algilt við það hvernig við upplifum heiminn í dag. Hún segir þetta vera afleiðingu af ferli útilokunar/innlimunar. Boris Buden, króatískur þýðandi og heimspekingur, útskýrir að „aðeins er hægt að skilgreina algildi með því að vísa í undanskilið ytra borð þess. Það sem er undanskilið hugtakinu um algildi þrýstir á það að utan, því það vill verða eitt með því“ (Boris Buden 2006). Engu að síður gæti þetta ekki gerst nema ef hugtakið sjálf breyttist svo nauðsynlegt reyndist að innlima það útilokaða. Þrýstingurinn myndi að lokum leiða til endurskilgreiningar á nýverandi hugtaki um algildi. Þetta ferli þar sem það útilokaða er innlimað í algildið er það sem Butler kallar þýðingu. Buden segir jafnframt að menningarleg þýðing sem „endurkoma þess útilokaða“ (Judith Butler 1993:12) sé því eini hvati lýðræðis á okkar tímum og að sama skapi ákjósanleg leið til félagslegra breytinga. Sú leið er ekki díalektísk heldur transgressív, hún á sér ekki stað fyrir tilverknað áreksra félagslegra gagnverkana, heldur með því að fara út fyrir öll núverandi félags- og menningarleg mörk fyrir tilstilli friðsamlegra, lýðræðislegra og þýðingalegra samningaviðræðna (Boris Buden 2006).

Hér tekur Spivak upp þráðinn og kynnir „stratægíska eðlishyggju“ sem er pólitískt bragð minnihlutahópa sem „starfa á grundvelli sameiginlegrar sjálfsmyndar á opinberu sviði fyrir hagsmuni heildarinnar í jafnréttisbaráttu“ (Wolff 2007). Í kaflanum „Subaltern Studies: Deconstructing Historiography“ úr bókinni *In Other Worlds* má finna hugleiðingar hennar um samband sjálfsmyndar og rannsóknarviðfangs og segir þar að svo unnt sé að koma á breytingum sé nauðsynlegt að beita „stratégískri notkun

²⁶ If one „is“ a woman, that is surely not all one is; the term fails to be exhaustive, not because a pregendered „person“ transcends the specific paraphernalia of its gender, but because gender is not always constituted coherently or consistently in different historical contexts, and because gender intersects with racial, class, ethnic, sexual, and regional modalities of discursively constituted identities. As a result, it becomes impossible to separate out „gender“ from the political and cultural intersections in which it is invariably produced and maintained (Judith Butler 2007:4-5).

pósitívískrar eðlishyggju á augljóslega heiðarlega, pólítíska hagsmuni” (Gayatri Spivak 1988:205). Buden bendir á að þótt „hægt sé að afbyggja hverja einustu sjálfsveru (e. identity) og sýna fram á að eðlið er í raun ímyndað og uppbyggt, eiga stjórnsmál sér enn stað innan eðlishyggjulegs ramma sjálfsmyndarinnar”(Boris Buden 2006), og nefnir þjóðina sem dæmi, eins og við vitum ekki að hún er bara blekking, tálmynd. Hann álitur að hægt sé að túlka hugtakið strategíska eðlishyggju sem þýðingu því við þær sögulegu aðstæður sem við upplifum sé í raun að finna tvö ólík tungumál, tungumál póstmódernískrar and-eðlishyggjukenningar og tungumál gamallar eðlishyggju pólítískra aðferða. Formúlan sem Spivak leggur til er þá einfaldlega viðurkenning á núverandi misræmi á milli þessara tungumála, og eina leiðin til samskipta er einskonar þýðing (Boris Buden 2006).

Eins og minnst var á í inngangi þessa hluta ritgerðarinnar kallar Braidotti einnig eftir kortlagningu og segja má að hún tali tungumál póstmódernískrar and-eðlishyggjukenningar. Í næsta kafla glittir í þær glufur sem Bhabha talar um hér að ofan þegar Braidotti setur jákvæðan kynferðislegan mismun í samband við Deleuze og sjálfsmynd flökkufræðinnar.

1.2.1.1 Flökkufræði

Sannleikur sjálfsmyndarinnar er alltaf á milli sjálfsins og samfélagsins. Sannleikur málsins er, að frá því augnabliki sem þú fæddist, hefurðu tapað uppruna þínum.²⁷

Samkvæmt Braidotti er hægt að lýsa nómadískri hugsun samtímans á allavega þrjá vegu, með hugtökum, stjórnsmálum og út frá samhengi. Með hugtökum lýsir hún því hvernig fræðin leggja áherslu á líkamleika og efnislega byggingu hugsunarinnar. Þau byggja á skilningi sálgreiningarinnar með því að leggja áherslu á sjálfs-skipulagningu (e. self-organizing) hugsanaferla og rúmast innan skynjana, hugtaka og ímyndana sem ekki er hægt að smætta niður í mann- og röklega meðvitund. Í anda efnislegar lífhyggju samsvarar meðvitund ekki rökhyggju, hér er ekki einu sinni um einkarétt mannkyns á henni að ræða, heldur er allt líf gætt meðvitund. Engu að síður hafna flökkufræðin hugmynd Freud og sálgreiningarinnar um meðvitundina og um leið bælingunni, þeirri neikvæðu skilgreiningu á löngun sem skorti, og þiggja þess í stað jákvæða sýn Spinoza á

²⁷ The truth of the subject is always in between self and society. The truth of the matter is that, from the moment you were born, you have lost your origin (Rosi Braidotti 1994:14).

löngun sem verufræðilegt afl verðandinnar. Þar af leiðandi verður öll hugsun að jákvæðri athöfn sem miðar að framleiðslu hugtaka og siðareglna sem snerta hreyfingar okkar og tengingu við önnur líf, hugsun sem þræðir „flóttalínur“²⁸ og krákustíga sem aftur á móti koma upp um og gera út af við ráðandi túlkanir. Braidotti sækir einnig til hugmynda Gillesar Deleuze til þess að varpa ljósi á pólitíkina en hann efaðist um húanísku kröfuna um algildi mannréttinda en lagði þess í stað áherslu á að afhjúpa eigin vitsmuna- og félagsleg valdatengsl. Hún vill því nálgast heiminn með kortlagningu, byrja á smádæmum og tilfellum hins líkamlega sjálfs og flóknum vef félagslegra tengsla sem mynda staðsetningar sjálfsmynda, eða eins og Braidotti segir femínista segja, „við þurfum að hugsa glóbalt, en verka lókalt“ (Rosi Braidotti 2012:4). Samhengið sem flökkufræðin sprettur upp úr er sú póststrúktúralíska grein sem hefur verið líst hér á undan, að undanskildri þeirri áherslu í mótun sjálfsmyndarinnar sem sálgreiningin leggur á hið táknræna, Derrida á hið fallógósentríska eða hið gagnkynhverfða mót hjá Butler. Sú félagslega formgerðarhyggja gefur lítið rými fyrir samningaleitanir að mati Braidotti, þvert á móti gerir hún að verkum að sjálfsmyndin einkennist af skorti og melankólíu (Sama:5).

Á ráðstefnunni *Kynjafræði-Kortlagningar* á vegum RIKK (Rannsóknarstofnum í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands) árið 2002 sagði Braidotti okkur búa „þegar í kvenfrelsuðum, fjölmenningslegum og hátæknivæddum samfélögum“ en að „menning samtímans sé samt sem áður ófær um að setja fram þennan raunveruleika með viðeigandi hætti“ (Rosi Braidotti 2002:24).

Margir álíta að félags-menningarleg stökkbreyting sem stefni í fjölpjódernislegt og margmiðlað samfélag eigi sér nú stað. Í femínískri kenningu er talið að þessar meintu umbreytingar hafi ekki eingöngu áhrif á pól „hinna“ heldur hljóti jafnframt að losa og setja úr skorðum staðsetningar og forréttindi „hins sama“²⁹, hinnar fyrirverandi miðju ...(...)... Samfélagsleg umbreyting kallar nú sem aldrei fyrr á spurninguna um framsetningu: hvað getur karllægt, hvítt, kristilegt eingyðistáknsvið gert fyrir þegnana? Áskorunin, rétt eins og áhyggjurnar, sem komandi sjálfsverur vekja upp, mynda mynstur eins konar *verðandi* sem krefst nýrrar tjáningar og framsetningar sem meta þarf á gagnrýnin hátt.

²⁸ Flóttalínur eru þær röklegu og röklausu leiðir sem heimspeki verðandinnar leitar eftir. „Aukinn hraði eftir þessum línum leiðir til afstæðrar tregðu og seiglu eða þvert á móti til kollsteypu og rofs“ (Deleuze&Guattari 2002:15-16)

²⁹ Hér vísar Braidotti í Irigaray en hjá henni er „hið sama“ (fr. *Le Mémē*) sá Eini, andstæða „hins“ eða „hinna“.

Með því að staðsetja vitsmuni, kynferði og sjálfs-skipulagningu í forgrunn sjálfsmótunar einkennist nálgun flökkufræðinnar af jafnri og um leið margskonar skiptingu. Ferli ólíkra háttá í sameiginlegum málefnum treysta á valdaskilgreiningar sem eru bæði framleiðnar og hamlandi og opna glufu á milli eflingar og sjálfheldu, enda er stutt á milli gagnrýni og sköpunar í sjálfsmynd flökkufræðinnar (Rosi Braidotti 2012:4-6). Til þess að rýna í mismunandi hliðar sjálfmyndarinnar og komast undan fallógósentrískri sýn á hana í samtímanum notar Braidotti hugtakið „myndanir“ (e. figurations). Með því á hún við pólitíska, upplýsta lýsingu á annarskonar huglægi. Að skapa annarskonar lýsingu, að hugsa öðruvísi um sjálfsmyndina og fella hana inn í nýja ramma felur í sér að komast yfir þær takmarkanir sem hugtök tvíhyggjunnar og „pervertískar og mónólógískar venjur fallógósentrísmans“ setja okkur (Rosi Braidotti 1994:2).

Sú aðferðafræði sem Braidotti leggur til svo þessar félagslegu formgerðir verði til nefnir hún „staðsetningarpólitík“ sem gengur út á að „skýra fjölbreytni meðal kvenna innan hugtaksins „kyn[ferðis]legur munur“ eða tvenndarandstæðu hinnar fallógósentrísku sjálfsveru“ (Rosi Braidotti 2002:26). Hér er um að ræða þekkingarfræðilega og pólitíska ábyrgð á félagslegum tengslum (og á líkömnuðum og inngrónum staðsetningum) sem felur í sér að fletta ofan af „valdastaðsetningum“ sem teknar eru á svæði eigin sjálfsmyndar (sama).

Í greininni „Verðandi kona: eða kynferðislegur mismunur endurskoðaður“ fjallar Braidotti um kenningu Irigaray um kynferðislegan mun í ljósi flökkufræðinnar og sjálfsmyndar sem er ekki heil og kallar eftir endurskilgreiningu á því kvenlæga sem verkefni verðandinnar í femínískri orðræðu. Hún gagnrýnir Deleuze fyrir að láta að því liggja að á milli tungumála kynjanna sé „skýrt jafngildi“ og um leið vanrækja þá hugmynd femínista að á milli kynjanna sé ósamsvörun sem aftur á móti sanni réttmæti róttæks mismunar á sálrænu, hugtakalegu og pólitísku sviði. Ennfremur gagnrýnir hún hann fyrir þá þverstæðu sem felst í því að ganga út frá „verðandi-konu“ en horfa fram hjá sögu- og þekkingarfræðilegri sérstöðu kvenkyns femínista. Á sama hátt furðar hún sig á barnskap hans þegar hann spyr sig árið 1994 í *Hvað er heimspeki?*: „Hvað myndi gerast ef kona myndi sjálf verða heimspekingur?“. Við því er aðeins eitt svar:

Má ég gerast svo frökk að dirfast segja að aðeins ekki-kona myndi velta fyrir sér þessum möguleika sem stórkostlegri nýlundu, fordæmislausum atburð eða sem hamförum fyrir [bræðra]reglu

heimpekinnar og þá vísun til þess að grafa undan henni? (Rosi Braidotti 2003:52).

Hún vekur athygli á því að síðustu 30 ár hafi konur verið að velta einmitt þessari spurningu fyrir sér og að með samtakamætti hafi pólitískt þenkjandi konur endurheimt eignarréttinn á stöðu sjálfsins. Ég er sammála henni þegar hún segir að afrakstur þessarar vinnu mætti vel taka til greina þegar álíka barnalega er spurt: „Hvað gerist þegar konur byrja að hugsa fyrir sig sjálfar?“ (Rosi Braidotti 2003:52).

Sjálfsmynd flökkufræðinnar hefur að geyma möguleika verðandinnar, opnun og umbreytingu valds arðrænda, jaðarsettra og kúgaðra minnihlutahópa. Það sem mestu máli skiptir er að gera að engu tvenndarandstæðuna meirihluti/minnihluti og hrista upp í staðalímyndum um kyn eða eins og Butler myndi segja ef hún talaði íslensku, valda kynusla. Verðandi-kona veldur umbreytingum, kollvarpar táknum, félagslegum athöfnum og líkamlegum sögum af hvítum, stofnavæddum kvenleika. Nálgun í anda Deleuze felur í sér að gefa upp á bátinn leitina að hinu eina sanna, upprunalegu sjálfí, en örva í stað þess margs konar verðandi og endurskapa sjálfíð sem ferli umbreytinga. Braidotti segir þetta fjalla um „löngunina fyrir breytingu og að með flökkufræðinni sé lögð áhersla á umbreytingu hugtakalegra kerfa“ (Rosi Braidotti 2003:53) þ. e. díalektík meirihluta/minnihluta og húsbónda/þræls. Í þessu ferli er óhjákvæmilegt að fylgja ósamhverfðum línunum verðandinnar þar sem upphafsstöður þeirra eru svo mismunandi. Fyrir meirihlutann er ekki annar möguleiki á verðandi en sá að leysa upp með öllu miðlæga stöðu sína því í miðjunni er tóm og aðgerðirnar er að finna á jaðrinum. Það sem er mikilvægt hér er að finna stöðu sína og þar koma staðsetningarpólitíkin og mótanir til sögunnar. Mótun er lifandi kort, lýsing ummyndana sjálfsins en alls ekki myndlíking. Að vera á flóttu, ólöglegur innflytjandi eða kona í karllægu samfélagi eru ekki myndlíkingar heldur afar sértækar sögu- og landfræðilegar pólitískar staðsetningar. Þannig fullyrðir Braidotti í lok greinar að „margmiðjaða og holdlega sjálfsveruna er að finna á krossgötunum þar sem heimspeki flökkufræðinnar mætir kynferðislegum mismun“ (Rosi Braidotti 2003:54).

1.2.1.2 Samtvinnun mismunabreyta

Að svo stöddu má vera ljóst að femínískar þýðingar í dag eru hluti af stærra mengi þar sem rúmast samningarviðræður ólíkra sjálfsvera, og talar hver um sig út frá sínum marglaga sjálfum, eins og tilvísunin í Bassnett í upphafi kafla 2.2 ber merki um. Þess

vegna er ekki erfitt að skilja vilja Venuti til þess að gera þeirri menningu sem þýðing sprettur úr, og ferlinu sjálfu, hærra undir höfði. Sá mismunur sem Derrida skrifaði um hefur teygst sig út yfir öll mörk tungumála um leið og aukin samskipti á milli mismunandi fólks kalla á víðari skilning á því samhengi sem það kemur úr, eins og Bhabha, ásamt Spivak, Butler og Braidotti, hafa verið ötul að benda á.

Þessar samningaviðræður hafa á ensku verið kallaðar því lýsandi nafni „intersectionality“ (ísl. samtvinnun mismunabreyta) sem Kimberly Crenshaw notaði undir lok níunda áratugar síðustu aldar í þeim tilgangi að ná utan um það flókna net sem sjálfsmyndir vefa til þess að staðsetja mót tenginga þeirra. Krossgöturarnar sem Braidotti talar um hér að ofan eru bein vísun í þessa staði, þar sem finna má ólík áhrif mismunandi órættis á einu og sömu manneskjuna. Dæmi Braidotti er um kynferðislegan mismun en í jöfnunni má auðveldlega skipta út kynferði fyrir kynþátt eða stétt, enda benti Crenshaw á mögulega beitingu hugtaksins í miðlun og samskiptum á milli margskonar sjálfsmynda og pólitískra hópa (Kimberly Crenshaw 1993:1296). Hún sýndi fram á að kröfurnar sem greindu svartan femínisma frá þeim hvíta væru ekki óháðar þeim kröfum sem greindu kynjafordóma frá femínisma, þvert á móti sköruðust þær svo misréttið sem var beitt breyttist og stigmagnaðist.

Með því að hunsa mismun *innan* hópa er enn fremur stuðlað að spennu á *meðal* hópa, sem er annað vandamál samsemdarpólitíkur er varðar viðleitni til þess að koma ofbeldi gagnvart konum inn í pólitíska umræðu. ..(...)... Þó svo kynþátta- og kynjafordómar skarast oft í lífi raunverulegs fólks, skarast þeir sjaldan í aðferðafræði femínísta og andstæðinga rasisma. Og þá, þegar aðferðafræðin skiptir sjálfinu í annaðhvort konu eða litaða manneskju, í hvorki/né framsetningu, er sjálfsmynd litaðra kvenna undirskipuð og þögguð.³⁰

Crenshaw rannsakaði hvernig þetta misrétti fléttaðist saman út frá hugmyndinni um samtvinnun mismunabreyta og lagði þar með grunninn að nýrri sýn femínísta á kvennabaráttur og nauðsyn þess að meðtaka allar konur í þessar baráttur, burtséð frá bakgrunni þeirra. Samkvæmt hugmyndinni er nauðsynlegt að taka tillit til sjálfsmynda, jafnrættis og valds á ólíka vegu eftir því hvert viðfangið er en á sama tíma skiptir jafn

³⁰ Moreover, ignoring difference within groups contributes to tensions among groups, another problem of identity politics that bears on effort to politicize violence against women ..(...)... Although racism and sexism readily intersect in the lives of real people, they seldom do in feminist and antiracist practices. And so, when the practices expound identity as woman or person of color as an either/or proposition, they relegate the identity of women of color to a location that resists telling (Kimberly Crenshaw 1993:1242).

miklu máli að framkvæma rannsókn frá grunni (e. bottom-up). Þannig er eftir atvikum unnið úr persónulegum reynslum sem ákvarðast af samfélagsgerðinni, gagnert til þess að móta pólitíska stefnu.

Brufau vekur athygli á því að samræður á milli mismunandi femínisma hafi opnað fyrir gagnrýni á ólíka afstöðu og leiðréttingu á bakgrunni hugmyndafræðinnar. Þessi gagnrýni hefur leitt í ljós að ef tekist er á við vandmálin hvert fyrir sig án þess að taka samhengið með í reikninginn, „mun hvorki kynjamisrétti binda endi á kynþáttahatur né öfugt, og það sama gerist í stéttabaráttu eða hvaða grunni sem hægt er að nota sem fyrirslátt jaðarsetningar eða ójafnréttis, hversu skilvirkur eða óvirkur sem hann er“ (Alvira Nuria Brufau 2010:534). Ef ekki er tekið tillit til samtvinnunar mismunabreyta þegar barist er fyrir réttindum ólíkra hópa, mun það að endingu gera þessum sömu hópum miska. Hún leggur til að samtvinnun mismunabreyta verði bætt inn í jöfnu strategískrar eðlishyggju því sú sýn muni auka skilning á því augnabliki, þeirri staðsetningu og þeim aðstæðum sem gera sjálfið. Við erum enn innan víddar orðræðunnar svo lengi sem afleiðingarnar eru greindar með samtvinnun mismunabreyta og með byggingu sjálfsins í huga. Þannig er ekki það sama að vera kona í dag á Íslandi eða kona í fangelsi á tímum spænsku borgarstjryaldarinnar. Vegna þess að veruleiki þessarar konu er bundinn orðræðunni, skapaður og breytilegur, segir Brufau hægt að koma í veg fyrir að falla um samhengisleysi eðlishyggjunnar og staðsetja sjálfið á hverfulli, afmarkaðri blindgötu, þökk sé nákvæmum rannsóknum á þessum krossgötum (Alvira Nuria Bruafau 2010:535).

En hverskonar leiðarvísir er það fyrir femíníska þýðendur og þýðingafræðinga? Hvar geta þau staðsett sig? Er það í meyarhaftinu hans Derrida, „óskýra jaðarnum“ hennar Simon „þar sem upprunatexti og eftirlíking, fyrsta og annað mál, mætast“ (Sherry Simon 1996:162), „þar sem merking stekkur inn í breiða rýmið á milli tveggja sögulegra tungumála“ (Gayatri Spivak 2004:370) eins og Spivak talar um, Þriðja rýmið hans Bhabha eða erum við á eilífum flóttu með Deleuze? Brufau svarar þessum spurningum með hugleiðingum Maríu Tymoczko um þá algengu hugmynd innan þýðingafræðanna að staðsetning þýðanda sé í rýminu „á-milli“ tveggja tungumála eða menninga. Tymoczko andmælir þessum hugmyndum og sérstaklega þeirri áherslu sem póststrúktúralistarnir leggja í hugtakið „milli“, á pólitísku sem og málvísindalegu sviði.

Þótt póststrúktúralistarnir hafi verið gríðarlega hjálplegir í því að grafa undan tvenndarhugsun formgerðarsinna, eru takmörk fyrir þeirri lausn á vandamáli strúktúralistanna sem á að felast í

hugtakinu *milli*, því aðra valkosti en þá sem eru á milli tveggja skauta, er ekki alltaf að finna á milli tveggja andstæðra þátta.³¹

Sú staðhæfing að eitthvað sé á-milli tungumálakerfa fer ekki saman við þá sýn að tungumál séu hefðbundin kerfi sem hægt er að draga merkingu af heldur lætur að því liggja að þau séu form sem einfaldlega spegla utanaðkomandi, tungumálalausa merkingu. Hún segir rýmismyndlíkingar vissulega geta komið að gagni í einhverskonar samhengi sem lýtur að þýðingum og að hugtakið á-milli geri það í hugleiðingum um tungumálið sem stakt kerfi. Engu að síður færir hugmyndin um hreyfinguna á milli tveggja tungumála- og menningakerfa okkur aftur til platónskra hugmynda 19. aldarinnar þegar tilvera merkinga var talin ofar tungumálinu (María Tymoczko 2003:197). Þýðendur taka þátt í og tengjast á margslunginn hátt menningarlegum hreyfingum og í ljósi hugmynda Braidotti um „margmiðjaða sjálfsmýnd“ í heimspeki verðandinnar er ekki hægt að halda því fram að það að fara úr einu tungumáli eða menningu í annað geri fyrri hugmyndir að engu, eða eins og Tymoczko segir:

Rökum samkvæmt útilokar ekki *í sjálfu sér* innleiðing eða aðlögun hugmynda frá annarri menningu þýðanda, eða nokkra aðra, ef út í það er farið, frá því að vera hluti af hennar eigin menningu.³²

Eins og Brufau bendir á er margumtöluð tryggð þýðanda ekki einhver tabúlarasa sem bíður örlaga sinna heldur er „þýðendur í raun svo skuldbundnir menningarlegum bakgrunn, hvort sem sá bakgrunnur er upprunamenning, markmenning, þriðja menning eða alþjóðlegur menningarlegur bakgrunnur sem bæði rúmar uppruna- og markmenningu“ (María Tymoczko 2003:200) að þær blandast óhjákvæmilega saman. Þannig stendur val þýðenda ekki á milli tveggja eða þriggja menninga heldur eru þau „svo margflækt í vef ólíkra hugmyndafræða, boðskipta eða niðurrifsverka að þau sleppa undan ráðandi takmörkunum“ (María Tymoczko 2003:201). Þar af leiðandi ákvarðar staðsetning þýðenda vissulega ákveðna hugmyndafræði þótt hún sé ekki einhver staður á-milli eða eins og Brufau kemst að orði: „þýðandi starfar ekki út frá tómi“ (Alvira

³¹ Although the views of poststructuralists have been enormously useful in undermining structuralist binaries, there are limitations in the concept of *between* as a solution to the problems of structuralism, for not all alternatives to a polarity or a binary figuration lie on a line between the two contrasted elements (María Tymoczko 2003:193).

³² Clearly, from a logical point of view, the introduction of or adherence to ideas and values from another culture does not per se eliminate a translator – or anyone else, for that matter – from being part of her own culture (Sama:200).

Nuria Brufau 2009:541). Hún vill staðsetja þýðendur á krossgötunum hennar Crenshaw því þau starfa ávallt á tilteknum stað, þeim stað þar sem ólíkar áttir og stefnur mætast, þar sem sjálf þeirra mótast og merking texta myndast. „Hugmyndafræði þeirrar sem þýðir er í raun ávöxtur staðsetningar hennar“ (sama) en samtvinnun mismunabreyta gefur kost á því að draga úr huglægrri túlkun þegar unnið er með tungumálið og farangur þess, getu þess sem það talar, og samhengið sem það kemur úr.

Þessi hugmynd um að framsetning orðræðunnar velti á staðsetningu þýðanda ætti að mati Brufau að vera takmark þýðingarinnar, og um leið grundvöllur femínískrar þýðingafraeði (Alvira Nuria Brufau 2009:475). Greinileg og skýr staðsetning er forsenda þess að hverskonar samskipti og samningaviðræður geti átt sér stað. Til þess að staðsetja er tilvísun nauðsynleg en hana er að finna í persónufornöfnunum. Í síðari hluta ritgerðarinnar verður sótt til spænsku fræðikvennanna Calero Fernández, prófessors í textafræði við Háskólann í Lleida, og Maríu Márquez, prófessors við textafræða og samskiptadeild Háskólans í Sevilla, til þess að útskýra mikilvægi málnotkunar gagnvart málfræðinni og þátt áður nefndrar tilvísunar í samskiptum kynjanna.

2 Málvísindalegir kynjafordómar, merking eða form.

Rétt eins og mál og tal eru óaðskiljanleg, eru sveiflur og málvísindalegar breytingar eins og tvær hliðar á sama teningnum (María Márquez 2013:17).

Rannsóknir á málvísindalegum kynjafordómum birtust á sama tíma og fyrstu rannsóknir um kyngervi og tungumál komu fram, eins og minnst var á í upphafi ritgerðar.

Rannsóknirnar ýttu undir endurskoðun á karllægri sýn innan félags- og hugvísindanna, og auknar rannsókir á staðalímyndum sem tungumál viðhalda, bæði leynt og ljóst. Með öðrum orðum þá var hafist handa við að kortleggja hvernig tungumál, kerfi þeirra og dagleg notkun, endurspeglar og viðhalda ójafnrétti kynjanna (María Márquez 2013:7).

Gagnrýni femínista á tungumálið og aðgerðir þar að lútandi hallast að því að varpa ljósi á karllægri málfræðinnar og gera konuna sýnilegri en ella. Um leið og tekist er á við grundvallarspurningar um samband tungu og hugsunar, algildi, eðli kynjanna og samband merkingar og heitis, er innt eftir tilvísunarhlutverki orðanna í málnotkun (sp. pragmática). Hvaða hlutverki gegna þau? Í hvaða samhengi er þau að finna? Málnotkun er ekki aðskilin málfræðinni heldur er um að ræða sjónarmið er snýr að félagslegum

þáttum. Utanaðkomandi, skilyrðandi aðstæður tungumálsins eru rannsakaðar og einkenni sem þurfa nánari útskýringar við eru sett í félagslegt, málfræði- og setningarfræðilegt samhengi.

Þannig er hér skipting Saussure á milli tals og máls, þ.e. málnotkunar og málkerfis, nýtt og skilin sem þekkingarfræðileg flokkun tveggja ólíkra sjónarmiða við nálgun staðreynda, sem í þessu tilfalli varða tungumálið. Þar af leiðir að tvenndarhugsunin á við í rannsókn á tungumálinu, en ekki í raunveruleikanum (María Márquez 2013:16). Eins og María Márquez bendir á snéru stuðningsmenn Saussure út úr kenningum hans, þótt hann hafi staðið fast á því að málfræðingur yrði ávallt að leggja út frá vel ígrunduðu sjónarhorni við málfræðilegar athuganir (2013:16). Eins bendir Magnús Snædal á það að rit það er Márquez vitnar í, *Kennslubók í almennri málfræði* (1916) og Saussure var hvað frægastur fyrir hafi verið skrifað upp úr glósum nemenda hans, en honum auðnaðist ekki að gefa út kennslubók í málfræði í lifanda lífi (Magnús Snædal 2011). Engu að síður er vert að hafa eftirfarandi tilvitnun í huga við nálgun okkar:

Ekkert er hægt að útskýra með því að segja að tungumál sé arfgengt og láta þar við liggja. Er ekki hægt að breyta núverandi og arfgengum lögum frá einum tíma til annars?³³

Hér hætti ég mér því hvorki út í miklar rannsóknir á manngerðum málkerfum né kafað djúpt undir yfirborð sögulegrar málfræði heldur er lagt út frá því að athuga málnotkun sem síðan hefur áhrif á málkerfi, því andstæðan á milli máls og tals er ekki raunveruleg, heldur er einungis um aðferðafræði að ræða. Þess vegna hafna ég rökum um að félags-, efnahagslegir og pólitískir þættir sem einkenna notkun tungumálsins hafi ekki áhrif á málkerfi í heild sinni. Málkerfi er til staðar í hvert skipti sem mál er notað, ásamt málfræðinni, persónubundnum einkennum sem og félagslegum, sem aftur á móti ákvarða sveiflur og breytingar málvísindanna. Þannig vísar málnotkun ávallt í ákveðna tengingu á milli umhverfisins og staðsetningar málnotanda, þ. e. framsetning orðræðunnar er háð staðsetningunni. Án tilvísunarinnar bera samskipti ekki tilætlaðan árángur. Má vera að samskiptin skiljist en málið gegnir ekki tilætluðu hlutverki sínu ef tilvísunin er óþekkt, ónákvæm eða tvíræð (María Márquez 2013:18).

³³ Nothing is explained by saying that language is something inherited and leaving it at that. Can not existing and inherited laws be modified from one moment to the next? (Saussure 1964:72).

Rétt eins og málnotkun og málkerfi eru háð hvort öðru eiga form og merkingarmið í stormasömu sambandi og hefur svo verið síðan málfræðin var fyrst kortlögð eins og vikið verður stuttlega að í næstu köflum. Fræðingar hafa ekki verið á eitt sáttir um hvort eða hvenær merking eða form stjórni formdeildinni kyni. Eins hefur verið þrætt um að hve miklu leyti tilviljun ráði kyni nafnorða (Marcin Kilarski 2005; M. Rosario Martín Ruano 2006). Hugmyndina um að táknið sé tilfallandi (e. arbitrary) má rekja aftur til Aristótelesar. Það sama gildir um hugmyndina um að táknið sé samsett úr hugtaki og hljóðmynd, er ranglega hefur verið eignuð Saussure eins og fram kom í fyrri hluta ritgerðarinnar (Magnús Snædal 2011). Aristóteles skrifaði um tenginguna á milli efnislega táknsins og huglægs innihald þess, það er að „hljóð tungunnar tákna ekki hlutina, heldur innihald „sálarinnar“ (það er að segja meðvitundarinnar)³⁴, og að merkingin kæmist aðeins til skila fyrir tilstuðlan beggja. Márquez bendir á að þetta sýni „frjálsræði tungumálsins“, að það sé ekki ákvarðað af „eðli hlutanna“ heldur séu táknið „sögulega ákvörðuð samkvæmt viðtekinni hefð“ (María Márquez 2013:23). Eins og Jón Gunnar Þorsteinsson útskýrir á *Vísindavefnum* þarf að búa til strúktúralískt kerfi til þess að gefa tilfallandi einingum táknsins merkingu, merkingu sem verður til vegna vensla. Vegna venslanna „er alltaf hægt að endurmynda ótal mörg annarskonar kerfi úr sömu einingum. Þannig felur myndun kerfisins sem gefur einingunum merkingu í sér sífella afbyggingu á sama kerfi og þar með tilurð annars konar merkingar“ (Jón Gunnar Þorsteinsson 2004). Márquez er sama sinnis og segir þennan eiginleika tungumálsins ekki koma í veg fyrir félags- og málfræðilega skilyrtar breytingar heldur þvert á móti, þá „felur sjálf hugmyndin um tilfallandi eigindir táknsins í sér möguleikann á breytingu“.³⁵ Hún vill þó ekki ganga svo langt að segja einstaklinga eða samfélag geta fyrirskipað þess háttar breytingar, því: Breytingar á tákni eru háðar sögunni: aðeins heild samfélagsins getur myndað þau gildi sem er að finna í almennri notkun.³⁶

Þar af leiðir að fyrst hægt er að fullyrða að táknið sé sögulega ákvarðað er ekkert sem mælir gegn breytingum sem orsakast af félagslegum, sögu- eða menningalegum þáttum.

³⁴ [L]os sonidos de la lengua no son signos para objetos, sino para contenidos „del alma” (es decir, de la conciencia) (María Márquez 2013:23).

³⁵ De hecho, el propio concepto de arbitrariedad implica la posibilidad del cambio. (Márquez 2013:24).

³⁶ La naturaleza convencional de signo hace referencia a su carácter históricamente motivado: solo la colectividad puede establecer valores cuya única razón de ser está en el uso y en el consenso generales (María Márquez 2013:24).

Ef raunveruleikinn breytist, breytist skipulagið á hugtökum mannglegrar reynslu og að sama skapi orðin og tjáningin. (María Márquez 2013:25).

Því skýtur sú þróun sem átt hefur sér stað í íslensku tungumáli á undanförunum árum ekki skökku við, þar sem sýnileiki kvenna í opinberu lífi hefur aukist. Rannsóknir sem gerðar voru árin 2009 og 2011 við framhaldsnám í íslenskum fræðum við Hugvísindasvið Háskóla Íslands benda til breytinga á talsmáta barna og unglunga. Sú tilhneiging að nefna konur ekki í setningum heldur nota ómarkaða kynið í tilvísunum virðist vera á undanhaldi. Rannsóknirnar leiddu í ljós að notkun málfræðilegra kynja í íslensku sé að breytast hjá þeim kynslóðum sem eru að vaxa upp í dag því ósamsvörun er á milli kyns nafnorðs, persónufornafna og starfsheita (Anna Helgadóttir 2011, Selma Gunnardóttir 2009). Með öðrum orðum er ekki lengur vísað í málfræðilegt kyn nafnorða heldur tekið mið af líffræðilegu kyni þeirra sem vísað er til:

1. Fyrrverandi forseti (kk.), frú Vigdís Finnbogadóttir, tók á móti finnska ráðherranum (kk.) í morgun, þær (kvk.) fengu sér kaffi og skiptust á reynslusögum.
2. Leiðbeinendurnir (kk.) strikuðu með rauðu bleki á pappírinn, þær (kvk.) voru ekki í góðu skapi.

Í þessu samhengi má benda á að Guðrún Kvaran mælir með því að láta raunkynið (líffræðilegt kyn) ráða ef erfiðleikar standa frammi fyrir vali á málfræðilegu kyni eða líffræðilegu, sérstaklega ef samhengi bendi til þess að viðkomandi sé kona (Guðrún Kvaran 2005:202).

Þetta ósamræmi er einmitt eitt af meginvandamálum þýðenda (Martin Ruano 2006:213). Þegar þýtt er á milli tveggja tungumála sem bæði innihalda málfræðilegt kyn, eins og spænska og íslenska, er umfang vandamálsins vissulega ekki af sömu stærðargráðu og til dæmis á milli ensku, sem ekki hefur málfræðilegt kyn, og áðurnefndra tungumála. Engu að síður koma upp vandamál þar sem kynjakerfin eru ólík innbyrðis og einstök heiti vísa í ólík kyn. Sem dæmi má nefna starfsheiti eins og *la jueza* (dómari í kvk.) en á íslensku er dómari ekki til í kvenkyni. Vissulega má deila um það hvort málfræðilega kynið sé eingöngu formsatriði sem engu máli skipti fyrir merkingu táknsins og hugmyndir málnotenda eða hvort ráðandi hugmyndafræði í tilteknu málsamfélagi hafi áhrif á þýðingarferlið. Samkvæmt Nissen bendir flest til þess síðarnefnda og þá hallar á kvenkynið vegna þeirrar tilhneigingar þýðenda að leita til ómarkaða kynsins (Nissen 2002). Til þess að auka sýnileika kvenna mætti því í tilviki

kvenkyns dómara nota persónufornafn í kvenkynsmyndum til þess að gefa kyn viðkomandi til kynna, til dæmis:

1. Dómarinn dæmdi eftir hennar bestu getu.³⁷

Í ljósi ofangreindra atriða kemur deilan sem spratt upp á Íslandi árið 2007 vegna síðustu bibliúpýðingar nokkuð spánskt fyrir sjónir. Sama má segja um deiluna á Spáni árið 2012. Það er ekki allsendis óvíst að hér sé um „hversdagslegar goðsagnir tungunnar” (Jacobson 2010:118) að ræða sem þó þarf ekki að þýða að tungumálið sé ófært um að koma upplýsingum til skila á sem skýrastan hátt. Í krafti hugmynda Littau sem greint var frá í kafla 1.2.3, Askjan hennar Pandóru, er hægt að endursegja goðsagnirnar sem Jacobson talar um. Breidd málfræðilegra hliða tungumálsins, og um leið þýðinga, hefur aukist í meðförum málnotenda á Íslandi, samanber þær rannsóknir sem vísað var í hér að ofan. Þetta ósamræmi á milli nafnorða og persónufornafna rennir stoðum undir þá tilgátu að kynjafordómar séu innbyggðir í málfræðina. Aukin þáttaka kvenna í opinberu lífi hefur án efa ýtt undir þá þróun sem vísað er í, eins og víðari notkun orðsins forseti ber merki um. Enda bendir Eiríkur Rögnvaldsson að setningarnar ‚forsetinn er kona‘ og ‚hún er forseti‘ séu málfræðilega réttar, þótt ósamræmi sé á milli kyns og sagnfyllingar (Eiríkur Rögnvaldsson 1990:54). Rannsóknir á kynjafordómum málvísindanna geta aukið skilning og betrubætt þýðingar. Til þess að unnt sé að viðurkenna ofangreint ósamræmi þarf að staðsetja það og því verður greint frá hugtakinu tálörk³⁸ (sp. pseudo-genérico). Þegar samningaviðræður þær sem felast í þýðingum innihalda skýrari tilvísun er hægt að finna leiðir til þess að auka sýnileika kvenna, og hugsanlega er eina að finna í þýðingu persónufornafna frá spænsku til íslensku. En fyrst verður hugað að því hvernig ofangreindar goðsagnir tákngerast í tungumálinu.

2.1 Spænskar handbækur um kynjafordómalaust málfar

Fyrstu handbækurnar um kynjafordómalaust málfar komu út á Spáni undir lok 9. áratugar síðustu aldar, þegar straumar kanadíska skólans bárust til meginlands Evrópu. Það kemur heim og saman við Álvaro García Meseguer sem rekur upphaf útgáfu leiðbeininganna til þess sem hann kallar þriðja tímabil kynjafordóma málvísindanna, en

³⁷ Mitt dæmi.

³⁸ Mín þýðing.

samkvæmt honum er hægt að skipta málvísindalegum kynjafordómum niður í fjögur tímabil:

1. tímabil: Tilvist þeirra er óþekkt. Engir fordómar eru greindir. Á Spáni náði þetta tímabil fram á miðjan sjöunda áratug 20. aldar.
2. tímabil: Málvísindalegir kynjafordómar eru uppgötvaðir. Upplýsingar um tilvist þeirra breiðast út um kringum 1980.
3. tímabil: Innan kvenfrelshreyfinga er gert átak til þess að berjast gegn málvísindalegum kynjafordómum. Í því tilliti hefst útgáfa handbóka um miðjan 9. áratuginn.
4. tímabil: Tilheyrir deginum í dag. Vankantar handbókanna koma í ljós sem og erfiðleikar við að fylgja þeim eftir. Upp kemur ágreiningur á milli þeirra sem verja handbækurnar og þeirra sem gagnrýna þær. Til einföldunar er hægt að segja að þeim fyrrnefndu sé meira um konuna gefið heldur en tungumálið og að þeim síðarnefndu sé á hinn veginn farið.³⁹

Meseguer leitaðist við að grafa undan þeim ástæðum sem gáfu leiðbeiningunum byr undir vængi, og fordæmdi jafnframt ákveðin nýyrði og notkun orða sem tengjast auknum umsvifum kvenna í spænsku samfélagi (Brufau 2009:398). Hann greindi á milli tvennskonar kynjafordóma, þeirra sem leynast í orðaforðanum og setningarfræðilegra fordóma. Samkvæmt Meseguer felst vandi og villa femínista þriðja tímabilsins í því að ekki var gert ráð fyrir fordómum viðmælenda (sp. *sexismo del oyente*). Ennfremur fordæmir hann þá skoðun að merkingarlegir þættir hafi áhrif á formgerð málfræðinnar. (Meseguer 2001:23). En eins og fram hefur komið er hér ekki gerður greinarmunur á málkerfi og málnotkun, heldur er litið á þetta tvennt sem tvær hliðar á sama teningnum. Í næsta kafla verður fjallað nánar um tenginguna á milli kynferðis og málfræðilegra kynja, en þó má minna á að hér er gengið út frá því að orsakatengsl séu á milli kynferðis og málfræðilegu formdeildarinnar kyn.

³⁹1^a etapa: Se desconoce su existencia. No se detecta el sexismo lingüístico. Esta etapa ha durado en España hasta mediados de los años setenta.

2^a etapa: Se descubre el sexismo lingüístico y su existencia comienza a difundir en la sociedad. Esta etapa en España se ubica en torno a 1980.

3^a etapa: El feminismo intenta crear estrategias para combatir el sexismo lingüístico. Se publican recomendaciones al respecto. Estamos a mediados de la década de los ochenta.

4^a etapa: Corresponde al momento actual. Se hacen patentes los inconvenientes que trae consigo el seguir las recomendaciones anteriormente mencionadas. y se crea un conflicto entre dos bandos, quienes defienden esas normas y quienes las atacan. De manera simplista podemos decir que a los primeros les importa más la mujer que el lenguaje y que a los segundos les sucede lo contrario (Meseguer 2001:23).

Frá því fyrstu handbækurnar birtust hafa mörg hundruð bækur, bæklingar og leiðbeiningar um kynjafordómalaust málfar komið út. Handbækurnar eru gefnar út á vegum af spænska ríkisins, sveitarfélaga, ýmis konar stofnana, háskóla og fyrirtækja. Á internetinu má jafnvel hala niður leitarvél sem leiðréttir kynjafordóma í textum⁴⁰. Handbókunum er beint að stofnunum í stjórnsýslu, og snúast þær því einvörðungu um fræðilegt mál (sp. *lenguaje culto*) (Moreno Cabrera 2012). Tilgangur með útgáfu þeirra er að stuðla að meðvitund um karllæga málnotkun, auka sýnileika konunnar í tungumálinu og styrkja jafnrétti kynjanna. Hér verður ekki farið út í smátriði á innihaldi handbókanna en sem dæmi má nefna að árið 2010 kom ein slík út á vegum Háskólans í Granada (Unidad de la Igualdad, UGR). Segir þar:

Handbók um kynjafordómalaust málfar er gefin út á vegum Einingar jafnréttis í UGR. Handbókin er til þess gerð að veita háskólasamfélaginu gagnlegt verkfæri sem nýtist þegar efasemdir vakna um hvernig skal gæta jafnréttis í notkun tungumálsins.

Hér er um að ræða ígrundaðar ráðstafanir er varða jafnréttisþólitik og ekki af ástæðulausu, enda er tungumálið verkfæri hugsunarinnar og tjáir sem slíkt ólík viðhorf. Meðal þessara viðhorfa er sú venja að nefna [konur] í karlkyni, sem byggir á hefðum málfræðinnar, án þess að gefa færi á að tungumálið þróist með þeim breytingum sem átt hafa sér stað í samfélaginu. Þess vegna er nauðsynlegt að stuðla að tungumálapólitik sem rúmar ekki kynjafordóma, heldur eflir jafnrétti kynjanna með því að auka á sýnileika þeirra beggja um leið og félagslegum, pólitískum og efnahagslegum breytingum okkar tíma er fylgt eftir.⁴¹

Þetta viðhorf, að þróun tungumálsins sé háð samfélagslegum breytingum, endurspeglast í öllum handbókunum. Gagnrýnin á þær snýst að mestu leyti um tenginguna á milli raunveruleika og tungumáls. Í spænsku samfélagi hefur borið mest á tveimur ólíkum afstöðum:

⁴⁰ Slóðin er <http://www.themis.es/> Skoðað 26.8. 2014.

⁴¹ La Unidad de Igualdad entre mujeres y hombres de la Universidad de Granada presenta esta Guía de lenguaje no sexista, para facilitar a la comunidad universitaria un instrumento útil y de sencillo manejo que sirva para aclarar las dudas planteadas en la utilización de un lenguaje igualitario.

Se trata de una de las medidas contempladas como importantes en las políticas de igualdad, y no sin razón, puesto que la lengua es un vehículo de pensamiento, de expresión de un comportamiento ante diversas actitudes, entre las que se encuentra nombrar en masculino basándose en normas gramaticales exclusivamente, sin permitirle al lenguaje que evolucione de acuerdo con la sociedad. Es por lo tanto necesaria una política lingüística donde no tenga cabida el sexismo, que sirva de refuerzo para consolidar la igualdad entre mujeres y hombres, haciéndola visible lingüísticamente y siendo portavoz de la transformación social, jurídica, política y económica del momento que nos ha tocado vivir (Universidad de Granada 2012).

- a) Annarsveggar þeirra sem verja sjálfstæði tungumálsins gagnvart veruleikanum og styðjast við tilfallandi tákni málfræðilegra kynja. Samkvæmt því er fullyrt að málvísindaleg kerfi séu ekki kynjafordómafull, þó sjálf málnotkunin geti verið það. Fólk sem aðhyllist þessa skoðun vill hvorki gera breytingar á málkerfum né skapa tiltekin kvenkynsorð.
- b) Hinsveggar eru þau sem ganga út frá gagnkvæmum tengingum á milli tungumáls, veruleika og hugsunar, og að orsakatengsl sé á milli málfræðilegra kynja og formdeildarinnar kyns (sp. categoría motivada). Vegna þessara gagnkvæmu tenginga er fullyrt að almennt í tungumálum og nánar tiltekið í formdeildinni kyn, endurspeglar félagslegt skipulag feðraveldisins í nútíma þjóðfélögum. Þar af leiðandi er barist fyrir afskiptum af tungumálinu, og litið á það sem verkfæri sem nýst geti til samfélagslegra úrbóta (María Márquez 2013: 58).

Þessi tvígreining er ekki algild og finna má fólk sem fer meðalveginn. Þannig er hægt að álíta að formdeildin kyn ákvarðist af bæði merkingar- og formfræðilegum forsendum, og gera þá greinarmun á milli kyns nafnorða sem vísa í lífi gæddar verur, sérstaklega manneskjur, og þeirra sem vísa í dauða hluti. Að sama skapi má aðhyllast tenginguna á milli málfræðilegs kyns og kynferðis án þess að sjá ósamsvörun (sp. isomorfismo) á milli málvísindalegra bygginga. Og rétt eins og vikið var að í inngangi þessa hluta ritgerðarinnar er engin ástæða til þess að neita því að táknið sé tilfallandi þótt það geti orðið fyrir áhrifum af málnotkun, því sjálft lögmálið um tilfallandi táknið gefur til kynna þá eiginleika tungumálsins að það sé sögulega ákvarðað.

Oft hefur staðið styr um spænsku handbækurnar en þó aldrei með jafn miklum látum og upphófst árið 2012, þegar Ignacio Bosque gagnrýndi þær í greininni „Kynjafordómar málvísindanna og sýnileiki konunnar“ („Sexismo lingüístico y la visibilidad de la mujer“). Undir greinina skrifuðu 26 málfræðingar og málvísindafólk. Afstaða þeirra er sú sem lýst er í lið a) hér að ofan. Í yfirlýsingu sem skrifuð var af fjórum prófessorum til stuðnings Bosque eru höfundum handbókanna brigslað um fáfræði og „algjöra vanþekkingu á hlutverki tilvísunarinnar“ (Manifiesto en apoyo de I. Bosque 2012:6.1). María Márquez sem vitnað hefur verið í margoft á þessum síðum er á öndverðum meiði og líkt og gefur að skilja einnig það fólk sem stóð að útgáfu handbókanna. Í handbókunum er notkun ómarkaða kynsins tekin gild, þó misnotkun þess sé gagnrýnd, því með misnotkuninni hallar á nákvæmni tilvísunar eins og vikið verður að í kafla 2.3.

Samkvæmt Márquez er bæði félagslega og málvísindalega kynjafordóma að finna í ósýnileika kvenna, með því að nefna þær ekki í tilvísun setninga og gera þær þannig undanskildar skilgreiningu.

1. Hombre de la razón → maður skynseminnar

Hugmyndafræði kynjafordóma skýrist í mörkuninni, og þá sem merki í tungumálinu um samlíkingu þess almenna við tiltekið karlkyn, svo orðin „maður“ og „manneskja“ eru lögð að jöfnu við orðið „karlmaður“. Það er þessi „sögulega gleymka þess tiltekna“ (sp. olvido histórico de la especificación) (María Márquez 2013:48) sem gerir ráð fyrir því að ósýnileiki kvenna sé eðlileg og útskýrir af hverju konur eru ekki til staðar í tilvísuninni. Nú þegar vestrænar konur taka þátt í opinberu lífi, ber fyrst á þessari tengingu óhlutbundna karlkynsins við innihald orðsins „karlmaður“ (Sama).

2.2 Íslenska biblíupýðingin

Einnig hefur borið á þessari „sögulegu gleymsku“ á Íslandi sem varð til þess að þegar unnið var að síðustu útgáfu Biblíunnar sem út kom árið 2007 var ákveðið að verða við óskum Jafnréttisnefndar kirkjunnar og notast við mál beggja kynja (e. inclusive language) í þýðingunni. Tvö atriði voru nefnd óskum Jafnréttisnefndar til skýringar, fyrri atriðið fjallaði um orðið „maður“:

Það er ljóst að notkun þessa hugtaks skapar ákveðið vandamál, þar sem það merkir stundum „karl og kona“ og stundum „karl“. Hitt atriðið er um að karlkynsorðum verði stundum breytt í hvorugkynsorð, orðinu *sonur* verði stundum breytt í *barn* og *bróðir* í *bróðir* og *systir* eða *systkin* (Guðrún Kvaran 2013:271).⁴²

Kvennakirkjan gaf út bókina *Vinir og vinkonur Jesú* árið 1999, með völdum köflum úr Biblíunni sem færðir voru til máls beggja kynja, til þess að vega upp á móti útilokunarorðalagi (e. exclusive language) hefðbundinna biblíá. Bókin er gefin út að erlendri fyrirmynd, vegna þess að „[m]álfar mótar. Það hefur mótað mismunun kynjanna að lesa texta Biblíunnar í karlkyni“ (Kvennakirkjan 1999:8). Því má segja að sama ástæða liggja að baki framtaki Kvennakirkjunnar og útgefenda spænsku leiðbeininganna um kynjafordómalaust málfar, þ. e. að tungumálið er ekki óháð veruleikanum og þess vegna sé kvenvæðing (e. feminization) þess nauðsynleg.

⁴² Síðara atriðið var ósk um að karlkynsorðum yrði stundum breytt í hvorugkynsorð en um hvorugkynið verður fjallað í kafla 2.3.2.

Við tillögum Jafnréttisnefndar bar einna hæst á mótbárum Guðrúnar Þórhallsdóttur, dósentis við Íslensku- og menningarsvið Háskóla Íslands, og Ágústu Þorbergsdóttur, málfræðings á Málræktarsviði Stofnunar Árna Magnússonar. Ágústa leggur áherslu á formgerð tungumálsins og aðgreiningu málfræðilegs kyns og líffræðilegs, þó „augljóslega séu tengsl þar á milli“ (Ágústa Þorbergsdóttir 2002:83)⁴³. Báðar mótmæla þær harðlega þeim rökum kvennaguðfræðinga og femínista að hefðbundin skilningur á orðinu ‚maður‘ sé ekki kynhlutlaus (Ágústa Þorbergsdóttir 2002:98, Guðrún Þórhallsdóttir 2008:115). Samkvæmt Guðrúnu er hér um tilfinningarök að ræða og ber hún fyrir sig tilvísunarrökum, þ. e. þeirri reglu að nota skuli karlkynsmyndir þegar vísað er til ótilgreinds fólks, vegna þess að karlkynið er ómarkað og vísar jafnt til beggja kynja:

1. ef einhver hringir segðu honum þá að ég komist ekki í símann. →(óháð kynferði, óháð fjölda, óvíst hvort nokkur hringi)⁴⁴ (Guðrún Þórhallsdóttir 2008:115)

Á sama hátt greinir Guðrún á milli setninga sem innihalda beint ávarp og óbeint ávarp, því samkvæmt hefðbundinni íslenskri málfræði er notkun karlkyns og hvorugkyns mismunandi eftir því hvert samhengið er. Hún útskýrir að í íslensku sé alsíða að bein ávörp miðist við kynferði þeirra sem átt er við og því „eiga orðin Verum glaðir og Verið glaðir (kk.) við karlahóp en Verum glöð og Verið glöð (hk.) við blandaðan hóp“ (Guðrún Þórhallsdóttir 2008:120). Brýtur því ekki breytingin úr kk. ft. í hk. ft. gegn íslenskri ritmálshefð. Hinsvegar gegnir öðru máli um óbein ávörp þar sem kynferði er óþekkt því þar beri að nota ómörkuðu karlkynsmyndina vegna setningafræðilegs samræmis.

2. Nokkrir hafa enga þekkingu á Guði → óþekkt kynferði
3. Sum ykkar hafa enga þekkingu á Guði → ákveðinn og blandaður hópur

Í dæmi nr. 3 hefur merkingin breyst því vísunin afmarkar hópinn, fullyrt er að um blandaðan hóp sé að ræða, en í dæmi 2 er karlkynið í hlutleysishlutverki og því ekkert

⁴³ Dæmi um tengsl eru frændsemsorð, andstæðupör og ýmis dýranöfn, en dæmi um ósamræmi eru karlkynsorðin ‚kvenmaður‘ og ‚svanni‘, og hvorugkynsorðin ‚sprund‘ og ‚víf‘ (Ágústa Þorbergsdóttir 2002:83).

⁴⁴ Hér væri vel hægt að umorða og segja einfaldlega: Viltu segja að ég sé upptekin ef einhver hringir.

sagt um kynferði viðkomandi. Eins bendir Guðrún á að um notkun fornafna sem vísi til nafnorða gildi mismunandi reglur eftir því hvort um almenna vísun sé að ræða eða ekki.

1. Alltaf þegar krakkar koma inn eiga þeir að fara úr skónum
2. Alltaf þegar krakkar koma inn eiga þau að fara úr skónum

Vegna setningafræðilegs samræmis karlamálfræðinnar er nr. 1 rétt, en nr. 2 brýtur í bága við ritmálshefðina. Hinsvegar er hægt að nota orðmyndina „þau“ ef vísað er í afmarkaðan hóp með þekkt kynferði.

3. Alltaf þegar krakkarnir koma inn eiga þau að fara úr skónum

Að lokum er rétt að komi fram að þegar þýðinganefndin breytti kynhlutlausri karlkynsmynd ft. í hk. ft., t.d. „þeir sem sjúkir eru“ í „þau sem sjúk eru“, lagði hún mat á það hvenær og hvort þörf væri á breytingum. Guðrún var ekki sammála öllum breytingunum því samkvæmt karlamálfræðinni var upplýsingunum ofaukið. Betur hefði farið að halda kynhlutlausu orðmyndinni „þeir“, því með henni er ekkert sagt um kynferði og með því að nota „þau“ er fullyrt að um blandaðan hóp sé að ræða. Hún segir jafnframt mikilvægt

að hafa hugfast að í íslensku er sú venja rótgróin að nota kynhlutlausu myndirnar, t.d. þegar sagt er að allir sem vettlingi geti valdið eigi að koma til hjálpar eða að þeir sem eru búnir með verkefnið megi fara heim, jafnvel þótt sá sem talar hafi blandaðan hóp fyrir framan sig eða í huga. Við þessar aðstæður er engin þörf á að skilgreina kynferði þeirra sem talað er um (Guðrún Þórhallsdóttir 2008:125)

Í ljósi rannsóknanna um aukið setningafræðilegt ósamræmi sem minnst var á í inngangi þessa seinni hluta ritgerðarinnar má leiða líkum að því að íslensk málvenja sé að breytast vegna málnotkunarinnar. Aukinn sýnileiki kvenna og það sem virðist vera aukin þörf á tiltekinni afmörkun kynjanna í daglegu tali, samkvæmt þróun íslenskrar málnotkunar, virðist valda áður nefndu ósamræmi. Eins og Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor í guðfræði við Háskóla Íslands, bendir á þurfa konur oft að spyrja „hvort þær séu menn eða ekki“ (Arnfríður Guðmundsdóttir 2002:75). Ennfremur tekur hún fram að endurskoðun á kirkjulegu máli sé einnig endurskoðun á málnotkun, sem kalli á

breytingar á ríkjandi hefð og að slíkt veki „alltaf hörð viðbrögð þeirra sem vilja setja málfræðileg rök eða trúnað við frumtextann framar öllu öðru“ (Arnfríður Guðmundsdóttir 2002:80). Að lokum má benda á að til grundvallar þýðingavinnunni var *Biblia Hebraica Stuttgartensia* notuð en þegar „nauðsynlegt reyndist“ var vikið frá þeim texta og er „jafnréttissjónarmið dæmi um þá nauðsyn sem hér er vísað til“ (Arnfríður Guðmundsdóttir 2002:81).

Í stuttu máli má draga þennan fróðleik saman þannig að þær deilur sem hér hafa verið til umfjöllunar eigi ýmislegt sameiginlegt, því ásteytingarsteinninn er sá sami í hvorri deilu fyrir sig. Í báðum löndum er tekist á um mörkunina og kynhlutleysi karlkynsins. María Márquez og Guðrún Þórhallsdóttir nálgast báðar efnið með tilvísunarrökum þótt þær séu á öndverðum meiði. Það sem Guðrún kallar tilfinningarök mætti leggja að jöfnu við þá gagnrýni sem spænskir femínistar hafa fengið, um að túlkun þeirra á útilokun kvenna sé ákveðin „viðkvæmni“ (María Márquez 2013:49). Á Spáni hafa andstæðingar hverskyns breytinga lagt áherslu á að fordómanna sé að finna hjá málnotendum en ekki í kerfinu sjálfu og varað við þeirri hættu að rugla saman málfræðilegum og líffræðilegum kynjum.

María Márquez dregur saman helstu einkenni spænsku deilunnar og má vel yfirfæra þau á íslensku deiluna:

- a) Hlutdræg og söguleg gleymaska tilvísunarinnar, sem leiddi til þess að hinu sértæka sviði var blandað saman við það almenna.
- b) Átök á milli málvísindalegra kenninga og málnotkunnar, og oft mótsagnakenndra forskriftarreglna beggja málsaðila.
- c) Meginátökin lýsa sér í misskilningi sem hlýst af því að afmarka ekki í fyrsta lagi það óhlutbundna og teóríska, með tungumálið sem rannsóknarviðfang, og í öðru lagi lífsreynslu, þar sem tungumálið er félags- og menningarlegur veruleiki, samskiptaverkfæri skapað af málnotendum til þess að fullnægja tjáningarþörfum þeirra.⁴⁵

45

a) Esa falta histórica de especificación, ideológicamente interesada, llevó a confundir el plano específico de lo varonil con el inespecífico universal del ser humano.

b) Por otra parte, el conflicto se mantiene por el enfrentamiento entre la teoría lingüística, el uso, y las prescripciones, a veces contradictorias, dan tanto la RAE como las instituciones públicas que persiguen una táctica de igualdad.

c) En un plano de teoría lingüística, el conflicto mayor se da, a nuestro juicio, por la confusión creada al no deslindar dos planos: el abstracto o teórico, que considera a la lengua como objeto de estudio; y el

En hvaða lærdóm má draga af samanburði íslensku deilunnar við þá spænsku? Hvernig tengjast þær?

2.3 Eilítið um kynjakerfi vestrænnar málfræði

Eins og áður sagði verður ekki farið djúpt í sögulega málfræði en vegna eðli umfjöllunarefnisins, málvísindalegra kynjafordóma, verður ekki hjá því komist að greina stuttlega frá tilurð kynjakerfa þeirra tungumála sem hér eru til skoðunar. Vegna þess að sameiginlegar rætur íslensku og spænsku liggja um indóevrópsku tungumálin og bæði íslenskt og spænskt fræðafólk sækir í indóevrópska kynjakerfið til þess að útskýra nútíma málnotkun, verður greint frá þessum kenningum í þessum kafla. Aukinheldur er í undirkafla gerð tilraun til þess að útskýra útbreidda notkun ómarkaða kynsins en þar hafa hugmyndir Maríu Márquez verið einkar hjálplegar.

Jón Axel Harðarson gerir grein fyrir því að í flestum fornindóevrópskum málum voru málfræðilegu kynin þrjú, karlkyn, kvenkyn og hvorugkyn. Þessi heiti fólu í sér tengingu málfræðilegs kyns við líffræðilegt kyn, þar sem „flest orð sem skipt er í flokka eftir þeim tákna ýmist karlverur, kvenverur, eða hluti og hugtök” (Jón Axel Harðarson 2001:254). Samkvæmt því sem almennt er talið var þetta þriggja kynja kerfi arfur frá eldra kerfi sem hafði tvö kyn, samkyn (lat. genus comune) og hvorugkyn (lat. genus neutrum). Ekki var gerður málfræðilegur greinarmunur á líffræðilegu kynjunum heldur var andstæða þeirra orðfræðileg eða háð textasamhengi, samkynið táknaði lifandi verur (lat. animata) og hvorugkynið hluti og hugtök (lat. inanimata) (Jón Axel Harðarson 2001:262). Karlkynið er talið vera komið af samkyni, sem notað var um bæði karla og konur, og segir Jón Axel ekki leika vafa á því að kvenkyn hafi þróast úr hvorugkyni.

Þau viðskeyti sem notuð eru við myndun kvenkyns eiga uppruna sinn í kerfi hvorugkynsorða, þar sem þau höfðu það hlutverk að mynda safnheiti (lat. colectiva) eða orð með óhlutstæða merkingu (lat. abstracta) (Jón Axel Harðarson 2001:264).⁴⁶

Hann fullyrðir að þrátt fyrir að heiti kynjanna vísi í veruleikann, eigi formdeildin kyn lítið skylt við líffræðilegt kyn. Hin málfræðilega aðferð var tekin upp vegna þess að með henni er hægt að skýra þá setningafræðilegu samsvörun, eða sambeygingu, sem

vivencia donde la lengua es realidad social y cultural, instrumento de comunicación creado por los hablantes para satisfacer sus necesidades expresivas ((María Márquez 2013:133).

⁴⁶ Ástæður fyrir þessu eru á reiki en í greininni sem vitnað er í, „Um karla og karlynjur”, rekur Jón Axel eigin skoðanir á þróuninni.

felst í því að kyn lýsingaorða eða fornafna lagi sig að kyni þeirra nafnorða sem þau standi með eða vísi til (Sama). Ennfremur valdi ósamsvörun togstreitu sem lýsi sér í því að málfræðilegt kyn ráði ekki kyni þess sem vísað er í, heldur sé líffræðilega kynið ráðandi (Jón Axel Harðarson 2001:255):

1. Kennarinn (kk.) er sætur (kk.) → Málfræðilegt kyn ráðandi
2. Kennarinn (kk.) er sæt (kvk.) → Líffræðilegt kyn ráðandi

Í fyrra dæminu er um endurvísun að ræða, það er að lo. beygist eftir málfræðilegu kyni, en í því síðara er um bendivísun að ræða, þar sem líffræðilegt kyn þess sem vísað er í er ráðandi. Annað dæmi sem inniheldur fornöfn kemur frá Guðrúnu Þórhallsdóttur:

- Krakkarnir (kk.) voru blaut (hk.) og skítug (hk) þegar þau (hk.) komu inn (Guðrún Þórhallsdóttir 2005:44).

En ekki eru öll sammála um uppruna og tilurð kvenkynsins og hlutverk þess. Eftir því sem Calero segir var kyn í indóevrópsku aðeins eitt sem innihélt þrjá ólíka hætti: einn vísaði í líflausa hluti (sp. inanimado), annar sem vísaði í lífi gæddar kvenkyns verur og sá þriðja í lífi gæddar karlkyns verur (Fernández Calero 1999:88). Sá háttur sem vísaði í lífi gæddar kvenkyns verur þróaðist úr hinum tveimur. Þetta formsatriði lýsir stigveldi mismunar samkvæmt Calero, og það sama gildir um hlutverk karlkynsins en það gegndi (og gegnir reyndar enn eins og oft hefur komið fram) tvöföldu hlutverki, því sértæka og því algilda. Kvenkynið gegnir aðeins sértæku hlutverki.

Form og hlutverk kynjanna gefa í skyn að fyrir indóevrópskum málnotendum hafi kvenkynið verið háð hinum kynjunum tveimur og að það hafi haft minna gildi. Calero velkist ekki í vafa um hvort þetta fyrirbæri sé tilviljun því ekkert sé háð tilviljun hvað varði kerfi tungumála. Vestræn samfélög eru karllæg, með öðrum orðum er „karlinn ásinn sem aðrir hlutir hverfast um” (Fernández Calero 1999:91) og það er eðlilegt að þetta félagslega ástand hafi speglast í málvísindalegum kerfum, byggingu þeirra og kynjanotkun. Aukinheldur er öruggt að það

stigveldi forms og hlutverks sem hlaust af ólíkri kynjaskiptingu sé af menningarlegum toga, afleiðing verkaskiptingar er tíðkaðist í

samfélögum sem þróuðu með sér þessa málfræðilegu tilviljun, skiptingu sem við höfum arfleitt, rétt eins og málfræðilega kynið.⁴⁷

Samkvæmt setningafræðilegu samræmi skal nota endurvísun þegar vísað er í bæði kynin, og er það vegna áðurnefnds ómarkaðs kyns. Ekki ríkir almenn sátt um þessi rök hefðbundinnar málfræði, að kyn sé þannig fyrirsjáanlegt og ráðist fyrst og fremst af formi frekar en merkingu orðanna. Í bókinni *Gender across languages* segja Marlis Hellinger og Hadumod Bußmann að sú togstreita sem lýst er hér að ofan geti aukið félagslegt og merkingarlegt vægi upplýsinga og þar með táknrænt gildi setninga. Þær byggja skoðun sína á því að samsvörun hafi ólík áhrif á karlkyns og kvenkyns nafnorð vegna þeirrar reglu að karlkynið sé venjan (Marlis Hellinger og Hadumod Bußmann 2002:13).

2.3.1 Tálverk

Hér er ekki ætlunin að amast við þeirri staðreynd að tungumál hafi þróað með sér málvísindaleg fyrirbæri sem skilji kvendýr frá karldýrum eða því að málnotendur hafi séð sig tilneydda til þess að sýna kynferðislegan mismun með málfræðilegu kyni. Miklu fremur er vakið máls á tveimur atriðum; í fyrsta lagi að þegar öðru kyni af tveimur var veitt almennt og algilt gildi, varð hitt kynið sérstakt, og óvenjulegt. Í öðru lagi að þegar kvenkynið þróaðist, varð það til út frá karlkyni (eða hvorugkyni), sem Calero segir vera beina skírskotun í ósjálfstæði kvenna á indóevrópskum tímum. Það sem merkti kyn (líffræðilegan veruleika (sp. realidad natural)) táknaði á endanum stöðu (menningarlegan veruleika (sp. realidad cultural)). Vegna þess forms og hlutverks sem málnotendur gáfu málfræðilega kyninu, var konan sett til hliðar og henni gert að hyljast með tungumálinu. Því segir Calero að ómarkaða karlkynið sé beinlínis valdur að ósýnileika konunnar (Calero 1999:91).

María Márquez gengur ekki svo langt að vilja útrýma með öllu mörkun úr tungumálinu, þar eð hún getur komð sér vel við vissar aðstæður. Út frá sjónarhóli málvísindanna jafngildi ómarkaða kynið ekki félagslega ákvörðuðu „kyni“. Að sama skapi feli sá möguleiki karlkynsins að ná yfir alla formdeildina kyn ekki í sér að það leysi kvenkynið af hólmi. Aðeins er gengið út frá því að notkun karlkynsins sé ómarkað

⁴⁷ ...la jerarquía formal y funcional que se introdujo entre las diversas clases de género es una cuestión cultural, resultado y reflejo de la división de los roles sociales entre mujeres y varones que se dio en las comunidades humanas que gestaron ese accidente gramatical, una división que hemos heredado del mismo modo que hemos heredado el género (Calero 1999:90-91).

hugtak, og er hægt að fullyrða að meiri tíðni þess sé merki um þetta einkenni og yfirgripsmikla notkun þess. Vegna þessara fyrirframgefnu staðreynda er þá fyrst hægt að draga menninga- eða mannfræðilegar ályktanir, sem þurfa þó ekki að vera bein afleiðing af þessum málvísindalegu reglum. Að öðru leyti er hagnýtt gildi mörkunar vissulega mikið við aðstæður þar sem ekki þarf að tilgreina kynferði þess sem vísað er í.

- La humanidad → Mannkynið
- La conducta humana → Mannleg hegðun⁴⁸

Þar af leiðandi telur Márquez að ekki sé hægt að takmarka kynjafordóma við notkun mörkunar í sjálfu sér. Engu að síður gildi annað um aðstæður sem eigi sér stað í nútíma vestrænu samfélagi og hún kallar misnotkun ómarkaða karlkynsins (sp. el uso abusivo de masculino genérico). Við þessar aðstæður sé ómarkaða karlkynið notað í tilgreindu samhengi (es. contexto de pertinencia), vísunin er ákveðin, því aðeins sé vísað í karlkyn og þess vegna er það ekki ómarkað. Þessi misnotkun hefur gefið færi á samlíkingu karla við mannkynið og afleiðingin er útilokun kvenna frá merkingarbæru sviði framsetningarinnar (María Márquez 2013:43).

Samkvæmt málfræðinni er aðeins hægt að ákvarða almenna mörkun (sp. genérico, lat. genus) út frá samhengi og þar af leiðandi koma oft upp margræðnar aðstæður. Á sama hátt gefur orðið ‚maður‘ í skyn margræðna framsetningu. Með aðlögun beggja merkinga í eitt orð, þ. e. samsvörun mannkyns við eitt málfræðilegt kyn, er margræðni tvöföldu merkingarinnar haldið við, en þó aðeins á sviði merkingarfræðinnar. Af þessu leiðir að oft er ekki um raunverulega mörkun (sp. genérico real) að ræða heldur miklu heldur tál-mörkun (sp. pseudo-genérico), þar sem í skynjun þeirra sem eiga í samræðum tengist hugtakið ‚maður‘ ekki aðeins ómörkuðu merkingunni ‚mannkyn‘, heldur tiltekinni merkingu orðsins ‚karlmaður‘. Margræðni karlkynsins er andstæðukennd staðreynd vegna hagnýtrar virkni þess á tvöföldu plani (ótiltekið kyn/tiltekið kyn). Í þeim samruna sem gefinn er í skyn með því tiltekna með vísun í það almenna, er að mati Márquez hægt að finna svarið við ósýnileika konunnar í tungumálinu (María Márquez 2013:44). Þannig er enn fremur hægt að skilja nauðsyn þess að tilgreina af nákvæmni hver vísunin er, til dæmis með skástrikum eða tvítekningu

⁴⁸ Mín dæmi.

(sp. desdoblamiento), kvenkynsendingum og hvað þýðingu á íslensku varðar, notkun persónufornafna.

Hér ber að nefna að eingöngu er tenging á milli málfræðilegs kyns og félagslegs kyns þegar um er að ræða tilvísun í lífi gæddar verur (sp. referencia animada), og þá sérstaklega persónulega tilvísun. Hér er því ekki hirt um útúrsnúninga eins og: „Hundurinn og tíkin eru bestir vinur og besta vinkona karlsins og konunnar“.⁴⁹ Enda er mikilvægi nákvæmninnar hvað mest þegar um persónuleg nafnorð er að ræða þar sem manneskjurnar eru þær einu sem eru færar um að nefna og vera nefndar, kynna sig og vera kynntar.

Svo unnt sé að nota kynhlutlausu tilvísun (sp. referencia genérica) þarf að uppfylla eftirtalin atriði:

- a) Að tilgangur með samskiptum málnotenda feli í sér ótilgreinda tilvísun: almenna (í bæði kyn) eða dæmigerða (annað hvort kynið).
- b) Þegar um almenna túlkun eða notkun ómarkaðs karlkyns er að ræða skiptir hagnýtt, félagsmenningarlegt og hugrænt samhengi meginmáli. Fyrir ótilgreinda tilvísun, þ. e. þegar tilgreining kynferðis er óviðkomandi samskiptum, þarf að huga því að í samhengi (sp. extralingüístico) komi fram bæði kyn (bæði kynin eða eitt af þeim) á viðkomandi sviði tilvísunnar.⁵⁰

Til frekari útskýringar má hér nefna dæmi frá Guðrúnu Þórhallsdóttur þar sem hún lýsir hefðbundinni notkun ómarkaða kynsins. Þegar vísað er til tilgreinds hóp af fólki þar sem kynferði er þekkt, er greint á milli karlkyns, kvenkyns og hvorugkyns í bæði eintölu og fleirtölu. Þannig er orðmyndin ‚þeir‘ notuð fyrir Pétur og Pál, orðmyndin ‚þær‘ fyrir Önnu og Maríu og orðmyndin ‚þau‘ notuð fyrir Pétur og Maríu. Hins vegar segir hún annað gilda þegar talað er um ótilgreint fólk, eins og þegar útvarpsþulur talar til hlustenda sinna:

⁴⁹ „[E]l perro y la perra son el mejor amigo y la mejor amiga del hombre y de la mujer“ (María Márquez 2013:126).

⁵⁰

a) En la intencionalidad comunicativa del hablante ha de estar el deseo de hacer una referencia no específica: universal (a ambos sexos) o prototípico (a cualquiera de ellos).
b) Para la interpretación genérica o extensiva del masculino va a ser fundamental el contexto pragmático, sociocultural y cognitivo de los hablantes pues para que se dé cualquier referencia inespecífica, esto es, que en la comunicación el sexo sea considerado como irrelevante, la realidad extralingüística ha de mostrar como posible la aparición de ambos sexos (ambos, o cualquiera de ellos: uno o otro) en el ámbito referencial de que se trate (María Márquez 2013:125)

- Þeir sem hlustuðu á þáttinn í gær heyrðu Kristin Sigmundsson syngja Hamraborgina (Guðrún Þórhallsdóttir 2008:105).

Samanber lið a) hér að ofan er hér um almenna ótilgreinda tilvísun að ræða, þar sem hlustendur eru mjög líklega af báðum kynjum og því eðlilegt, samkvæmt hefðbundnum málfræðireglum, að nota ómarkaða kynið. En þótt gera megi ráð fyrir að í viðkomandi samhengi sé kynferði ekki alls kostar viðeigandi, er með hliðsjón af lið b) engu að síður vert að hafa hagnýtt, hugrænt, félags- og menningarlegt samhengi í huga og vísa þess vegna í bæði kyn:

- Þau sem hlustuðu á þáttinn í gær heyrðu Kvennakórinn Hrynjandi syngja Hjá lygnri móðu.⁵¹

Hér gæti útvarpsþulur tekið siðferðislega ákvörðun um að tala til beggja kynja, þar sem mjög líklegt er að hlustendur séu bæði karlar og konur. Með því væri þulurinn að vísa í félags- og menningarlegan veruleika nútímans þar sem samkvæmt kenningu ríkir jafnrétti allra einstaklinga. Til þess að greina á milli mismunandi notkunar mörkunar nefnir Márquez eftirfarandi atriði:

- ✓ Nafnorð með persónulegri tilvísun/ópersónulegri tilvísun
- ✓ Tilgreint svið/ótilgreint svið
- ✓ Bein orðræða/orðræða með tilvísun
- ✓ Innan orðræðu sem inniheldur tilvísun á ótilgreindu sviði, er hægt að greina almenna tilvísun og dæmigerða tilvísun, sem ekki ber að rugla saman við tilvísun í tilgreindan veruleika, þótt sá sé óþekktur eða óákveðinn.⁵²

⁵¹ Mitt dæmi.
⁵²

- ✓ Sustantivos de referencia personal/referencia no personal
- ✓ Plano específico/plano inespecífico.
- ✓ Discurso directivo/discurso referencial.
- ✓ Dentro del discurso referencial en un plano inespecífico, podemos distinguir una referencia universal y una prototípica, a las cuales conviene no confundir con la referencia a una realidad específica, aunque desconocida o indeterminada (María Márques 2013:125)

Ennfremur má benda á að hér að ofan er notkun orðmyndarinnar ‚útrvarpsþulur‘ í ópersónulegri orðræðu með almennri tilvísun (sp. *discurso referencial*) og því er óþarfi að tilgreina kyn eða bæta við þula. Öðru máli gegnir um aðstæður þar sem hagnýtt og hugrænt samhengi býður upp á möguleikann á vísun í bæði kyn. Ef þetta skilyrði er ekki fyrir hendi, uppfyllir karlkynið ekki ómarkað hlutverk sitt. Dæmi um misnotkun ómarkaðs karlkyns er að finna í titli *Mannréttindayfirlýsingu frönsku byltingarinnar*, því hvorki var tekið tillit til réttinda kvenna né þræla í yfirlýsingunni. Í stað ómarkaða kynsins hefði því verið nærri lagi að nota tilgreinda tilvísun (María Márques 2013:127).

Vegna þess að gengið er út frá því að kynferði hafi áhrif á nafnorð með persónulegri tilvísun sem innihalda málfræðilegt kyn, inniheldur orðræðan kynjafordóma ef ekki er notuð viðeigandi tilvísun í manneskjur. Þeim er mismunað vegna kyns innan ákveðins samhengis þar sem kynferði er mikilvægt eins og í *Mannréttindayfirlýsingu frönsku byltingarinnar*. En mismunun á sér einnig stað þegar kyn er tilgreint við aðstæður þar sem þess konar upplýsingar eru ekki mikilvægar, eða þegar kyn kemur fram í samhengi texta eins og í eftirfarandi dæmi:

- ✓ Álfrún Gunnlaugsdóttir, kvenþýðandi, og Guðbergur Bergsson, þýðandi, eru afkastamestu þýðendur spænskra bókmennta á Íslandi.⁵³

Hér kemur tilvísunin fram með nafngreiningu þýðenda og í samhengi texta og því óþarfi að tilgreina sérstaklega starfheiti með kyni, auk þess sem ómarkaða nafnorðið ‚þýðendur‘ nær yfir bæði karlkyn og kvenkyn. Annað dæmi er titill bókar ástralska heimspekingsins og femínistans Genevieve Lloyd, *The Man of Reason*, „Male“ and „Female“ in *Western Philosophy* (1984). Í bókinni gagnrýnir Lloyd samlíkingu þess karllæga við skynsemina og sýnir fram á að þessi líking sé samofin heimspekilegum hefðum (Lloyd 1989:xi). Hér er um tiltekna tilvísun að ræða sem engu að síður virðist almenn, að því gefnu að ‚man‘ sé ómarkað orð. Í undirtitlinu kemur fram vísbending um að svo sé ekki, heldur er vísað í tiltekið svið heimspekinnar og notkun tilvísunarinnar því bæði kankvís og lýsandi.

Öðru máli gegnir um texta þar sem ómarkaða karlkynið er notað með tiltekinni tilvísun í tilteknu samhengi, eins og í ritum Samfélagssáttmálans (Hobbes, Locke, Rosseau) sem í raun vísar einungis í hvíta, ríka karlmenn.

⁵³ Mitt dæmi.

Þess háttar notkun getur með öllum rétti kallast tálörk, því samkvæmt óumbreytanlegum og gjaldgengum reglum málfræðikerfisins á sú framsetning eða algilda orðræða að koma að gagni til þess að vísa í heild eða bæði „kynin“ sem tegundin samanstendur af, en í öllum þessum ritum voru konur útilokaðar frámerkingunni.⁵⁴

Réttindi borgara til ákvarðanatöku í stjórnámum voru alltaf miðuð við karl, jafnvel þótt samin væru lög í karlkyni sem samkvæmt kenningu átti að vera algilt. Afleiðingarnar eru samkvæmt Márquez orðræða sem eðlisgerir ósýnileika helming tegundarinnar „maður“ og afneitar henni um framsetningu. Á sama tíma varð þessi orðræða til þess að hið tiltekna karllæga var lagt að jöfnu við hið mannlega algilda, svo karlinn varð fyrirmynd og mið allra hluta (María Márquez 2013:128). Hér má spyrja að því hvort sú notkun sem felst tálörkun sé dæmi um tungumál sem enn eigi sér stað „innan eðlishyggjulegs ramma sjálfsmýndarinnar“ (Boris Buden 2006), rétt eins og tálmyndin þjóð?

Sá rökstuðningur sem einkennir spænska umræðu er einnig lýsandi fyrir þá íslensku. Hér á landi eru rökin kölluð tengslarök, þ.e. þegar fólk tengir ákveðnar orðmyndir við annað hvort kynið (Guðrún Þórhallsdóttir 2008:115). Samkvæmt þeim byggjast hugmyndir um hvað sé kynjað mál og hvað sé ókynjað mál í íslensku ekki á íslenskum rannsóknum og því séu tengslarökin ómarktæk. Hér má staldra við og spyrja af hverju íslenskir málnotendur séu svo frábrugðnir málnotendum erlendra „stórþjóða“ (sama), þar sem íslenskan og spænskan eru jú af sama meiði en þó sérstaklega vegna þess að kynhlutleysi er alls ekki séríslenskt fyrirbrigði? Hvað er það sem greinir á milli kynjanotkunar spænsku og íslensku?

2.3.2 Formdeildin kyn í spænsku og íslensku

Spænskt kynjakerfi býður upp á mismunandi túlkanir þegar kemur að skilningi málnotenda. Upphaflega voru kyn spænskunnar greind eftir bæði merkingar- og formfræðilegum grunni nafnorða sem gerði það að verkum að Antonio Nebrija, höfundur fyrstu málfræðibókarinnar á Spáni sem kom út árið 1492, greindi sex ólík kyn spænskrar tungu. (Uwe Kjer Nissen 2003:253) Menjar þessarar flokkunar fyrirfinnast

⁵⁴ A este uso masculino puede llamarse con toda propiedad abusivo, pues contrariamente a los principios sólidamente aceptados por nuestro sistema gramatical, según los cuales tales enunciados o sentencias universales sirven para hacer una referencia global o inclusiva de los dos „géneros“ que constituyen la especie, en todos los casos las mujeres quedaban realmente excuidas de la designación (María Márquez 2013:128).

enn í dag enda aðgreinir Orðabók Spænsku Konunglegu Akademiunnar (DRAE) nafnorð í þrjú flokka: karlkyn (masculino), kvenkyn (femenino) og sameiginlegt kyn (común)⁵⁵. Ástæðan fyrir þessu kann að vera sú að þegar rómönsku málin þróuðust úr latínu hvarf hvorugkynið (María Márquez 2013:37). Engu að síður eimir enn eftir af því, samanber sameiginlega kynið, t.d. með ábendingarfornöfnum í 3. persónu eintölu og fleirtölu, töluorðum, greinum og persónufornöfnum. Að auki nýtist það til þess að benda á huglæg hugtök, til dæmis ,esto‘ (ísl. þetta), ,eso‘ (ísl. þetta (þarna)), ,aquello‘ (ísl. þetta (lengra í burtu)) og ,lo‘ (ísl. það) (Nueva gramática de la lengua española 2009:82).

Enn í dag ákvarðast kyn nafnorða af formfræði- og merkingarfræðilegum forsendum. Kyn huglægra hugtaka og dauðra hluta ákvarðast yfirleitt á formfræðilegum forsendum, og þar af leiðandi eru orð sem enda á –o (libro, ísl. bók diálogo, ísl. samræður) yfirleitt í karlkyni og orð sem enda á –a yfirleitt í kvenkyni (silla, ísl. stóll cara, ísl. andlit) (Margarita Tapia-Arizmendi, Patrizia Romani 2012:72). Hvað viðvíkur kyni orða yfir lífi gæddar verur eru forsendurnar bæði af merkingar- og formfræðilegum toga. Þannig er aðgreining líffræðilegra kynja mikilvæg því kynjunum tilheyra viðeigandi endingar.

- a) Karlkynsendingar: -o, -ario, -ero, -sor, -dor, -ón, -án, -ín, -és
- b) Kvenkynsendingar: -a, -aria, -era, -sora, -dora, -ona, -ana, -ina, -esa.

(Margarita Tapia-Arizmendi, Patrizia Romani 2012:73)

Þó er þessi merkingarfræðilega afmörkun ekki lengur til staðar í spænsku og finna má kvenkyns orð yfir karlkyns verur eins og ,su santidad‘ (ísl. yðar heilagleiki), og karlkyns orð yfir kvenkyns verur, eins og ,marimacho‘ (ísl. bredda). Eins má finna samkynja nafnorð (sp. epíceno) eins og orðin ,persona‘ og ,personaje‘ (Nueva gramática de la lengua española 2009:83). Að auki þrjúta formfræðilegar forsendur í orðum sem hafa aðrar endingar en þær sem nefndar voru að ofan hvort sem um er að ræða dauða hluti eða lífi gæddar verur. Er þá einungis unnt að greina kyn út frá þeim orðum sem standa með nafnorði (greini, lýsingarorði, fornöfnum) ,el elefante‘ (ísl. fillinn), ,la vertiente‘ (ísl. uppsprettan). Takmörk formfræðinnar í greiningu kynja sjást einnig í þeim orðum sem hafa sameiginlegt kyn (común). Eingöngu er hægt að greina kyn þeirra út frá þeim

⁵⁵ Flokkun málfræðilegra kynja er á reiki. Nánari lýsingu á mismunandi flokkunum er hægt að lesa hjá Márquez 2013 og Nissen 2002.

orðum sem þau standa með, eins og ‚el poeta‘ (ísl. skáldið) og ‚la poeta‘, þó einnig sé hægt að segja ‚la poetisa‘ (ísl. skáldkonan).

Því má segja að í spænska kynjakerfinu hafi merkingarfræðilegar forsendur mikið vægi í orðum sem tákna lífi gæddar verur eða ‚[m]eð öðrum orðum, í spænskunni er kynferði hvorki tjáð einungis með tilteknu málfræðilegu kyni né einungis með tiltekinni endingu“ (Margarita Tapia-Arizmendi, Patrizia Romani 2012:74).

Í íslensku er kyn orðasafnsþáttur í nafnorðum og þarf að læra það sérstaklega. Kynin eru þrjú, karlkyn, kvenkyn og hvorugkyn, og segir Eiríkur Rögnvaldsson að líklega megi líta á hvorugkyn sem ómarkað því það kemur einnig fram í samblöndun kynjanna, „hann + hún er hvorki þeir né þær, heldur þau“ (2005:53). Til þess að greina kyn nafnorða í sundur er oftast en ekki stuðst við formfræðilegar forsendur eins og nefnifall eintölu þótt einnig megi ákvarða kyn eftir orðmyndunarhljóðkerfislegum þáttum⁵⁶ eins og karlkynsorðið ‚börkur‘ gefur til kynna, kvenkynsorðið ‚nægð‘ og hvorugkynsorðið ‚bak‘. En eins og áður sagði þarf að læra sérstaklega kyn margra nafnorða því ómögulegt er að gefa álíka viðunandi reglur um greiningu þeirra. Dæmi um þessi orð eru kvenkynsorðin ‚lifur‘, ‚skúr‘ og ‚heiði‘, hvorugkynsorðin ‚klifur‘, ‚búr‘ og ‚seiði‘ og karlkynsorðin ‚bifur‘, ‚dúr‘ og ‚leiði‘. Jón Axel bendir á að „þetta ástand hefur í för með sé að kyn margra nafnorða er á reiki“ (2001:260) þó kyn sé hér formlegur þáttur vegna þeirra beygingaþátta sem einkenna það og vegna ólíkrar samsvörunar lýsingarorða og fornafna (Sama).

Hér hefur þeim formfræðilegu þáttum sem ákvarða kyn verið lýst, en einnig er að finna í íslensku orð sem ákvarðast af merkingarlegum ástæðum og á það við merkingarflokka sem tengjast lífi gæddum verum. Dæmi um þau eru mannanöfn (Ólafur, Ólöf, Erla, Sturla), dýranöfn (api, apynja, hæna, hani) og frændsemissorð (móðir, faðir, frænka, frændi) (Jón Axel Harðarson 2001:257). Það má vera að það sé af þessum sökum sem „okkur hættir til að tengja málfræðilegt kyn við merkingarlegt“ eins og Eiríkur orðar það (2005:54) en oft ákvarðast kyn af merkingunni einni enda bendir hann á að hafa hugfast að

þótt no. sem eru sagnfyllingar þurfi að samræmast frumlaginu í tölu, rétt eins og lo., þurfa þau ekki að samræmast í kyni, þótt lo. þurfi þess; Forsetinn er kona eða Hún er forseti eru réttar setningar, þótt ósamræmi sé milli kyns frumlags og sagnfyllingar (Sama).

⁵⁶ Hér er átt við samspil orðhlutafræði og hljóðkerfisfræði (Jón Axel Harðarson 2001:258).

Eiríkur greinir á milli félagslegs og málfræðilegs kynjamisréttis en eins og áður hefur komið fram er aðgreiningin á milli tungumáls og veruleika ekki tekin gild heldur er gengið út frá því að á milli hugsunar, menningar og tungumáls sé gagnvirkt samband. Þannig kemur notkun orðanna ‚hetja‘ og ‚skáld‘ upp um karllægni tungumálsins en eins og bæði Jón Axel og Eiríkur benda á vakna spurningar hvað þau varðar (Jón Axel Harðarson 2001:260, Eiríkur Rögnvaldsson 2005:54). Sá fyrrnefndi segir merkingarlega afmörkun ekki vera hér til staðar því kyn nafnorða geti verið „alltilviljunarkennt“ (Jón Axel Harðarson 2001:260), og þessi orð er vissulega hægt að nota jafnt um konur sem karla. En þegar þau eru notuð um konur er kynmörkun þeirra ekki nægilega skýr og því er gripið til orðanna ‚kvenhetja‘ og ‚skáldkona‘ þegar vísað er til kvenna (Jón Axel Harðarson 2001:260). Eiríkur vekur einnig máls á þessari mótsögn:

Orð eins og skáld er hk., sem sést þegar það fær greini, skáldið; samt hefur þótt ástæða til að búa til orðið skáldkona, en enginn finnur neina þörf fyrir skáldmaður eða karlskáld. Enn athyglisverðara dæmi er hetja; það orð er kvenkyns, en samt sem áður hefur þótt ástæða til að búa til samsetninguna kvenhetja þegar orðið vísar til konu! (Eiríkur Rögnvaldsson 2005:54).

Sú staðreynd að sjaldan er talað um karlskáld eða skáldkarl rennir stoðum undir það að í íslensku séu tengsl milli málfræðilegs og líffræðilegs kyns (Anna Gunnarsdóttir Grönberg 2002:174)⁵⁷, enda er hér um nafnorð að ræða sem tákna lífi gæddar verur. Engu að síður er fast haldið í þá skoðun að formlegir þættir ráði kyni nafnorða, og að dæmi um annað séu einfaldlega frávík. Þessi frávík stjórnast þá af setningarfræðilegri samsvörun sem virðist vera á undanhaldi, samanber rannsóknir þær er vísað var í í upphafi þessa síðari hluta ritgerðarinnar.

Af þessu má ráða að reginmunur kynjanotkunar þeirra tungumála sem hér eru til umfjöllunar felst í notkun íslenska hvorugkynsins. Í því felist möguleikar sem gætu komið unnendum ómarkaðs kyn til góða, þar sem hægt er að vísa í bæði kynin í einu, rétt eins og í dæminu af útvarpsþulnum í kaflanum hér á undan. Í spænsku eru jafnframt áhrif merkingarfræðilegra þátta almennt viðurkennd og telst kyn nafnorða ráðast af bæði formfræðilegum og merkingarfræðilegum þáttum. Spænsk starfsheiti eru gott dæmi um þetta en kyn þeirra er yfirleitt látið í ljós með endingum eða greini: ‚la juez(a)‘ (ísl.

⁵⁷ Því má bæta við að sú hvöt að bæta forliðnum kven- við hvorugkynsorðið ‚skáld‘ en ekki forliðnum karl-, geti verið merki um tálverk þau er María Márquez talar um en þá þarf að skoða notkun orðsins í því samhengi sem það birtist í.

dómarinn (kvk.)), ‚la médica‘ (ísl. lækurinn (kvk.)) ‚la presidenta‘ (ísl. forsetinn (kvk.)). Hér vandast málið hvað varðar íslensk starfsheiti en þar sem tungumálin eiga það sameiginlegt að kyn orða sem tákna lífi gæddar verur ákvarðast af merkingarlegum ástæðum er ekkert því til fyrirstöðu að gefa viðkomandi kyn til kynna með persónufornafni.

Lokaorð

Það kemur ekki á óvart að þeir fræðimenn er skrifað hafa um kynjafordóma tungumálsins, og vandamál þar að lútandi sem snúa að þýðendum, eru flestir konur. Þessar konur hafa fundið hjá sér þörf til þess að benda á vankanta tungumálsins og hvernig það endurspeglar ekki þann raunveruleika sem þær þekkja heldur endurrómar aldagamlar venjur. Þýðing endurspeglar það tímabil, menningu og samfélag sem hún kemur úr. Almenn sátt ríkir um að í „þýðingu felst ekki að segja *það sama*, heldur *hér um bil það sama*“ (Carmen África Vidal Claramonte 2009:41) vegna hins menningarlega mismunar. Þýðing er ekki lengur aðeins málvísindaleg aðgerð heldur einnig menningarleg málamiðlun því gert er ráð fyrir gagnvirkum tengslum tungumáls og menningar. Á sama hátt er málum miðlað á milli kynferðislega mismunandi einstaklinga og þess vegna er þróun tungumáls sem gerir kynjunum jafn hátt undir höfði forsenda kynjajafnréttis. Hér má benda á að mikilvægi staðsetningar sjálfsmýndarinnar er í samræmi við mikilvægi tilvísunar og þar sem táknið ákvarðast af staðsetningu hennar er hæpið að ætla að það sé tilfallandi. Miklu nær væri að spyrja hvort þróun karllægs tungumáls sé háð tilviljunum. Í ljósi umræðunnar um gildi orðræðunnar bendir fátt til þess, heldur er málþróun fyrri alda í beinu sambandi við siðferðislegar ákvarðanir ráðandi hópa. Má leiða líkum að því að þýðingar séu nauðsynlegar á milli tveggja hugsunarháttanna, þess gamla sem heldur fast í viðteknar venjur tungumálsins, og þess nýja sem vill leita leiða til þess að auka túlkunarmöguleika einstaklinga, í samræmi við nýja tíma. Hér ætti ákvörðunarréttur einstaklingsins að veita þungt. Í þessu tilliti ber að fagna því sem Guðrún Kvaran leggur til, að vísað sé í líffræðilegt kyn einstaklinga fremur en það málfræðilega, þegar samhengi bendir til þess að viðkomandi sé kona:

Bréfritari skrifar... Hún segir... (Guðrún Kvaran 2005:202)

Með því að sleppa samsvöruninni er unnt að tjá kynferðislega mismuninn sem er ekki til staðar í hefðbundnu máli. Að sama skapi getur þýðandi spænskra texta yfir á íslensku tekið þá siðferðislegu ákvörðun að leita annarra leiða, gagngert til þess að auka sýnileika kvenna. Hægt er að nota önnur orð eins og hér að neðan, eða notast við kvenkyns persónufornöfn þegar samhengi bendir til þess að um konu sé að ræða eins og sýnt er í dæmi 2:

Dæmi 1: El hombre de la razón → Skynsemisveran, í stað þess að nota ‚maður skynseminnar‘.

Dæmi 2: La presidenta Cristina Kirchner tiene un estilo marcado. Hábil oradora, durante sus discursos suele lanzar frases inesperadas, cargadas de humor e ironía (Pecoraro 2014).

→ Forsetinn, Cristina Kirchner, hefur sérstakan stíl. Sem reyndur ræðumaður dengir hún fram ófyrirséðum frösum, með hómor og háð að vopni (mín þýðing).

Í seinna dæminu er augljóst að forsetinn sem á í hlut er kvenkyns, því hún er nefnd á nafn. Mikilvægi persónufornafnsins felst í því að ósamræmið á milli orðsins ‚ræðumaður‘ og persónufornafnsins ‚hún‘ gefur til kynna kynferðislegan mismun. Skýr framsetning mismunarins getur aukið meðvitund um stöðu fólks og hversu skilyrt við erum af tungumálinu.

Á þessu síðum hefur undirrituð reynt að komast til botns í því hvort og hvernig tungumálið endurspeglir kynjafordóma. Framan af virtist þetta vera herferð gegn ómarkaða kyninu en má segja að tálörkin hafi gert þá ferð að engu. Nú fer orðmyndin maður undirritaðri eilítið betur í munn. En það sem helst ber af er sú staðreynd að erfitt reyndist að finna dæmi um tálörk úr nútímanum. Í Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna er til dæmis notað ómarkað kyn en allri margræðni er eytt í inngangi þar sem tekið er fram að skjalið fjalli um „trú á grundvallarmannréttindi, göfgi og gildi mannsins og jafnrétti kvenna og karla” (Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna). Það er fagnaðarefni fyrir næstu kynslóðir. Engu að síður virðist sú þráleitni langlíf að bendla kvenkyn við frávik og skirrast við að vísa beint í konur eins og sýnt var hér að ofan. Þessi þráleitni gefur til kynna tryggð við vísindalegar athuganir nútímans, því vísað er í mörg þúsund ára heimildir málinu til stuðnings, í stað þess að gefa gaum að stöðu og margbreytilegum röddum einstaklinga í dag.

Heimildaskrá

- Anna Helgadóttir. „Notkun málfræðilegra kynja í máli ungs fólks
Rannsókn á kynjanotkun í íslensku máli“. MA ritgerð. Háskóli Íslands, 2011.
- Arrojo, Rosemary. „Feminist „orgasmic“ theories of translation and their
contradictions“. *Tradterm 2* (1995):67 -75.
- Ágústa Þorbergsdóttir. „Er biblíumál karlamál?“. *Ritröð Guðfræðistofnunar* 16 (2002):
83-112.
- Bassnett, Susan og Lefevere, André. *Constructing cultures, Essays on cultural
translation*. Clevedon: Multilingual Matters, 1998.
- Björn Þorsteinsson. „Messías á Íslandi: Inngangur að þema“. *Hugur* 17 (2005):108-117.
- „Hver var Jacques Derrida og hvert var framlag hans til heimspekinnar?“.
Vísindavefurinn, 23.11.2011. Skoðað 17.2 2014. <<http://visindavefur.is/?id=61310>>.
- Bhabha, Homi K. *The location of culture*. London, New York: Routledge, 2004.
- „Tvístrun þjóðarinnar“. Þýtt af Steinunni Haraldsdóttur. *Ritið* 5 (2005):177-120.
- Braidotti, Rosi. *Nomadic subjects. Embodiment and sexual difference in contemporary
feminist theory*. New York: Columbia University Press, 1994.
- „Becoming Woman: or sexual difference revisited“. *Theory, Culture & Society* 20 (3)
(2003):43-64.
- Brufau Alvira, Nuria. „Traducción y género: propuestas para nuevas éticas de la
traducción en la era del feminismo transnacional“. Doktorsritgerð. Universidad de
Salamanca, 2009.
- „Traducción y género: el estado de la cuestión en España“. *MonTI. Monografías de
Traducción e Interpretación*. 3 (2011):181-207.
- Las teorías feministas de la traducción a examen: destilaciones para el siglo XXI.*,
Granada:Editorial Comares, 2012.
- Buden, Boris. „Cultural Translation: Why it is important and where to start with it“.
European Institute for progressive cultural politics, 6 2006. Skoðað 28.4. 2014.
<<http://translate.eipcp.net/transversal/0606/buden/en#redir#redir#redir>>.
- Butler, Judith. *Gender Trouble*. London/New York:Routledge Classics, 1990.
- Bodies that Matter: On the Discursive Limits of Sex.* UK:Routledge, 1993
- Chattopadhyay, Arka. „Jacques Derrida and the paradox of translation“. University of
Calcutta, 2 2010.

- Chamberlain, Lori. „Gender and the metaphors of translation”. *Signs* 13(3) Chicago: University of Chicago press. (1988):454-472.
- Corbett, Greville G. *Gender*. Cambridge: Cambridge University Press, 1991.
- Crenshaw, Kimberly. „Mapping the Margins, Intersectionality, Identity Politics, and Violence Against Women of Color“. *Stanford Law Review* 43 (1991):1241-1299.
- Dagný Kristjánsdóttir. „Ástin og listin gegn þunglyndinu“, formáli að *Svört sól*. Eftir Juliu Kristeva. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnu HÍ, 2008. 13-45.
- Daly, Mary. *Gyn/ecology, the metaethics of radical feminism*. Boston: Beacon Press, 1978.
- Davíð Kristinsson og Hjörleifur Finnsson. „Nietzsche sem heimspekingur mismunarins í túlkun Deleuze“. *Heimspeki verðandinnar* 7 (2002):91-101.
- Deleuze, Gilles og Guattari, Felix. „Rísóm“. Hjörleifur Finnsson þýddi. *Heimspeki verðandinnar*. (2002):12-58.
- Derrida, Jacques. *Sporar. Stílar Nietzchhes*. Garðar Baldvinsson þýddi. Reykjavík: Bókmenntastofnun Háskóla Íslands, 2003.
- *Margins of philosophy*. Þýtt af Alan Bass. Chicago: University of Chicago, 1982
- *The ear of the other: Otobiography, Transference, Translation*. Paggy Kamuf þýddi. Christie V. McDonal ritstýrði. New York: Schocken Books, 1985.
- *Positions*. „Semiology and Grammatology, Interview with Julia Kristeva“. 1981. Þýtt af Alan Bass. Chicago Press.
- „Letter to a Japanese friend“. Þýtt af Wood, David & Benjamin, Andrew. IL: Northwestern University Press, 1988.
- „Um turna Babel“. Jóna Dóra Óskarsdóttir þýddi. *Ritið* 3 sérít (2006):183-218.
- Donovan, Sarah K. „Irigaray Luce“. *Internet Encyclopedia of Philosophy*. Skoðað 3.3. 2014. <<http://www.iep.utm.edu/irigaray/#SH4d>>.
- Echols, Alice. „Cultural Feminism: Feminist Capitalism and the Anti-Pornography“. *Social Text* 7 (1983): 34-53.
- Eiríkur Rögnvaldsson. *Íslensk orðhlutafræði, Kennslukver handa nemendum á háskólastigi*. Reykjavík: Málvísindastofnun, 1990.
- Ertel, Emmanuelle. „Derrida on Translation and his (Mis)reception in America“. *Revue Trahir*, 9 2011. Skoðað 6.1.2014. <<http://www.revetrahir.net/2011-2/trahir-ertel-derrida.pdf>>.

- Fábregas, Antonio; Chéliz Horno, Carmen; Gumiel Molina, Silvia; Martí, Luisa. „Acerca de la discriminación de la mujer y de los lingüistas en la sociedad: manifiesto de apoyo a D. Ignacio Bosque“. 2012. Skoðað 12.11.2013. <<http://manifiestolinguistica.weebly.com/>>.
- Foucault, Michel. „Hvað er höfundur?“. Björn Þorsteinsson, Garðar Baldvinsson og Sigurður Ingólfsson þýddu. *Alsæi, vald og þekking*. (2005):69-94.
- Flotow, Luise von. *Translation and gender. Translating in the era of feminism*. UK: St. Jerome Publishing, 1997.
- Gauti Kristmannsson. „Tekist á um tungurnar“. *Ritið* 3 (2004):167.
- . „Þegar hagrætt er í menningunni“. Inngangur að *Þýðing, endurritun og hagræðing bókmenntaarfsins*. Reykjavík: Þýðingasetur Háskóla Íslands, 2013.
- Geir Svansson. Formáli að *Heimspeki verðandinnar*. Reykjavík: Reykjavíkur Akadémían, 2002. 7-11.
- Gentzler, Edwin. *Contemporary translation Theories*. London: Routledge, 2001.
- „Género“. Diccionario de la lengua Española. 2014. (Skoðað 3.7.2014).
- Godard, Barbara. „Theorizing Feminist Discourse / Translation“. *Tessera* 6 (1989):42-53.
- Godayol, Pilar. „Metaphors, gender and language: from les belles infidèles to la frontera“. *SE Serial* 7 (1) (2013):98-116.
- Guðrún Kvaran. „Nýrri bibliuþýðingu lokið, verklag og vinnubrögð“. *Glíman Óháð tímarit um guðfræði og samfélag* 5 (2008):9-59.
- . *Íslensk Tunga. Orð*. II. Bindi. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2005.
- Guðrún Þórhallsdóttir. „Karlkyn eða hvorugkyn, íslensk málhefð, femínísk málstýring og verkefni þýðinganevndar“. *Glíman Óháð tímarit um guðfræði og samfélag* 5(2008):103-34.
- „Hag“. Ensk-íslensk Orðabók. Reykjavík: JPV, 2006.
- Irma Erlingsdóttir. „Ó-orðið milli bókmennta og heimspeki : Jacques Derrida, Hélène Cixous og „verðandi“ réttlæti“. *Ritið* 3 (2010):55-72.
- Jakobson, Roman. „Um málvísindalegar hliðar þýðinga“. María Sæmundsdóttir þýddi. *Ritið* 4(3) (2010):173-180.
- Jón Gunnar Þorsteinsson. „Hvað er strúktúralismi?“. *Vísindavefurinn*, 20.4.2004. Skoðað 2.7.2014. <<http://visindavefur.is/?id=4158>>.

- Kilarski, Marcin. „On grammatical gender as an arbitrary and redundant category“. Í *History of Linguistics*. Ritstýrt af Kibbee, Douglas A. Illinois: Urbana-Champaign, 2007. 24–36.
- Lakoff, Robin. *Language and Woman's Place, Text and commentaries*. Ritstýrt af Mary Bucholtz New York: Oxford University Press, 2004.
- Lefever, André. *Þýðingar, endurritun og hagræðing bókmenntaarfsins*. Þýtt af Maríu Vigdísí Kristjánsdóttur. Reykjavík: Þýðingasetur Háskóla Íslands, 2013.
- Lloyd, Genevieve. *The Man of Reason, „Male“ and „Female“ in Western Philosophy*. Minneapolis: University of Minnesota Press, 1989.
- Lotbinière-Harwood, Susanne de. *The Body Bilingual, Translation as a rewriting in the feminine*. Canada: Women's Press, 1991.
- „Mannréttindayfirlýsing sameinuðu þjóðanna“. Mannréttindaskrifstofa Íslands, 10.12.1948. Skoðað 22.8.2014.
<<http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/helstu-samningar/sameinudu-thjodirnar/mannrettindayfirlysing-sth/>>.
- Márquez, María. *Género gramatical y discurso sexista*. Madrid: Editorial Síntesis, 2013.
- Martín Ruano, M. Rosario. „Gramática, ideología y traducción. Problemas de la transferencia asociados al género gramatical“. Í *Gramática española : enseñanza e investigación*. Ritstýrt af Pilar Elena og Josse de Kock. Salamanca: Ediciones Universidad Salamanca, 1990. 205-238.
- Meseguer, Álvaro García. „¿Es sexista la lengua española?“. *Consejo Superior de Investigaciones Científicas* 2(3) (2001):20-34.
- Molina Martínez, Lucía. *El otoño del pingüino: Análisis descriptivo de la traducción de los culturemas*. España: Universitat Jaume I, 2006.
- Moreno Cabrera, Juan Carlos. „Acerca de la discriminación de la mujer y de los lingüistas en la sociedad, Reflexiones críticas“. 2012. Skoðað 12.11.2013.
<<http://f.hypotheses.org/wp-content/blogs.dir/598/files/2013/03/MORENOSEXISMO.pdf>>.
- Moya, Virgilio. *La selva de la Traducción. Teorías Traductológicas Contemporáneas*, Madrid: Cátedra, 2004.
- Nanna Hlín Halldórsdóttir. „Hver er Judith Butler og hvert er hennar framlag til fræðanna?“. Vísindavefurinn, 23.9.2013. Skoðað 12.6.2014.
<<http://visindavefur.is/?id=65469>>.
- Nissen, Uwe Kjer. „Gender in Spanish“. *Gender across languages, the linguistic representations of women and men*. Ritstýrt af Hellinger, Marlis y Busmann, Hadumod. Amsterdam: John Benjamins Publishing Company, 2003. 252-279.

- , „Aspects of translating gender“. *Linguistik-online*. University of Southern Denmark, 11 2002. Skoðað 12.2. 2014. <http://www.linguistik-online.de/11_02/nissen.html>.
- Pecoraro, Natalia. „Con sello CFK, todos los detalles de la presentación de la Presidenta ante la Asamblea Legislativa“. *La Nación* 1.3. 2014. Skoðað 22.8. 2014. <<http://www.lanacion.com.ar/1668548-frases-imperdibles-discurso-cristina-kirchner-perlitas-detalles>>.
- Rich, Adrienne. „The Burning of Papers Instead of Children“. Swarthmore College, 1999. Skoðað 13.3. 2014. <<http://www.sccs.swarthmore.edu/users/99/jrieffel/poetry/rich/children.html>>.
- San Vicente, Félix og Calero Vaquera, María Luisa. *Discurso de género y didáctica*. Córdoba: Servicio de Publicaciones de la Universidad de Córdoba, 2012.
- Saussure, de Ferdinand. *Course in General Linguistics*. Wade Baskin þýddi úr frönsku. London: Peter Owen, 1962.
- Selma Gunnardóttir. „Málfræðilegt kyn í móðurmálskenndu“. MA ritgerð. Háskóli Íslands, 2009.
- Sigríður Þorgeirsdóttir. *Kvenna megin: ritgerðir um femíníska heimspeki*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2001.
- , „Hverjar eru hugmyndir Platons um eðli og hlutverk karla og kvenna?“. *Visindavefurinn*, 20.12.2002. Skoðað 28.1.2014. <<http://visindavefur.is/?id=2974>>.
- Simon, Sherry. *Gender in translation. Cultural Identity and the politics of transmission*. London: Routledge, 1996.
- Snell-Hornby, Mary. *The Turns of Translation Studies*. Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins Publishing Company, 2006.
- Spender, Dale. *Man Made Language*. London, Boston, Melbourne and Henley: Routledge & Kegan Paul, 1985.
- Spivak, Gayatri Chakravorty. „More thought on cultural translation“. *European Institute for Progressive Cultural Politics*, 2008. Skoðað 14.4. 2014. <<http://eipcp.net/transversal/0608/spivak/en>>.
- , „The Politics of Translation“. Í *The Translation Studies Reader*. Ritstýrt af Lawrence Venuti. UK: Routledge, 2004. 369-388.
- , „Can the subaltern speak?“. *Scribd*. 18.7 2009. Skoðað 12.4 2014. <<http://www.scribd.com/doc/17459642/Spivak-Can-the-Subaltern-Speak-1>>.
- , „Subaltern Studies: Deconstructing Historiography“. *In other worlds, Essays in Cultural Politics*. UK: Psychology Press, 1988. 197-221.

- Steiner, George. *After Babel*. UK: Oxford Press, 1992.
- Wolff, Kristina. „Strategic essentialism“. *Blackwellreference Online*. 2007. Skoðað 6.5 2014.
<http://www.blackwellreference.com/public/tocnode?id=g9781405124331_yr2010_chunk_g978140512433125_ss1-268>.
- Tapia-Arizmendi, Margarita & Romani, Patrizia. „Language and gender in academic documents“. *Convergencia* 19 (59) 2012:69-86
- Tymoczko, Maria. „Ideology and the Position of the Translator“. *Apropos of Ideology. Translation Studies on ideology-ideologies in translation studies*. Ritstýrt af Maríu Calzada Pérez. UK: St. Jerome, 2003.181-201.
- Ólafur Rastrick. „Tvístrun þjóðar, tími, frásögn og jaðar nútímaþjóðarinnar“. *Ritið* (2005):177-179
- „Guía de lenguaje no-sexista“. Universidad de Granada. 2010. Skoðað 12.8. 2014.
< <http://www.ugr.es/pages/media/guiadelenguajenosexista> >.
- Venuti, Lawrence. *The Scandals of translation*. UK: Routledge, 1998.
--- *The Translator's Invisibility*. UK: Routledge, 1985.
- Villanueva Jordán, Iván. „El feminismo y la Deconstrucción en la traducción“. *Humanidades y lenguas modernas* 13 (2010):85-94.
- Whitford, Margaret. *The Irigaray Reader*. UK: Basil Blackwell, 1991.
- Þorgerður Einarsdóttir. „Hið vísindalega er pólitískt“ – Femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga. *Íslensk félagsfræði – Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*. Ritstjórar: Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004. 200-221.